# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

84. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 8. APRÍL 2017




## Samúðarkveðja

Sorg ríkir í Svíþjóð eftir árás í Stokkhólmi. Stefan Löfven forsætisráðherra lagði blómvönd á árásarstaðinn í gærkvöldi. →4-6

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



### Saga Sambandsins

Feitustu bitarnir úr SÍS eru aftur á forsíðum blaðanna. →30



### Í kröppum dansi

Bjarni Jónasson um sigrana, sorgina og þegar hann féll í ónáð. →26



### Hlýleiki á heimilið

Arna Þorleifsdóttir gefur góð ráð. →34

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Norðan strekkingur eða hvassviðri og él um landið norðanvert, en styttir smám saman upp sunnanlands. Kólnandi veður. SJÁ SÍÐU 58

## Bjarni fagnaði Engeynni




Engey RE 91, nýr ísfisktogari HB Granda, kom til heimahafnar í Reykjavík í gær. Engey kom til landsins 25. janúar að lokinni 15 sólarhringa siglingu frá Celiktrans-skipasmíðastöðinni í Istanbúl í Tyrklandi þar sem skipið var smíðað. Margmenni tók á móti skipinu en meðal þeirra sem héldu tölu var Bjarni Benediktsson forsætisráðherra. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sjávarútvegsráðherra gaf skipinu formlega nafn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Malín og Hlín fengu 12 mánuði

**DÓMSMÁL** Systurnar Hlín Einarsdóttir og Malín Brand voru í gær dæmdar í tólf mánaða fangelsi fyrir tilraun til að kúga fé af Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, fyrrverandi forsætisráðherra, og fullframda fjárkúgun gegn Helga Jean Claessen. Níu mánuðir refsingarinnar eru bundnir skilorði til tveggja ára.

Systurnar reyndu að kúga fé af Sigmundi með því að senda honum bréf og hóta því að leka upplýsingum í fjölmiðla sem áttu að sýna afskipti Sigmundar af fjármálum Vefpressunnar ef hann afhenti þeim ekki 7,5 milljónir.

Í dómnum kom fram að Malín hefði talið hugmyndina galna. Hún hefði hins vegar ekki gert neitt til að telja systur sína af hugmyndinni heldur tekið fullan þátt í brotinu.

Hinar sakfelldu hafa ekki tekið ákvörðun um hvort þær muni áfrýja dómnum. **– jóe**

## Hrefnukvótinn verður minni

**NOREGUR** Norðmenn hafa ákveðið að draga úr hrefnukvóta sínum fyrir komandi veiðitímabil. Leyfilegt verður að veiða í mesta lagi 999 hrefnur í stað 1.286 dýra í fyrra.

Kvótinn hefur verið fastur í 1.286 dýrum undanfarin sex ár en ekki verið fullnýttur. Undanfarin sjö ár hafa 577 hrefnur verið veiddar að meðaltali. Hámarki var náð árið 2014 þegar 736 dýr voru skotin.

Hvalveiðar í atvinnuskyni hafa verið bannaðar frá 1986 en Noregur og Ísland eru einu þjóðirnar sem halda slíkum veiðum áfram. **– jóe**

**226**

dýr er hrefnuveiðikvóti Íslendinga árin 2016-2018.

## Frjósemi fer enn minnkandi

**SAMFÉLAG** Frjósemi Íslendinga var minni en nokkru sinni fyrr árið 2016. Samkvæmt upplýsingum sem Hagstofan hefur gefið út fæddust 4.034 börn á Íslandi í fyrra sem er fækkun frá árinu 2015. 2.042 drengir fæddust í fyrra en 1.992 stúlkur.

Til að mæla frjósemi er fjölda lifandi fæddra barna deilt á ævi hverrar konu. Í fyrra var frjósemi 1,75 börn á ævi hverrar konu og hefur hún aldrei farið lægra frá upphafi mælinga árið 1853. Almennt er miðað við að frjósemi þurfi að vera 2,1 barn til að viðhalda mannfjölda.

Meðalaldur mæðra hefur einnig hækkað og eignast konur fyrsta barn síðar nú en áður. Meðalaldur frumbyrja árið 2016 var 27,7 ár og hefur hækkað jafnt og þétt frá níunda áratug síðustu aldar þegar meðalaldur frumbyrja var undir 22 árum.

**– jóe**

# Upp úr sauð eftir útgáfu Fréttatímans

**Svikin loforð um launagreiðslur urðu til þess að upp úr sauð á skrifstofu Fréttatímans þegar blaðið hafði verið sent í prentun. Starfsmenn vita lítið um hvert framhaldið verður.**

**FJÖLMIÐLAR** Til átaka kom á ritstjórnarskrifstofu Fréttatímans eftir að blaðið var sent í prentun á fimmtudag. Starfsmaður sem hafði ekki fengið greidd laun fyrir marsmánuð og taldi sig hafa fengið loforð frá framkvæmdastjóra blaðsins, Valdimari Birgissyni, um að fá laun sín greidd í lok dags áttaði sig á því að framkvæmdastjórinn hafði sagt ósatt.

Loforðið um launin reyndist innihaldslaust og þegar starfsmaðurinn áttaði sig á því að þau kæmu ekki sauð upp úr á gólfi Fréttatímans. Þeir starfsmenn fréttatímans sem Fréttablaðið ræddi við segja með ólíkindum að starfsmaðurinn hafi náð að halda ró sinni í þessum aðstæðum. Starfsmaðurinn sé fyrirvinna fjölskyldunnar og geti ekki greitt húsaleigu eða gefið fjölskyldu sinni að borða.

„Örvænting þeirra sem ekki hafa fengið borgað minnkar ekki þó að blaðið hafi farið í prentun. Það verður einhver að horfast í augu við það fólk strax, því það er ekki hægt að bíða,“ segir Þóra Tómasdóttir, ritstjóri Fréttatímans. Þóra vildi að öðru leyti ekki tjá sig um stöðu blaðsins enda vissi hún ekki hver framtíðin yrði. Hún vonaðist til að það myndi þó halda áfram.

Starfsmenn Fréttatímans segja að Þóra hafi staðið sem klettur með




Við skrifstofu Fréttatímans standa nú tómir blaðastandar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

starfsfólki sínu en hún var milliliður á milli stjórnenda og starfsfólksins. Eftir að blaðið var sent í prentsmiðjuna gekk starfsfólkið frá og hélt í miðborgina þar sem það borðaði saman. Þau mættu ekki í vinnu í gær og vita lítið um framhaldið.

Gunnar Smári sendi starfsmönnum blaðsins bréf í gærmorgun þar sem kom fram að svör myndu fást um framtíð blaðsins um helgina. Þeir starfsmenn sem Fréttablaðið ræddi við voru ekki bjartsýnir á framhaldið.

Enginn hefur þó fengið uppsagnarbréf.

Ekki hefur náðst í Gunnar Smára en hann sagði á Facebook-síðu sinni að stærstu lánardrottnar félagsins hefðu viljað freista þess að treysta áframhaldandi rekstur blaðsins og óskuðu eftir að hann léti af störfum. „Ég gat því ekki greint starfsfólkinu frá stöðu fyrirtækisins. Ég hafði enga stöðu til þess, þekkti ekki atburðarásina og kunni engin svör,“ segir hann ennfremur.

**benedikt**
**boas@365.is**



Gunnar Smári Egilsson







**Einnig fylgja 40.000 Vildarpunktar Icelandair með öllum Auris út apríl.**

## NÚ ER LAG AÐ STÖKKVA Á AURIS

Við blásum í lúðra í tilefni af því að hinn sparneytni Auris er á sérstöku tilboðsverði í apríl. Jafnframt fylgja **fjórfaldir Vildarpunktar** með öllum Auris. Ef þú vilt finna gleðina í liprum akstri, skaltu bruna til næsta viðurkennda söluaðila og nýta þér þetta sértilboð. Núna er tíminn.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

**TÖLUR VIKUNNAR** 02.04.2017 TIL 08.04.2017



**971.000 krónur** voru meðalmánaðarlaun starfsmanna Seðlabanka Íslands í fyrra.

**1.200 tillögur** bárust í nafnasamkeppni um heiti á götum og torgum í hverfinu 201 Smári í Kópavogi.



**500 milljónum** meira kostar það á ári að leigja björgunarþyrlur en að kaupa þær.



**778** milljónir voru greiddar af ferðamönnum fyrir heilbrigðisþjónustu í fyrra.

**683 bátar** hafa stundað strandveiðar að meðaltali á ári frá 2009.





**83 tonn** af matvælum fara á ári hverju í lífrænan úrgang.



**22,5% virðisaukaskattur** er fyrirhugaður á ferðaþjónustu.

**501 kynferðisbrot** var skráð á síðasta ári.

## Þrjú í fréttum
### Aðskilnaður, mengun og minnisleysi

**Aðalheiður Gunnarsdóttir**
*íbúi á Akureyri*



fær ekki vistun á öldrunarheimilinu Hlíð á Akureyri með eiginmanni sínum, Stefáni Þórarinssyni, sem hún hefur verið gift í 65 ár. Aðalheiður er talin of hraust. Hún er ári yngri en Stefán sem er á 91. aldursári. „Mér líður eins og þetta sé skilnaður að vissu leyti. Þegar ég fékk þessar fréttir fannst mér þetta mikið högg og mér finnst þetta sárt,“ sagði Aðalheiður.

**Friðjón Einarsson**
*formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar*



sagði breytinguna á aðalskipulaginu sem útilokar frekari uppbyggingu mengandi iðnaðarstarfsemi vera til vitnis um nýja hugsun í uppbyggingu Reykjanesbæjar til framtíðar. Ákvörðunin væri ekki afturvirk en næði United Silicon ekki að uppfylla þau ströngu skilyrði sem um fyrirtækið gilda þá yrði verksmiðjunni lokað.

**Valgerður Sverrisdóttir**
*fv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra*



bar fyrir sig minnisleysi og kvaðst ekki ætla að bregðast við fullyrðingu Benedikts Sigurðarsonar, fulltrúa Kaldbaks, um að hún hefði skellt á hann hurðum þegar hann greindi henni frá því að franski bankinn Société Générale hefði aldrei ætlað að fjárfesta í Búnaðarbankanum.

# Fjórir látnir og fjölmargir særðir eftir árásina í Stokkhólmi í gær

**Minnst fjórir létust þegar vöruflutningabíl var ekið inn í verslun í miðborg Stokkhólms. Maður sem lýst var eftir var handtekinn. Samgöngur lágu niðri og íbúum miðborgarinnar var gert að halda sig innandyra. Ríkislögreglustjórinn í Svíþjóð heitir því að lögreglumenn geri allt til þess að ná sökudólgnum.**




**Vöruflutningabílnum var ekið inn í verslun Åhléns.** NORDICPHOTOS/AFP

**SVÍÞJÓÐ** Að minnsta kosti fjórir létu lífið þegar vöruflutningabíl var ekið inn í verslun Åhléns í miðborg Stokkhólms, höfuðborgar Svíþjóðar. Þá er staðfest að að minnsta kosti átta séu særðir eftir árásina.

Eigandi brugghússins Spendrups staðfesti í gær að vöruflutningabíl fyrirtækisins hefði verið stolið um morguninn á meðan bílstjórinn var að afferma bílinn. Honum var svo ekið inn í verslunina klukkan eitt að íslenskum tíma.

Við árásina var búðin rýmd. Þá lögðust almenningssamgöngur niður og vegum var lokað. Borgaryfirvöld opnuðu skóla og íþróttamannvirki til að hýsa þá sem ekki komust leiðar sinnar vegna truflana á samgöngum.

Var gestum verslana í nágrenninu og starfsfólki gert að halda sig innandyra á meðan öryggi á svæðinu var tryggt. Jafnframt var íbúum í miðbænum sagt að halda sig heima.

Skömmu áður en Fréttablaðið fór í prentun var maður handtekinn. Greindi ríkisútvarp Danmerkur frá því að hinn handtekni passaði við lýsingu af manni sem lögregla hafði lýst eftir.

Lögregla birti fyrr um daginn mynd úr öryggismyndavélakerfi af manninum. Á blaðamannafundi sagði lögreglustjórinn Anders Thornberg að lögreglan vildi ná tali af honum.

Ríkislögreglustjórinn Dan Eliasson sagði á blaðamannafundi að lögreglumenn myndu gera allt sem í þeirra valdi stæði til þess að ná sökudólgnum. „Eins og þið vitið eru margir særðir. Á þessari stundu getum við ekki staðfest hversu margir eru látnir eða særðir,“ sagði Eliasson.

> Hugur okkar er hjá fórnarlömbunum, fjölskyldum þeirra og hinum særðu.
>
> Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar

Í yfirlýsingu frá Stefan Löfven forsætisráðherra segir að ráðist hafi verið á Svíþjóð. „Allt bendir til þess að um hryðjuverkaárás sé að ræða. Hugur okkar er hjá fórnarlömbunum, fjölskyldum þeirra og hinum særðu,“ segir í yfirlýsingunni.

Þá segir að ríkisstjórninni sé haldið upplýstri um framgang mála. Hún geri allt sem hún geti til að aðstoða lögreglu við vinnu sína. „Ég hvet alla til að vera á varðbergi og fylgjast með nýjustu upplýsingum frá lögreglu,“ segir enn fremur.

Karl sextándi Gústaf Svíakonungur var í opinberri heimsókn í Brasilíu þegar árásin var gerð. Í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær segir að hann hafi ákveðið að flýta heimferð sinni.

Árásin er ekki sú fyrsta af þessu tagi í Evrópu. Í júlí í fyrra féllu til dæmis 86 í sambærilegri árás í Nice í Frakklandi. **thorgnyr@frettabladid.is**





FÁGUN STAÐALBÚNAÐUR
CHEROKEE
Öflugur, kraftmikill og ríkulega útbúinn jeppi með frábæra akstурseiginleika.
Sjálfskiptur 9 þrepa
2,2 l dísel 185 hestöfl eða 200 hestöfl
Eyðsla 5,7 L/100 km*
Verð frá 6.990.000 kr.
Komdu og reynsluaktu. Opið í dag 12-16.
ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Jeep á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16
Jeep

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**Nýtt Húsasmiðjublað**
Vorið er komið

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# SÚPER
# TILBOÐ Á GRILLUM





OUTBACK
**Þú sparar: 11.000 kr.**
**25.990 kr**
~~36.990~~ kr
**Gasgrill**
Sunset Solo 3, 3ja brennara.
Grillflötur: 628x406 mm.
3 ryðfríir brennarar.
Hitamælir, 9,67 kW.
3000393

weber
**Gasgrill Weber Q3000**
Postulínsglerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Hitamælir í loki, 2 ryðfríir brennarar, 6,35 kW/h-21.700 BTU . Grillflötur: 63 x 45 cm.
3000379
**Þú sparar: 12.000 kr.**
**67.990 kr**
~~79.990~~ kr

Ráðgjöf í Skútuvogi í dag kl. 13-16
## ER MYGLA HJÁ ÞÉR?
Myglusérfræðingar kynna Pro Clean mygluprófið og Bio Cleaner hreinsiefnið

## Hjólin eru komin
fyrir alla fjölskylduna



AUTHOR
**39.900 kr**
**AUTHOR TROPHY 26"**
Stell úr álblöndu, 3,3 kg. Skipting: Shimanoty21, 18 gírar, Tektro V bremsur. Dekk: Author Speed master 26"x2,0". Þyngd: 14,3 kg/19".
3901410-1



SÚPER TILBOÐ
**690 kr**
~~990~~ kr
**30% afsláttur**
**Strákústur 40 cm**
Með skafti.
5044450



IKRA mogatec
**5.995 kr**
**Hekkklippur**
Ikra, 520W, 50 cm blað, klippir allt að 16 mm.
5083756



**30% afsláttur**
**Trampolín 3,66 m**
12 fet/3,66 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900557
SÚPER TILBOÐ
**27.293 kr**
~~38.990~~ kr

**Byggjum á betra verði**

VERSLAÐU Á HUSA.IS
FRÍ HEIMSENDING Í APRÍL EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA


Guðni Th. Jóhannesson.

## Við megum ekki lifa í ótta

**UTANRÍKISMÁL** „Við verðum að vera á varðbergi, en við megum ekki lifa í stöðugum ótta," segir Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, þegar Fréttablaðið spyr hann hvort Íslendingar þurfi að óttast hryðjuverkaárás. Hann segir að sér sé efst í huga samúð með Svíum vegna árásarinnar í gær og fordæmir hana. Guðni sendi Svíakonungi samúðarkveðju fyrir hönd íslensku þjóðarinnar í gær. Í kveðjunni segir hann að með þessari árás sé vegið að grunngildum samfélagsins. „Við sem viljum verja lýðræði, frelsi og mannréttindi verðum að standa saman gegn öflum öfga og ógnar." – **jhh**


Guðlaugur Þór Þórðarson.

## Árás á okkur öll

**UTANRÍKISMÁL** „Hugur okkar er hjá sænsku þjóðinni. Þetta eru vinir okkar og frændur. Þegar svona er gengið fram er þetta ekki bara árás á sænsku þjóðina, þetta er árás á okkur öll," segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.

Guðlaugur Þór segir atburðina vera áminningu til Íslendinga um að vera ávallt á verði. „Öryggi borgaranna er afskaplega mikilvægt svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Án þess að gera neitt mikið úr því, er alltaf mikilvægt að það sé viðbúnaður til staðar," segir Guðlaugur. Vissulega sé viðbúnaður til staðar. „En það er alveg ljóst að þetta er mikil ógn og við þurfum að meta það hvort það sem við erum með í dag sé nægjanlegt," segir hann. – **jhh**

> **Hugur okkar er hjá sænsku þjóðinni. Þetta eru vinir okkar og frændur.**

# Vegfarendur héldu að þeir væru að upplifa sitt síðasta

**Þúsundir Íslendinga eru staddir í Stokkhólmi á hverjum degi. Nokkrir þeirra voru við Drottningargötu þegar hryðjuverk var framið þar um miðjan dag í gær. Sumir þeirra voru læstir inni klukkutímum saman á meðan lögreglan var að tryggja öryggi á svæðinu. Upplifðu mikla hræðslu og ringulreið eftir árásina.**

**SVÍÞJÓÐ** „Þetta var hræðilegt, alveg ótrúlega sorglegt," segir Gígja Ísis. Hún vinnur í höfuðstöðvum H&M í Stokkhólmi, á sama horni og vöruhús Åhlens er á. Vöruflutningabíl var ekið inn í húsnæði Åhlens í gær með þeim afleiðingum að þrír létu lífið. Gígja, sem var einn nokkurra Íslendinga sem voru við Drottningargötuna þegar ódæðið var framið, segist hafa heyrt dynk þegar bílnum var ekið niður Drottningargötu og á húsið. „Við litum út og sáum bíl og reyk og manneskju á gólfinu og fólk að hlaupa," segir hún.

Í framhaldinu læsti öryggisvörðurinn í húsnæði H&M dyrunum og fjöldi fólks var læstur inni í húsnæðinu. „Miðborgin var bara læst inni í heild sinni. Það eru mörg þúsund manns í höfuðstöðvum H&M og við vorum læst inni í svona þrjá klukkutíma. „Það var hræðilegt að heyra þennan dynk," segir hún. Hún segist síðan hafa hlaupið út að glugga og séð bíl og reyk. „En ég veit að það voru margir sem voru á annarri og þriðju hæð sem sáu þetta gerast," segir hún. Fólkinu í húsinu var síðan bannað að fara að glugganum af ótta við að bíllinn myndi springa. Sem hann gerði sem betur fer ekki, segir Gígja.

Helena Reynisdóttir er í námi í Stokkhólmi. Hún og Birna Hrönn Gunnlaugsdóttir, vinkona hennar, voru staddar í verslun við Drottningargötuna, mjög nálægt Åhlens. „Við vorum inni í búð sem heitir Zara og er rétt hjá. Mér finnst allir vera rosa stressaðir og svo heyri ég fólk öskra og fólk hlaupa inn í búðina til okkar og þá sé ég bílinn bruna fram hjá okkur og það kom svona eins og vindhviða inn í búðina og allir öskrandi og hlaupandi," segir Helena. Hún segist hafa áttað sig strax á því að eitthvað skrýtið væri á seyði. „Þetta er göngugata og það er aldrei neinn að keyra þarna og hann keyrði svo hratt," segir Helena. Hún segir að fólk hafi hópast aftast í búðina og staðið þar stjarft.

„Svo heyrist skellur og eftir það voru allir að hlaupa út um allt. Við vinkona mín héldum að þetta væri okkar síðasti dagur," segir Helena. Þær reyndu að komast út úr versluninni en hikuðu aðeins þegar þær sáu lögregluna. Síðan fylltust þær kjarki og ákváðu að hlaupa út eins hratt og þær gátu og frá götunni. „Við sáum fullt af öðru fólki gera það sama, öskrandi og grátandi," segir Helena. Þær náðu strætó og fóru með honum til bróður Helenu sem býr í útjaðri Stokkhólms. „Við erum enn í losti og sjáum þetta enn þá fyrir okkur," segir Helena. **jonhakon@frettabladid.is**

> **Þetta er göngugata og það er aldrei neinn að keyra þarna og hann keyrði svo hratt.**


Helena Reynisdóttir, íbúi í Stokkhólmi

## Árásin í Stokkhólmi

Að minnsta kosti fjórir hafa látið lífið og fleiri eru særðir eftir að vörubíl var rænt og honum ekið inn í verslun í miðborg Stokkhólms, höfuðborgar Svíþjóðar




Heimild: Wire agencies © GRAPHIC NEWS

# Íslenska lögreglan fjölgar sérsveitarmönnum á vakt

**ÖRYGGISMÁL** Eftir árásina í Stokkhólmi ákvað greiningardeild ríkislögreglustjóra að virkja verklag vegna hryðjuverkaárása í nágrannalöndum. Í tilkynningu sem lögreglan sendi frá sér segir að viðbúnaðarstig verði ekki hækkað að svo stöddu.

Þá hefur ríkislögreglustjóri beint því til lögreglunnar á Suðurnesjum að vera sérstaklega vakandi vegna flugs frá Svíþjóð. Hann tekur fram að ekki séu fyrirliggjandi upplýsingar þess efnis að á leið til landsins séu grunaðir aðilar, heldur sé um öryggisráðstöfun að ræða.

Þá hefur verið ákveðið að fjölga sérsveitarmönnum á vakt um helgina og því hefur verið beint til lögreglumanna að vera á varðbergi gagnvart grunsamlegum einstaklingum og óvenjulegum atburðum sem gætu tengst áformum um stórfellda ofbeldisglæpi.

Greiningardeild og alþjóðadeild ríkislögreglustjóra fylgjast með samskiptakerfum við erlend lögreglulið og öryggisstofnanir og einnig með fjölmiðlum og munu meta stöðuna eftir því sem upplýsingar berast.


Sérsveitarmönnum á vakt verður fjölgað um helgina.




# VEISLA MATGÆÐINGSINS










Gildir til 17. apríl á meðan birgðir endast.

**Hagkaups Hamborgarhryggur**
Sérvalinn af fagmönnum úr fersku hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðamaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups.

**Fyllt hátíðalæri**
Úrbeinuð lambalæri fyllt með góðgæti. 3 tegundir:
· Döðlur og gráðaostur
· Fíkjur, engifer og kanill
· Franskur Camembert

## EINFALDLEGA MEIRA ÚRVAL










24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# Allt skráningargjaldið skref í rétta átt

Ár hvert greiða stúdentar um 900 milljónir í skráningargjald til Háskóla Íslands. Fjórðungurinn fer til skólans en afgangurinn til ríkisins. Skólinn fær mun minna fjármagn frá hinu opinbera en sambærilegir skólar. Ekki hægt að búa lengur við niðurskurð, segir rektor.

**MENNTAMÁL** Rynni skráningargjaldið í heild sinni til Háskóla Íslands myndi það þýða að skólinn fengi tæplega 700 milljónum meira í sinn hlut en honum er nú ætlað. Aðeins um fjórðungur þess fjár sem stúdentar borga rennur til Háskólans.

„Það sem ráðuneytið gerir er að það dregur frá skráningargjöld þess fjölda nemenda sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Sá fjöldi er nú um það bil 9.000. Við fáum síðan að halda eftir mismuninum,“ segir Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ.

Skráningargjöld í Háskóla Íslands eru nú 75 þúsund krónur fyrir árið og nemar skólans um 12 þúsund. Af skráningargjaldi hvers nemanda renna því tæplega 20 þúsund krónur til Háskólans. Með öðrum orðum, af þeim 900 milljónum sem nemendur greiða í skráningargjald renna um 225 milljónir til skólans. Afgangurinn fer til ríkissjóðs. „Það myndi breyta miklu ef gjaldið í heild rynni til skólans,“ segir Jón Atli.

Til að ná meðaltali OECD-ríkja, yfir meðaltalsframlag á hvern nemanda, þá áætlar hann að miðað við óbreyttan nemendafjölda þyrftu framlög til skólans að hækka um sjö milljarða.

„Við vitum að þetta eru stórar tölur. Því hafa tillögur okkar hljómað upp á að hækka framlög til kerfisins um tvo milljarða á ári, í fjögur ár, í tröppugangi. 1,5 milljarðar aukalega á ári til Háskóla Íslands myndi breyta ofboðslega miklu.“

Mörg undanfarin ár hefur skólinn verið í niðurskurði. Fjöldi nemenda við skólann tók kipp í kjölfar hrunsins og fjárframlög minnkuðu. Margar deildir við skólann hafa verið reknar með viðvarandi halla. Í þeim hópi má nefna ýmsar raunvísindagreinar, stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði. Sömu sögu er að segja af lagadeild og tannlæknadeildinni. Ef þessi þróun heldur áfram er fyrirséð að skera þurfi niður.

„Við þyrftum að minnka námsframboð og fækka námsleiðum. Þá yrði ekki hægt að endurnýja tækjakost og nýliðun myndi minnka þar sem ekki væri hægt að ráða inn nýtt fólk,“ segir Jón Atli. Ekki liggur fyrir hvaða deildir það yrðu sem myndu lenda í slíkum niðurskurði.

## Framlag á hvern nemanda lægra

Mælikvarðinn fjárframlag á hvern nemanda er oft notaður þegar háskólar bera sig saman. Miðað við óbreyttan nemendafjölda vantar töluvert upp á að skólinn nái OECD-meðaltalinu.

■ Fjármagn HÍ núna ■ Til að ná meðaltali OECD ■ Til að ná meðaltali Norðurlandanna




Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ, segir að frekari niðurskurður blasi við ef framlög aukast ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Nágrannaháskólar

*Tölurnar sýna framlög í milljónum króna á hvern nemanda árið 2015 og sæti á lista THE sama ár.*

- Karolinska 16,8 m.kr. – 44. sæti
- Háskólinn í Lundi 4,2 m.kr. - 119. sæti
- Århus 4,4 m.kr. - 153. sæti
- København 5,9 m.kr. – 160. sæti
- Göteborg 3,8 m.kr. – 170. sæti
- Aalto 4,9 m.kr. - 229. sæti
- Bergen 5,8 m.kr. - 207. sæti
- Háskóli Íslands 2,0 m.kr. - 242. sæti

Háskólinn hefur löngum horft á lista Times Higher Education (THE) yfir bestu háskóla heims en undanfarin ár hefur hann vantað lítið upp á að komast í hóp topp 200. Í næsta nágrenni er Háskólinn í Björgvin. „Árið 2005 gerði Ríkisendurskoðun úttekt á Háskóla Íslands og bar okkur saman við skólann í Björgvin. Þá höfðum við tvöfalt minna fjármagn. Nú er staðan sú að við höfum þrefalt minna fjármagn.

Við þurfum að hafa öflugt háskólakerfi til að geta haft gott samfélag á Íslandi. Við þurfum að hafa öflugan alþjóðlegan rannsóknarháskóla því við erum í alþjóðlegri samkeppni um fólk og nemendur,“ segir Jón Atli. johannoli@frettabladid.is



SMÁRALIND




**15–50% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM**

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á SMARALIND.IS

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19   FIMMTUDAGA 11-21   LAUGARDAGA 11-18   SUNNUDAGA 13-18   WWW.SMARALIND.IS   FACEBOOK   INSTAGRAM   SNAPCHAT

# Árásin reynir á sambandið við Rússa

**Bandaríkjaher réðst á sýrlenskan herflugvöll. Sex hermenn féllu. Gengið er út frá því að ráðist hafi verið á bæinn Khan Sheikhoun frá flugvellinum og efnavopnum beitt. Rússar bregðast illa við árásinni en Bretar, Frakkar og Þjóðverjar segja hana viðeigandi svar.**

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, fyrirskipaði í fyrrinótt árás á herflugvöllinn Shayrat í Sýrlandi. Bandarísk herskip á Miðjarðarhafi skutu 59 Tomahawk-eldflaugum á flugvöllinn með þeim afleiðingum að hann gereyðilagðist.

Að minnsta kosti sex létu lífið samkvæmt BBC. Þá greinir BBC frá því að allir hinna látnu og alvarlega særðu hafi verið hermenn. Sýrlenskir ríkismiðlar segja níu hafa látið lífið, þar af fjóra almenna borgara.

Ástæða þessara fyrstu beinu hernaðaraðgerða Bandaríkjanna gegn ríkisstjórn Bashars al-Assad Sýrlandsforseta er efnavopnaárás sem gerð var á bæinn Khan Sheikhoun fyrr í vikunni. Talið er að sýrlenskar þotur hafi lagt af stað frá Shayrat-flugvelli og varpað saríngasi á bæinn með þeim afleiðingum að um áttatíu almennir borgarar létu lífið.

Þegar Trump ávarpaði þjóð sína, sem og heim allan, eftir árásina sagði hann al-Assad einræðisherra sem hefði „ráðist með hryllilegum hætti á almenna borgara með efnavopnum“.

Hefðbundnir bandamenn Bandaríkjanna lýstu stuðningi við árásina. Í yfirlýsingu frá ríkisstjórn Bretlands segir meðal annars að hún sé viðeigandi svar við villimannslegri árás.

Í sameiginlegri yfirlýsingu François Hollande, forseta Frakklands, og Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, segir: „Al-Assad ber alla ábyrgð á því hvernig málin hafa þróast. Það má ekki sitja hjá og leyfa honum að komast upp með endurteknar efnavopnaárásir og skelfilega glæpi.“



Ein Tomahawk-eldflauganna hefst á loft frá herskipi á Miðjarðarhafi. NORDICPHOTOS/AFP

Ljóst er að Rússar eru afar ósáttir við árásina en þeir hafa stutt ríkisstjórn al-Assads og meðal annars fengið að nota Shayrat-flugvöllinn í loftárásaraðgerðum sínum gegn uppreisnarmönnum.

Í yfirlýsingu frá utanríkisráðuneyti Rússa segir að Bandaríkin hafi ákveðið að ráðast á ríki sem berjist gegn alþjóðlegum hryðjuverkasamtökum án þess að kynna sér staðreyndir málsins. Rússar, sem og Sýrlendingar, neita því að sýrlenski herinn hafi beitt efnavopnum.

„Sjálf viðvera hermanna frá Bandaríkjunum og öðrum ríkjum í Sýrlandi án samþykkis ríkisstjórnarinnar eða öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna er augljóst brot á alþjóðalögum. Slíkt er ekki hægt að réttlæta,“ segir í tilkynningunni.

„Rússar hafa endurtekið sagst tilbúnir að vinna að því að laga þau vandamál sem steðja að heiminum, einkum baráttunni gegn alþjóðlegum hryðjuverkasamtökum. Við munum hins vegar aldrei samþykkja einhliða aðgerðir gegn lögmætri ríkisstjórn Sýrlands.“

Vladimír Pútín Rússlandsforseti tók í sama streng. Í yfirlýsingu lýsti hann aðgerðum Bandaríkjahers sem árás á fullvalda ríki sem bryti gegn alþjóðalögum. Árásin væri mikill skellur fyrir samband Rússa og Bandaríkjamanna og markmið hennar hefði verið að draga athygli frá mannfalli almennra borgara í loftárásum Bandaríkjanna og bandamanna þeirra í Írak.

Rússneska fréttastofan TASS greindi frá því í gær að herfreygátan Grigorovic aðmírál væri á leiðinni á Miðjarðarhaf. Skipið er vopnað eldflaugum.

Á fundi öryggisráðs SÞ í gær sagði Nikki Haley, fulltrúi Bandaríkjanna, að heimurinn biði eftir að Rússar sýndu ábyrgð í Sýrlandi og endurhugsuðu bandalag sitt við al-Assad. „Al-Assad gerði það sem hann gerði af því hann vissi að hann kæmist upp með það. Hann vissi að Rússar stæðu á bak við hann,“ sagði Haley.

Fulltrúi Sýrlands, Mounzer Mounzer, sagði árás Bandaríkjahers senda hryðjuverkamönnum röng skilaboð. Nefndi hann ISIS sérstaklega. **thorgnyr@frettabladid.is**

NISSAN

Innovation that excites

NISSAN MICRA

NETTUR, ÓDÝR OG HLAÐINN BÚNAÐI



NISSAN MICRA VISIA

ELDSNEYTISNOTKUN 5,0 L/100 KM*

SJÁLFSKIPTUR. VERÐ: 2.090.000 KR.

Staðalbúnaður er meðal annars: Handfrjáls Bluetooth símabúnaður, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, rafknúið léttstýri, ESP stöðugleikastýring, AUX tengi fyrir iPod o.fl.

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16

*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SIA / NM80641

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400

Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622

Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533

Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070

IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080

BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516

BL ehf, Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík, 525 8000 / www.bl.is

B|L

5. - 10. apríl

# Kauphlaupstilboð

## Allar aðrar vörur á 10% afslætti

iittala

**Ultima Thule**
Allar vörur

**20%** AFSLÁTTUR





KAY BOJESEN DENMARK

**Apinn** - 20cm
~~Áður: kr. 17.890~~
**Nú: kr. 14.310**

**20%** AFSLÁTTUR



LE CREUSET

**Le Creuset**
Allar vörur

**20%** AFSLÁTTUR



GLOBAL

**Eldhúshnífur** - 20cm
~~Áður: kr. 19.780~~
**Nú: kr. 12.850**

**35%** AFSLÁTTUR

**20%** AFSLÁTTUR
af öllum öðrum Global hnífum



KÄHLER

**Omaggio**
Glervasinn - 17cm
~~Áður: kr. 7.440~~
**Nú: kr. 5.950**

**20%** AFSLÁTTUR
af öllum Omaggio vösum

normann COPENHAGEN

**Shorebird**
eftir Sigurjón Pálsson



Lítill - 7,5cm
~~Áður: kr. 4.650~~
**Nú: kr. 3.720**

**20%** AFSLÁTTUR



Miðstærð - 11cm
~~Áður: kr. 5.650~~
**Nú: kr. 4.520**

**20%** AFSLÁTTUR



Stór - 14cm
~~Áður: kr. 8.250~~
**Nú: kr. 6.600**

**20%** AFSLÁTTUR

Skoðið úrvalið á **lifoglist.is**

Líf&List
SMÁRALIND

# Samfélagið andvaralaust fyrir þörfum aldraðra

**HEILBRIGÐISMÁL** Vegna sífellt vaxandi fjölda þeirra sem þurfa á þjónustu Landspítalans að halda hverfur ávinningur umbótaverkefna innan spítalans fljótlega eftir að þeim er komið á.

„Þessi veruleiki er samfélagslegt verkefni sem þarf að leysa með öðrum hætti en að skera frá Landspítala mikilvæga grunnstarfsemi, eins og tilteknar sérhæfðar aðgerðir. Ráðast verður að rót vandans sem er áralangt andvaraleysi okkar sem samfélags gagnvart vaxandi þörfum þeirra sem nú eru orðnir aldraðir,“ skrifar Páll Matthíasson í forstjórapistli sínum á vef spítalans.

Páll segir að til spítalans leiti nú stórir árgangar fólks úr svo kallaðri „barnasprengju“ eftirstríðsáranna og árganganna þar á undan. Hann vísar til þess að þegar samfélagið tók á móti þessum hópum hafi ráðamönnum verið ljóst að ráðast þyrfti í mikla uppbyggingu í skólakerfinu „til að sinna þeim þokkalega. Nú eru þessir stóru hópar að koma af fullum

> Ráðast verður að rót vandans sem er áralangt andvaraleysi okkar sem samfélags gagnvart vaxandi þörfum þeirra sem nú eru orðnir aldraðir.
>
> Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans



þunga inn í heilbrigðis- og félagskerfið og þurfa þjónustu. Sumu af henni getum við á Landspítala sinnt og viljum gjarnan en langstærsti hópurinn þarf þjónustu annars staðar,“ skrifar Páll.

Hann bætir við að enn og aftur sé ástæða til að gera gera það að umtalsefni að vaxandi þungi hefur lengi verið í álagi á bráðamóttökur og bráðalegudeildir og sérstaklega þungt hafi verið síðustu vikur. – **shá**


## Málverk eftir Kristínu Jónsdóttur og Jón Stefánsson

Leitum eftir góðum málverkum, helst blómauppstillingum eftir Kristínu Jónsdóttur og Jón Stefánsson til kaups fyrir viðskiptavin.

Ný verk í sölu á:
**studiostafn.is/listaverkasala**

Studio Stafn, Hátúni 6B, Sími 552 4700.

STUDIO STAFN


# Vilja að ráðherra setji reglur um starfsnám

**Bandalag háskólamanna og Landssamtök íslenskra stúdenta vilja að menntamálaráðuneytið móti skýrar reglur um starfsnám sem gildi fyrir alla háskólana. Laganemum býðst um þessar mundir bæði launað og ólaunað starfsnám.**



Margir nemar reyna að fá eitthvað bitastætt á ferilskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**MENNTAMÁL** Bandalag háskólamanna (BHM) og Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) hyggjast senda sameiginlegt erindi til menntamálaráðuneytisins þar sem óskað er eftir að ráðuneytið móti reglur um starfsnám sem gildi fyrir alla háskólana. Allur gangur er á því hjá háskólunum hvernig samningur þeirra er við stofnanir og fyrirtæki um starfsnám.

Ríkisstofnanir auglýsa um þessar mundir launað og ólaunað starfsnám fyrir laganema í vor og sumar. Starfsnámið er metið til eininga hjá Háskóla Íslands. Meðal stofnana sem ekki greiða laun eru velferðarráðuneytið og Neytendasamtökin. Í svari frá velferðarráðuneytinu kemur fram að samstarfssamningar séu gerðir að frumkvæði háskólanna og er starfsnámið hluti af námi hlutaðeigandi nemenda, líkt og kemur fram og er skilgreint í samningunum sjálfum. Í auglýsingu frá Neytendasamtökunum kemur fram að ef vel gengur geti starfsnámið leitt til sumarstarfs.

Á síðasta ári gagnrýndi Bandalag háskólamanna ólaunað starfsnám sem WOW air auglýsti fyrir laganema. Erna Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri BHM, segir að sömu reglur eigi að gilda um ólaunað starfsnám hjá hinu opinbera.

„Við höfum verið að fylgjast með auglýsingum eftir starfsnemum og þar höfum við skoðað hvað er á bak við það. Það er allur gangur á því hvort það standist skoðun eða ekki,“ segir Erna.

„Þetta er að mínu mati ekki gott því síðan eru nemarnir í þeirri erfiðu aðstöðu að vera að reyna að fá eitthvað á ferilskrá sína og eru ekki að hugsa út í að það sé eitthvað bogið við það að þau séu að sinna störfum án þess að fá laun fyrir,“ segir Erna.

David Erik Mollberg, fráfarandi formaður LÍS, segir starfsnám umdeilt mál innan háskólasamfélagsins. „Það er til reglugerð um starfsnám í framhaldsskóla. Við verðum að fara að vinna í að þróa reglugerð á háskólastigi.“

**saeunn@frettabladid.is**















Costco Wholesale er vöruhús og meðlimaklúbbur, sem leggur metnað sinn í að bjóða meðlimum sínum hágæða vörur og þjónustu á lægsta mögulega verðinu.

## Fyrirtækjaaðild

COSTCO WHOLESALE FYRIRTÆKJAAÐILD ÓFRAMSELJANLEG

Þér er heimilt að sækja um fyrirtækjaaðild, ef þú átt eða rekur fyrirtæki.Til þess að gerast meðlimur hjá Costco, og byrja að spara, er nauðsynlegt að framvísa kennitölu fyrirtækis. Árgjald fyrirtækjaaðildar er **3800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

## Einstaklingsaðild

COSTCO WHOLESALE EINSTAKLINGSAÐILD ÓFRAMSELJANLEG

Öllum einstaklingum, 18 ára og eldri, er heimilt að sækja um einstaklingsaðild. Árgjald einstaklingsaðildar er **4800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

COSTCO WHOLESALE Cash

Sækið um aðild og fáið gjafabréf í Costco og njótið sértilboða!*

# Skráning aðildarumsókna er hafin

## á www.costco.is

**Skráningarskrifstofur í Kauptúni eru opnar mánudaga til laugardaga 10-19 og sunnudaga 10-18.**

Costco Iceland, Kauptún 3, 210 Garðabær - Sími 532 5555 - Netfang costco@costco.is - www.costco.is

*Tilboðið gildir þegar þú sækir um aðild í Kauptúni fyrir opnunardag. Tilboðið er einungis hægt að nýta fyrsta aðildarárið.
Eitt gjafabréf er í boði fyrir hvert heimili. Tilboðið er ekki hægt að yfirfæra á aðra meðlimi og gildir ekki með öðrum tilboðum.
Gjafabréfin er ekki hægt að innleysa fyrir reiðufé. Costco tekur við greiðslum í formi reiðufjár, kreditkorta eða debetkorta.
Til þess að nýta tilboðið er nauðsynlegt að vera með aðild.

# RAFMAGNAÐUR BM
# LAUGARDAGUR Í DA



BMW i3 100% rafbíll.



BMW X5 xDrive tengitvinnbíll.



BMW i8 ofur-rafbíll.

## KOMDU OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ OG MÖGULEIKANA.

BMW er leiðandi framleiðandi í smíði nútímalegra lausna sem spara orku og draga úr útblæstri. iPerformance PLUG-IN HYBRID tengitvinnbílarnir sameina nýjustu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. BMWi 100% rafbílarnir i3 og i8 eru síðan í algjörum sérflokki hvað varðar vistvæna hugsun og framúrstefnulegar lausnir enda smíðaðir að mestu leiti úr áli og koltrefjum (Carbon Fiber) í verksmiðju sem notast eingöngu við 100% hreina orku frá vind- og vatnsorkuverum.

**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.**

# MW
# AG FRÁ 12–16.

Sheer
Driving Pleasure













iPERFORMANCE

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Kom ekki til greina að selja í opnu útboði

**VIÐSKIPTI** „Nei, það kom ekki til greina,“ segir Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, þegar hann var spurður hvort það hafi komið til álita að selja 200 hektara land Vífilsstaða í opnu útboðsferli.

Garðabær og ríkið hafa komist að samkomulagi um kaup hins fyrrnefnda á landinu. Hafa samningaviðræður verið í gangi milli aðila allt frá árinu 2014 en fóru almennilega á skrið í ágúst í fyrra.

Landið sem um ræðir er alls 202 hektarar í kringum Vífilsstaði og er söluverðið 558 milljónir króna. Til samanburðar var Hafnarfjarðarbæ gert að greiða rúmar 600 milljónir króna í eignarnámsbætur árið 2014 fyrir land í Kapelluhrauni sem var fjórðungi minna en þetta land.

Krafa hefur verið uppi í samfélaginu um að ríkiseignir séu seldar í opnum gegnsæjum útboðsferlum eftir að hlutur ríkisins í Borgun var seldur í bakherbergjum í lokuðu ferli. Markmið með opnum útboðum og gegnsæi er að hámarka tekjur ríkisins af sölu eigna og fá hæsta mögulega verð fyrir eignirnar.

Benedikt segir ekki hægt að líkja þessu við Borgun. „Það er þannig að bæjarfélagið borgar fyrir þetta og svo er lóðasölunni skipt milli ríkis og bæjar. Þetta er því ekki þannig að við seljum landið og svo ekkert meira. Með þessu tryggjum við okkur fram í tímann,“ segir Benedikt.



Vífilsstaðaspítali er ekki með í kaupunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Við viljum að þetta land sé nýtt til að draga úr skorti á lóðum og íbúðum á höfuðborgarsvæðinu.
>
> Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra



„Við viljum að þetta land sé nýtt til að draga úr skorti á lóðum og íbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel það mjög holt fyrir markaðinn að framboðið verði í hlutfalli við eftirspurn eftir íbúðum. Einnig hefur Reykjavíkurborg horft til ríkislóða í borginni. Við höfum tekið því ágætlega að gera slíkt hið sama í borginni,“ segir Benedikt. – sa

JÁRNPRÝÐI
ALMENN SÉRSMÍÐI
ÍTALSKT SMÍÐAJÁRN
Eigum til á lager ítalskt skrautjárn sem hentar í handrið o.fl.
Getum einnig sérpantað smíðajárn.
Ingi@jarnprydi.is | Gsm: 822 1717

# Þorlákshöfn nú tengd beint við Rotterdam

**Færeyska vöruflutningaferjan Mykines kom í fyrsta sinn til Þorlákshafnar í gær. Beinar siglingar til Rotterdam eru þar með hafnar.**



Mykines mun koma til Þorlákshafnar vikulega með vörur. MYND/SLC

**SAMGÖNGUR** Beinar siglingar færeyska skipafélagsins Smyril Line Cargo milli Íslands og Evrópu eru hafnar og kom vöruflutningaferjan Mykines til hafnar í Þorlákshöfn í fyrsta sinn í gær. Vegna flutninganna hefur sveitarfélagið Ölfus ráðist í hafnarbætur í Þorlákshöfn.

Linda Björk Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Smyril Line Cargo á Íslandi, segir að farmur Mykiness í þessari fyrstu ferð séu mest bifreiðar, vinnutæki og stórar vélar, ásamt byggingarefni og neytendavörum. Með skipinu til baka til Rotterdam verða mestmegnis fluttar út sjávarafurðir.

„Mykinesið hefur hreppt alls konar veður á leiðinni, en hefur sannað að það er gott sjóskip. Allar áætlanir okkar hafa staðist og þetta er gleðilegur dagur fyrir okkur,“ segir Linda Björk sem finnur fyrir því að markaðurinn sé að bregðast við nýjum kosti í flutningum og samkeppninni sem honum fylgir.

„Löndunum í Þorlákshöfn hefur fjölgað og umsvif í höfninni hafa aukist. Við erum búin að gera samninga við fyrirtæki í bænum til að vinna með okkur,“ segir Linda og nefnir Kuldabola, sem rekur frystivöruhótel og Fiskmarkað Íslands.

Ákveðið hefur verið að halda úti vikulegum siglingum milli Þorlákshafnar og Rotterdam, en þó einungis boðið upp á vöruflutninga á nýju siglingaleiðinni. Fest voru kaup á ferjunni Mykines sérstaklega vegna verkefnisins.

Ferjusiglingarnar munu stórauka umsvif í Þorlákshöfn og væntingar eru um að þær stuðli að enn frekari vexti og atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Horft er til þess að nýja siglingaleiðin skapi einnig tengimöguleika við önnur markaðssvæði, til dæmis Pólland og Eystrasaltslöndin, með vöruumskipun í Færeyjum þaðan sem Smyril Line Cargo er með tvær vöruflutningaferjur í áætlunarsiglingum til St. Pétursborgar og Eystrasaltslandanna.

Miklar breytingar hafa verið gerðar á höfninni í Þorlákshöfn á undanförnum árum til að skapa betri aðstæður fyrir hafsækna starfsemi og frekari framkvæmdir eru á döfinni. Höfnin hefur verið dýpkuð til muna og byggð verður upp aðstaða til að taka á móti stórum flutningaskipum. svavar@frettabladid.is

## Í siglingum til Íslands í aldarfjórðung

- Smyril Line Cargo var stofnað árið 1982 og hefur frá þeim tíma siglt með farþega til og frá Íslandi.
- Allt frá því að Norræna var tekin í notkun árið 2003 hefur félagið boðið íslenskum inn- og útflytjendum upp á Ro/Ro vöruflutninga og hafa þeir aukist umtalsvert frá 2009, eftir að ferjan hóf siglingar til Seyðisfjarðar allt árið.
- Engar breytingar eru fyrirhugaðar á siglingum Norrænu milli Seyðisfjarðar, Færeyja og Danmerkur.
  Ferjan Mykines er 19 þúsund tonn – tekur 90 tengivagna og 500 bíla.
- Ferjan verður skráð í Færeyjum og verða 24 í áhöfn.

# Ekki fleiri stórvirkjanir

**ORKUMÁL** Landvernd hefur sent Alþingi athugasemdir vegna þingsályktunartillögu að flokkun virkjunarhugmynda í 3. áfanga rammaáætlunar, og leggur ríka áherslu á nauðsyn þess að hægja verulega á eða stöðva uppbyggingu frekari stórvirkjana hérlendis. Að minnsta kosti þar til fyrir liggur ígrunduð orkustefna þar sem meðal annars er tiltekið hvað megi virkja mikið á næstu árum eða áratugum og í hvaða tilgangi.

Áætlunin segir til um hvar megi virkja og hvar ekki. Segir Landvernd að orkunýtingarflokkur hafi samkvæmt tillögunni að geyma 1421 megavatt sem sé svipað og tvær Kárahnjúkavirkjanir. Fjölmörgum náttúruperlum hafi þegar verið fórnað fyrir stóriðju.

Á sama tíma fagnar Landvernd verndun stórra vatnsfalla sem upptök eiga á hálendinu, eins og Skjálfandafljóts, Jökulsánna í Skagafirði og Skaftár. Samtökin mótmæla hins vegar flokkun virkjanahugmynda í nýtingarflokk á hálendinu, Reykjanesskaga, austanverðum Vestfjörðum og víðar, t.d. Skrokkölduvirkjun á Sprengisandi. – shá

## LEIÐRÉTTING

*Í frétt gærdagsins um laxeldismál var Daníel Jakobsson titlaður bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Þetta leiðréttist hér með þar sem Daníel hefur vitaskuld látið af starfi bæjarstjóra; gegnir nú stöðu bæjarfulltrúa auk þess sem hann er hótelstjóri á Ísafirði. Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar er Gísli H. Halldórsson.*


# Aðalfundur Lífsverks lífeyrissjóðs

Engjateigi 9 – Reykjavík - **Þriðjudaginn 25. apríl kl. 17:00**

**Dagskrá fundar:**

- Hefðbundin aðalfundarstörf
- Niðurstaða rafræns stjórnarkjörs
- Önnur mál, löglega upp borin

**Rafrænt stjórnarkjör 11. til 21. apríl**
Rafrænt stjórnarkjör fer fram á vef sjóðfélaga á www.lifsverk.is dagana 11. – 21. apríl. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal kjósa um tvö laus stjórnarsæti, karls og konu, til þriggja ára. Brynja Baldursdóttir er ein í framboði kvenna og er því sjálfkjörin. Í framboði um sæti karla eru Agnar Kofoed-Hansen og Andrés Svanbjörnsson. Kynning frambjóðenda er á vefsvæði sjóðsins. Sjóðfélagar eru hvattir til að nýta kosningarétt sinn.

**Ávöxtun 2016:**

| | Hrein nafnávöxtun | Hrein raunávöxtun |
|---|---|---|
| Samtryggingardeild | 4,7% | 2,6% |
| Lífsverk 1 | 0,5% | -1,6% |
| Lífsverk 2 | 3,6% | 1,5% |
| Lífsverk 3 | 5,1% | 3,0% |

Engjateigur 9 105 Reykjavík
www.lifsverk.is

**Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar**




**Um Lífsverk lífeyrissjóð:**
Lífsverk er opinn lífeyrissjóður fyrir háskólamenntaða en allir geta greitt til séreignardeildar sjóðsins. Sérstaða sjóðsins er m.a. sjóðfélagalýðræði, rafrænt stjórnarkjör, góð réttindaávinnsla og hagstæð sjóðfélagalán. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2016 var samtals 73,0 milljarðar kr. og hækkaði um 6,4 milljarða kr. á árinu. Í árslok 2016 var heildartryggingarfræðileg staða samtryggingardeildar jákvæð um 0,1%. Hrein raunávöxtun sl. 5 ár er 5,4%.
*Nánari upplýsingar á www.lifsverk.is.*

LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík S. 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri S. 515 7050
mazda.is

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Árásir á innsoginu



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Bandaríkjamenn hófu í vikunni eldflaugaárásir á herstöðvar Sýrlandshers. Árásirnar komu í kjölfar þess að upplýst var um skelfilega efnavopnaárás sýrlenska stjórnarhersins í bænum Khan Sheikhun þar sem fjölmargir óbreyttir borgarar létu lífið. Myndir af árásinni vöktu óhug meðal heimsbyggðarinnar og virðast hafa orðið til þess að Trump forseti lét til skarar skríða.

Loftárásir Bandaríkjamanna marka þáttaskil í borgarastyrjöldinni í Sýrlandi en hingað til hefur þátttaka þeirra einskorðast við tilraunir til að útrýma hryðjuverkasamtökunum ISIS. Ekki er langt liðið síðan Trump sjálfur sagði enga ástæðu fyrir Bandaríkin til að beita sér fyrir því að Bashar al-Assad forseta yrði steypt af stóli.

Eins og fyrirsjáanlegt var hafa Rússar fordæmt árásirnar af hörku og sagt þær brot á alþjóðalögum og hreinan stríðsglæp. Aðrar stórþjóðir virðast styðja framtak Trumps frekar en hitt. Frakkar, Bretar, Kanadamenn og Þjóðverjar hafa lýst því yfir að árásirnar hafi verið réttlætanlegar enda beint gegn hernaðarskotmörkum. Ekki einu sinni Kínverjar hafa hreyft mótbárum.

Alþjóðasamfélagið, að Rússum og fylgitunglum þeirra undanskildum, virðist því á þeirri skoðun að Assad sé skaðvaldur sem þurfi að koma frá völdum. Hvort þessi samstaða muni leiða til frekari inngripa af hálfu Bandaríkjamanna og annarra verður tíminn að leiða í ljós.

Hvað sem því líður er hins vegar erfitt að fagna því þegar gripið er til hernaðaraðgerða. Þegar hafa borist tíðindi af mannfalli meðal óbreyttra borgara. Spurningin er því sem endranær hvort misindisverk réttlæti misindisverk.

Það sem helst vekur áhyggjur í þessu ferli öllu saman er kannski hversu stuttur kveikiþráðurinn er í Bandaríkjaforseta. Stutt er síðan hann taldi enga hættu stafa af Assad. Það er líka stutt síðan hann kepptist við að mæra Rússlandsforseta og að talið var ólíklegt að hann myndi bjóða honum birginn svo opinskátt. Nú er öldin önnur.

Ekki má heldur gleyma því að Trump ýjaði svo eftirminnilega að því í kosningabaráttu sinni að hernaðaraðgerðir væru tilvalin leið til að hífa upp vinsældir forseta, sem ætti á brattann að sækja. Nú rifjast það upp.

Vel má vera að hægt sé að réttlæta aðgerðir Bandaríkjamanna í Sýrlandi. Það verður ekki reynt á þessum vettvangi.

Hins vegar er full ástæða til að staldra við og draga andann. Örlög heimsins virðast nú í höndum manna sem fátt bendir til að hafi jafnaðargeð til að bera.

**Örlög heimsins virðast nú í höndum manna sem fátt bendir til að hafi jafnaðargeð til að bera.**




## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Pyngja konunnar er pyngja manns hennar

Í ár eru 140 ár síðan Millicent nokkur Fawcett lenti í því merkilega atviki að veskinu hennar var ekki stolið. Jú, þjófur hrifsaði veskið af henni þar sem hún spókaði sig um á Waterloo lestarstöðinni í London. Jú, maður var ákærður fyrir þjófnað. Öfugmælin felast hins vegar í því að veski Millicent Fawcett var ekki veski Millicent Fawcett. Þótt Millicent hafi verið vinsæll rithöfundur, hafi keypt veskið sjálf og unnið fyrir peningunum sem í því voru var veskið samkvæmt lögum eign eiginmanns hennar. Þjófurinn var sakfelldur fyrir að hafa stolið eign herra Henry Fawcett. „Mér leið eins og ég hefði sjálf verið ákærð fyrir þjófnað,“ sagði Millicent í kjölfarið.

Í vikunni var tilkynnt um að reisa ætti í fyrsta sinn styttu af konu á Parliament Square í London. Fyrir eru þar ellefu styttur af þekktum körlum úr stjórnmálasögunni. Styttan verður af fyrrnefndri Millicent Fawcett, baráttukonu fyrir jafnrétti kynjanna sem lék lykilhlutverk í að tryggja konum í Bretlandi kosningarétt árið 1928.

En á sama tíma og tilkynnt var um að heiðra ætti eina konu fyrir að endurheimta pyngju sína var pyngjan hrifsuð af annarri.

### Kunnuglegt gól

Á mánudag bárust fréttir af því að þingmaður Pírata, Jón Þór Ólafsson, byggi á stúdentagörðum. Samstundis hóf heykvíslakórinn kunnuglegt gól sitt: Hvernig dirfðist þingmaður með meira en milljón á mánuði að nýta sér þann hagkvæma kost? Þessi siðlausa elíta, þessir hræsnisfullu þingmenn. En eins og oft vill verða hurfu aðalatriði málsins í hávaðanum.

Umrædda íbúð leigir kona þingmannsins. Þar býr hún ásamt Jóni Þór og tveimur börnum þeirra. Kona þingmannsins er nemandi við Háskóla Íslands og er það réttur hennar sem slíkur að sækja um á stúdentagörðum. Þegar ákveðið er hverjir fá úthlutað stúdentaíbúð eru tekjur maka ekki teknar með í reikninginn. Þó má geta þess að þegar kona Jóns Þórs komst inn á stúdentagarðana vann maður hennar við malbikun.

### Til hamingju Ísland

Þegar veski Millicent Fawcett var stolið blasti við henni hið augljósa: Efnahagslegt sjálfstæði kvenna er lykillinn að frelsi þeirra. Kona sem er efnahagslega háð eiginmanni sínum er ekki frjáls. Þetta fékk Millicent að reyna aftur á eigin skinni þegar eiginmaður hennar lést. Til að tryggja henni höfundarrétt eigin bóka varð Henry að ánafna Millicent réttinum í erfðaskrá sinni.

Íslenska heykvíslakórnum tókst með skrílslátum að snúa við aldalangri þróun. Vegna þess að maður ákvað að gefa kost á sér til þingsetu í fjögur ár hefur kona þurft að gefa upp á bátinn húsnæði sitt. Jón Þór, kona hans og börn hyggjast flytja út af stúdentagörðunum. Kona þingmannsins er nú háð manni sínum um húsaskjól. Pyngja konunnar er pyngja manns hennar. Til hamingju Ísland!

### Kæri heykvíslakór

Heykvíslakórinn telur sig vafalaust með söng sínum berjast gegn óréttlæti. En að þessu sinni missti hann algjörlega marks.

„Þetta er hennar réttur og í raun partur af stærri umræðu,“ sagði Jón Þór þegar hann tilkynnti um brotthvarf fjölskyldunnar af stúdentagörðunum. „Eiga réttindi fólks að tengjast eða skerðast út af maka þínum? Fólk verður að geta verið sjálfstætt þótt það eigi maka.“

Í stað þess að hvetja til þess að einstaklingar séu sviptir efnahagslegu sjálfstæði sínu ættum við að krefjast þess að fleirum sé það tryggt. Sem dæmi má nefna búa ellilífeyrisþegar og öryrkjar við töluverðar tekjuskerðingar vegna sambúðar.

Hvernig er að vera öryrki sem þarf að biðja maka um „vasapening“? Hvernig er að vera kona sem treystir sér ekki til að yfirgefa ofbeldissamband því hún er fjárhagslega háð eiginmanni sínum? Hvernig er að verða sextíu og sjö ára og verða allt í einu byrði á öðrum? Kæri heykvíslakór, væri ekki nær að syngja um það?

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*


SUZUKI
Way of Life!
NÝR BALENO!
KYNNUM NÝJAN TÍMAMÓTA BALENO
ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA HANN
VERÐ FRÁ KR.
2.260.000
BALENO
FLUTT MEÐ
EIMSKIP
SAMRUNI RÝMIS OG HÖNNUNAR
NÝR VALKOSTUR! SUZUKI BALENO MILD HYBRID
BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis.
Hann hefur mesta innra-og farangursrými í sínum flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur ... samruni hönnunar og rýmis.
Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum bensínvélum, 1,0 Boosterjet og 1250 Dualjet. Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

## Nýjast

**Domino's-deild karla**
***Undanúrslitaeinvígi - Leikur 3***

**KR - Keflavík 91-88**

**KR:** Jón Arnór Stefánsson 31/7 fráköst/5 stoðsendingar, Sigurður Á. Þorvaldsson 17/5 fráköst, Philip Alawoya 11/7 fráköst, Pavel Ermolinskij 10/7 fráköst/7 stoðsendingar, Brynjar Þór Björnsson 8/6 fráköst, Kristófer Acox 7/6 fráköst, Þórir Guðmundur Þorbjarnarson 5, Darri Hilmarsson 2/7 fráköst..

**Keflavík:** Hörður Axel Vilhjálmsson 26/4 fráköst/10 stoðsendingar, Magnús Már Traustason 17/4 fráköst, Amin Khalil Stevens 16/16 fráköst, Guðmundur Jónsson 11/4 fráköst, Reggie Dupree 9, Ágúst Orrason 9.

***Staðan er 2-1 fyrir KR. Næsti leikur er í Keflavík á þriðjudaginn.***

### MANÉ ÚR LEIK Í VETUR

Sadio Mané spilar ekki meira með Liverpool á tímabilinu. Mané meiddist á hné í grannaslagnum gegn Everton um síðustu helgi og þarf að fara í aðgerð. Þetta eru vondar fréttir fyrir Liverpool en liðinu gekk illa meðan Mané fór með Senegal í Afríkukeppnina. Mané hefur skorað 13 mörk og gefið sex stoðsendingar í ensku úrvalsdeildinni í vetur.

## Um helgina

**Stöð 2 Sport:**

| | | |
|---|---|---|
| L 06.50 | F1 - tímataka | Sport |
| L 11.20 | Spurs - Watford | Sport |
| L 13.50 | Stoke - Liverpool | Sport |
| L 14.10 | R. Madrid - A.Mad. | Sport 3 |
| L 15.45 | Stjarnan - Grindav. | Sport 2 |
| L 16.20 | Bournem. - Chelsea | Sport |
| L 16.25 | Bayern - Dortmund | Sport 3 |
| L 18.00 | Körfuboltakvöld | Sport 2 |
| L 18.45 | Augusta Masters | Golfst. |
| L 21.00 | AK Extreme | Sport 2 |
| L 02.00 | UFC 210 | Sport 3 |
| S 05.30 | F1 - Keppni | Sport |
| S 10.00 | Bayern - Dortmund | Sport |
| S 12.20 | Sunderl. - Man Utd. | Sport |
| S 13.25 | Berlin - Augsburg | Sport 2 |
| S 14.50 | Everton - Leicester | Sport |
| S 16.00 | KR - Þór | Sport 2 |

# Hrafnhildur og Eygló Ósk náðu HM-lágmarki



**Komnar á HM** Hrafnhildur Lúthersdóttir, Eygló Ósk Gústafsdóttir, Ingibjörg Kristín Jónsdóttir og Bryndís Rún Hansen náðu allar lágmarki fyrir heimsmeistaramótið í Búdapest í júlí á Íslandsmótinu í sundi í gær. Hrafnhildur náði HM-lágmarkinu í 100 m bringusundi, Eygló Ósk í 200 m baksundi og þær Ingibjörg og Bryndís Rún í 50 m skriðsundi. Keppni heldur áfram í dag og Íslandsmótinu lýkur svo á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Einvígin í átta liða úrslitum Olís-deildar karla 2016/2017 og innbyrðis viðureignir liðanna í vetur

**FH - Grótta**

| | | |
|---|---|---|
| Grótta | 30 - 24 | FH |
| FH | 26 - 22 | Grótta |
| FH | 28 - 20 | Grótta |

**ÍBV - Valur**

| | | |
|---|---|---|
| ÍBV | 27 - 30 | Valur |
| Valur | 28 - 24 | ÍBV |
| Valur | 29 - 30 | ÍBV |

**Haukar - Fram**

| | | |
|---|---|---|
| Haukar | 37 - 41 | Fram |
| Fram | 30 - 32 | Haukar |
| Fram | 26 - 27 | Haukar |

**Afturelding - Selfoss**

| | | |
|---|---|---|
| Afturelding | 25 - 32 | Selfoss |
| Selfoss | 32 - 25 | Afturelding |
| Selfoss | 25 - 26 | Afturelding |

# Alvaran er að hefjast

**Úrslitakeppnin í Olís-deild karla í handbolta hefst á sunnudaginn. Deildin hefur sjaldan verið jafn spennandi og má því búast við frábærri úrslitakeppni.**

**HANDBOLTI** Eftir langan og strangan vetur er loksins komið að úrslitakeppninni í Olís-deild karla í handbolta. Hún fer af stað með þremur leikjum á sunnudaginn en fyrstu umferð leikja lýkur á mánudaginn. Eins og undanfarin ár þarf að vinna tvo leiki í átta liða úrslitunum til að komast undanúrslitin en eftir það þarf að vinna þrjá leiki til að klára einvígin.

### FH - Grótta

FH laumaði sér bakdyramegin að deildarmeistaratitlinum sem það vann í fyrsta sinn í 25 ár. Það er kannski góður fyrirboði fyrir FH að síðast þegar liðið varð deildarmeistari árið 1992 varð það einnig Íslandsmeistari. Þá hjálpuðu Haukarnir einnig til með að fylgja eftir deildarmeistaratitli með Íslandsmeistaratitli en það hafði ekki gerst í sex ár þangað til í fyrra.

Eins og staða liðanna í deildinni gefur til kynna eru FH-ingar sigurstranglegri en deildin hefur sjaldan eða aldrei verið jafn jöfn og spennandi. Akureyri féll með 18 stig, því má aldrei gleyma. FH hefur verið á miklum skriði og kemur fullt sjálfstrausts inn í einvígið eftir fjóra sigra í röð.

### ÍBV - Valur

Eyjamenn eru af flestum taldir líklegastir til að verða Íslandsmeistarar enda með frábærlega mannað lið og ógnarsterkan heimavöll. Liðið er, ef aðeins er litið á úrslitin, besta liðið eftir áramót. Það spilaði ellefu leiki í deildinni, vann níu og tapaði ekki einum.

Á sama tíma hafa Valsmenn verið heillum horfnir í deildinni enda að einhverju leyti með hugann í Evrópuævintýrinu. Valur hefur ekki unnið í síðustu átta leikjum og kemur ekki á skriði inn í úrslitakeppnina.

### Haukar - Fram

Á meðan öll pressan er á Haukum sem styrktu sig vel fyrir mótið en eru búnir að missa af þremur titlum nú þegar, koma Framarar algjörlega pressulausir inn í úrslitakeppnina. Ætlast er til að Haukar verði meistarar en Framarar áttu varla að vinna leik í vetur að mati sérfræðinganna.

Fram bauð upp á sokkahlaðborð fyrir efasemdarmennina og geta notið þess að stríða Haukunum hans Gunnars Magnússonar í fyrstu umferðinni. Haukar eru betur mannaðar og unnu tvo leiki af þremur gegn Fram í vetur.

**» Haukar urðu í fyrra fyrsta liðið í sex ár sem fylgir eftir deildarmeistaratitli með Íslandsmeistaratitli.**

**5**

**Íslandsmeistaratitillinn stoppar sjaldan tvisvar á sama stað en fimm lið hafa orðið meistarar á síðustu sex árum.**

### Afturelding - Selfoss

Lærisveinar Einars Andra Einarssonar voru besta liðið fyrir áramót en það telur lítið núna. Þegar talið var upp úr stigapokanum voru vel mannaðir Mosfellingar aðeins fjórum stigum fyrir ofan nýliðana.

Selfoss er búið að vinna Aftureldingu tvisvar nokkuð sannfærandi í vetur og strákarnir úr mjólkurbænum vita vel að þeir geta komið á óvart og lagt Aftureldingu tvisvar sinnum í viðbót. **tomas@365.is**


LANDVERND

**HUGMYNDASAMKEPPNI**

um framtíð Alviðru í Ölfusi






Landvernd rak um árabil umhverfisfræðslusetur í Alviðru sem lagðist af eftir hrun. Nú leita samtökin að hugmyndum um framtíð staðarins.

**Frestur til að taka þátt í keppninni rennur út 21. apríl.**

Nánari upplýsingar um keppnina og verðlaun má finna á landvernd.is.


BOSS
HUGO BOSS
SAND
POLO
RALPH LAUREN
TINO COSMA
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
bugatti
Stenströms
BELLINI
collezione
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)
Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
40-60%
afsláttur
af öllum vörum



## STOCKHOLM
Borðstofuskenkur, spónlögð eik.
Stærð: 180 x 44 x 85 cm.

**181.990 kr.** ~~259.990 kr.~~

## STOCKHOLM
Borðstofuborð úr spónlagðri eik.
Stærð: 210 x 95 x 75 cm.

**125.990 kr.** ~~179.990 kr.~~

Tvær stækkanir: 95 x 45 cm. seldar sér.

**38.490 kr.** ~~54.990 kr.~~

**30% AFSLÁTTUR**

## STOCKHOLM
Bekkur úr spónlagðri eik.
Stærð: 170 x 38 x 46 cm.

**48.990 kr.** ~~69.990 kr.~~



**30% AFSLÁTTUR**

## ASTRO
Slitsterkt áklæði. Litir: Rautt eða kakí.

**39.990 kr.** ~~59.990 kr.~~

## FRIDAY
Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga. Brúnt og dökkgrátt áklæði.

Stærð:
330 × 230/170 × 90 cm

**224.990 kr.** ~~299.990 kr.~~



**25% AFSLÁTTUR**

# SKEMMTILEG SMÁVARA FYRIR PÁSKANA OG TIL FERMINGARGJAFA



## HÉRALAMPI
VERÐ ÁN PERU
**14.990 kr.**

## SÆNGURVER
Falleg sængurvera-sett frá Södahl.
Mikið úrval.



TILBOSVERÐ
**12.990 kr.**
~~15.990 kr.~~



TILBOSVERÐ 693 KR.STK.



TILBOSVERÐ 693 KR.



TILBOSVERÐ 903 KR.STK.



TILBOSVERÐ 693 KR.STK.



TILBOSVERÐ 1.113 KR.STK.



TILBOSVERÐ 903 KR.STK

**PÁSKA-SMÁVARA FRÁ BOLTZE**
**30% AFSLÁTTUR**



TILBOSVERÐ 1.043 KR.STK.



TILBOSVERÐ 1.393 KR.STK.



TILBOSVERÐ 693 KR.STK



TILBOSVERÐ 1.393 KR.STK.

## FÍLAR
Skrautlegir fílar frá Elephant Parade.
Margar gerðir og stærðir.





VERÐ FRÁ
**6.390 kr.**




*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*



IDdesign

**UMBRIA**
Hornsófi með tungu.
Hægri eða vinstri tunga.
Grátt eða dökkgrátt áklæði.
Stærð: 330 × 265 × 78 cm

289.990 kr.
~~369.990 kr.~~

20%
AFSLÁTTUR

# PÁSKA TILBOÐIN



25%
AFSLÁTTUR

**KIRUNA**
Tveggja og þriggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

Tveggja sæta: 162 x 90 x 78 cm
67.990 kr. ~~89.990 kr.~~

Þriggja sæta: 227 x 90 x 78 cm
74.990 kr. ~~99.990 kr.~~

L A Z BOY®

# VEISLUNNI LÝKUR Á SUNNUDAG



**PARKER**
Hægindastóll með slitsterku ljósu áklæði. Stærð: 82 × 86 × 104 cm

69.595 kr. ~~119.990 kr.~~

42%
AFSLÁTTUR

**ALBERTA**
Borðstofustóll, grátt eða svart PVC áklæði.



20%
AFSLÁTTUR

6.990 kr. ~~8.990 kr.~~

**DIMA**
Borðstofustóll. Svartur, hvítur eða grár með svörtum, hvítum eða viðarlitum löppum.



30%
AFSLÁTTUR

8.990 kr. ~~12.990 kr.~~

**EIFFEL**
Eldhússtóll með króm-löppum. Litir: Rautt, grátt, svart eða hvítt.



25%
AFSLÁTTUR

8.990 kr. ~~11.990 kr.~~

**OMAHA**
Borðstofustóll. Turkisblátt eða grátt áklæði.



35%
AFSLÁTTUR

9.990 kr. ~~15.990 kr.~~

**MOSS**
Borðstofustóll. Brúnt eða svart microfiber áklæði og viðarlappir.



30%
AFSLÁTTUR

7.990 kr. ~~11.990 kr.~~

HÚSGAGNA
HÖLLIN



Linda Ýr, Guðný Lára og Aníta Björk ætla sér alla leið í dag. Með þeim á myndinni er dómarinn Egill Kaktuz.

**ÞARNA KEMUR SAMAN ÓTRÚLEGASTA FÓLK, ÓLÍKT OG ÚR ÖLLUM STÉTTUM. ÞETTA HENTAR ÖLLUM – FÓLKI SEM FANN SIG EKKI ANNARS STAÐAR EÐA VILL BARA FINNA SIG UPP Á NÝTT**


## Embassy – Housing

The American Embassy, is seeking to lease a house and/or apartment in the Reykjavik area as Summer of 2017. Required size is 120 – 240 square meters, 2 bathrooms and permission to keep pets.

**Lease period is for 3 years.**

Please send an e-mail to: sveinssonk@state.gov before **May 1st** with information about the location (street and house number) and phone number of the contact person showing the property.

## Sendiráð – Húsnæði

Bandaríska Sendiráðið óskar að taka á leigu hús og/eða íbúð miðsvæðis á Reykjavíkursvæðinu frá sumar 2017. Æskileg stærð 120 – 240 fermetrar, 2 baðherbergi og leyfi til að hafa gæludýr.

**Leigutími 3 ár.**

Vinsamlegast sendið tölvupóst á: sveinssonk@state.gov fyrir **1. maí** með upplýsingum um staðsetningu eignarinnar (götuheiti og húsnúmer) og símanúmer þess sem sýna mundi eignina.


# Takast á við Ragnarök

Fyrsta mótið í hjólaskautaati á Íslandi er haldið í dag, laugardag, á Nesinu. Um er að ræða eins konar ruðning á hjólaskautum.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Í dag, laugardag, verður fyrsta roller derby mótið haldið á Íslandi í Hertz-höllinni á Seltjarnarnesi. Tvö bresk lið sækja stelpurnar í Ragnarök-um heim.

Guðný Lára Guðmundsdóttir forritari er leikmaður Ragnaraka og vonast eftir góðri mætingu í dag. „Þetta er fáránlega skemmtilegt – stelpuíþrótt á hjólaskautum!“ útskýrir hún, en roller derby útleggst á íslensku sem hjólaskautaat. „Þetta er líka svo skemmtilegt því þarna kemur saman ótrúlegasta fólk, ólíkt og úr öllum stéttum. Þetta hentar öllum – fólki sem fann sig ekki annars staðar eða vill bara finna sig upp á nýtt,“ segir Guðný Lára.

### Stríðsmálning og hlífar

Ragnarök er eina íslenska lið sinnar tegundar. Um er að ræða tuttugu stelpur sem stunda eins konar ruðning á hjólaskautum. Hver leikmaður hefur sitt nafn, sem hann notar í keppni og spilar með stríðsmálningu í andliti. Þá er metnaður lagður í búningana – ekki síst hlífarnar, sem eru algjört aðalatriði í þessari íþrótt þar sem hart er tekist á. Í hjólaskautaati eru fimm liðsmenn í hverju liði inni á í einu og spilað er á sporöskjulaga braut. Allir keppendur eru á hjólaskautum en engir boltar eru með í leiknum heldur fást stig með því að „hringa“ andstæðingana, það er, að komast heilan hring á brautinni, fram úr andstæðingi sínum á hjólaskautunum. Íþróttin hefur undanfarið verið að ryðja sér til rúms hér á landi og víðar – ekki síst með tilkomu kvikmyndarinnar Whip It, sem er þó orðin nokkurra ára gömul. Í myndinni fylgjumst við með sorgum og sigrum stúlkna í hjólaskautaati og með aðalhlutverkin fara Drew Barrymore og Ellen Paige.

### Barátta um titilinn

Búist er við æsispennandi baráttu um titilinn á Seltjarnarnesi í dag, en það lið ber sigur úr býtum sem vinnur báða sína leiki eða, ef tvísýnt er um úrslit, sem skorar flest stig í heildina.

Guðný Lára hefur stundað hjólaskautaat í rúm fimm ár. „Þetta fór hægt af stað, eiginlega rosalega hægt, en núna fer þetta bara stækkandi. Við erum alltaf að verða fleiri og fleiri – og meira um að vera, eins og núna; þetta er í fyrsta sinn sem haldið er roller derby mót á Íslandi og við erum strax byrjuð að huga að því að bjóða fleiri liðum til landsins á næsta mót. Þetta er bara upphafið,“ segir Guðný að lokum.




## Laugavegur 77
Skrifstofuhúsnæði
570 m² eða 140 m²

Fallegt skrifstofuhúsnæði við Laugaveg, á besta stað í miðbænum. Um er að ræða annars vegar hálfa 4. hæðina, um 570 m² eða hluta 5. hæðarinnar, um 140 m². Rýmin eru fallega innréttuð með skemmtilegu útsýni. Húsnæðið er laust til afhendingar.



## Austurstræti 12
Skrifstofurými, 95 m²
á 2. hæð

Skrifstofuhúsnæði til leigu á 2. hæð við Austurvöll. Komið er inn í rýmið í gegnum sameiginlegt stigahús í miðju húsinu. Skrifstofan skiptist í tvö rými. Sunnanmegin er skrifstofurými með útsýni yfir Austurvöll og norðanmegin er annað rými sem snýr að Austurstræti.



## Kringlan 1
Skrifstofurými, 299 og 373 m²
á 2. og 4. hæð

Tvö snyrtileg rými í skrifstofubyggingu á áberandi stað í alfaraleið, steinsnar frá stærstu verslunarmiðstöð landsins. Annars vegar er um að ræða 299 m² á 2. hæð, og hins vegar 373 m² á 4. hæð. Rýmin eru laus til afhendingar með skömmum fyrirvara.



## Hjarðarhagi 47
Skrifstofu- eða þjónustuhúsnæði, 674 m²

Vandað húsnæði þar sem 170 m² eru á fyrstu hæð með góðum gluggum og 486 m² eru á annarri hæð. Lyfta er í húsnæðinu, næg bílastæði á lóð og möguleiki á geymslum í kjallara.

# TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á **www.reitir.is** og hjá **Halldóri Jenssyni** sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12 | 103 Reykjavík | www.reitir.is | 575 9000

: REITIR

*Velkomin til starfa*



„Þegar hnykkirnir voru að baki sagði ég: „Nú er það búið,“ en komst fljótlega að því að það þurfti að fara varlega í orðum við farþegana, þeir héldu að ég meinti allt annað. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Stundum í ónáð stundum í náð

**Bjarni Jónasson**, útvarpsstjóri í Eyjum, vélstjóri og flugmaður, hefur brallað ýmislegt og kynnst bæði sigrum og sorgum. Fór ungur á sjó og synti eitt sinn í land við Ingólfshöfða til fundar við fjölskyldu sína. Síðar gerðist hann frumkvöðull í flugi milli Eyja og Landeyja.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það er snjór í Vestmannaeyjum en Bjarni Jónasson er búinn að moka sínar tröppur. Hann verður áttræður í haust en er sprækur eins og lækur. Býr við Brekkugötu, vestast í bænum, með konu sinni Jórunni Bergsdóttur sem reyndar er á sjúkrahúsi þennan dag vegna tilfallandi handarmeins. Við Eyþór ljósmyndari megum velja hvort við setjumst inn í stofu, eldhús eða svítuna á efri hæðinni en við byrjum á að kíkja inn í herbergi Úvaff 104 þar sem Bjarni hefur rekið útvarpsstöð í tæpan aldarfjórðung. „Ég sendi út á laugardögum og sunnudögum. Það kannast samt enginn við að hlusta á mig en ég held að fólk sé að hlusta í laumi,“ segir Bjarni prakkaralegur. „Sumir hafa áhuga á gamalli músík eins og ég. Ég á safn af ýmsu efni.“ Það passar, í herberginu eru margir hillumetrar af geisladiskum og vínyl.

Skínandi fagurt blásturshljóðfæri verður á vegi okkar. „Þetta er tenórsaxófónn, ég er að læra á hann,“ útskýrir Bjarni. Gerir samt ekkert úr sér sem tónlistarmanni. „En ég var í lúðrasveit þegar ég var unglingur. Einu sinni þegar sá sem var með bassatrommuna lagðist í ferðalög gat ég komið að gagni, ég flýtti reyndar svolítið taktinum og gamlingjarnir voru orðnir sprengmóðir!“ *Spilar þú líka á harmóníku?* „Ég vil tala sem minnst um það. Var reyndar formaður harmóníkufélagsins hér í Eyjum en aldrei góður á nikku, var frekar með bassa eða gítar.“

Bjarni byrjaði að vinna í frystihúsi ellefu ára. Sextán ára var hann kominn til sjós sem kokkur á síldarbát. Síðar fékk hann bæði vélstjóra- og stýrimannsréttindi og í útvarpsherberginu er mappa með myndum og frásögnum af bátum sem hafa komið við sögu í hans lífi. „Það er alltaf eitthvað sem gerist á hverjum bát,“ segir hann, „mér tókst meira að segja að stranda Skaftfellingi sem ég var skipstjóri á 1958-9, það gerðist við Knarrarósvita við Stokkseyri en allt fór vel, enda annálað happaskip á ferð.“

Í blaðaúrklippu má sjá fyrirsögnina Þéttur með smjörlíki til Vestmannaeyjaferðar. Þar er Bjarni á mynd að bjástra við bát. „Síðan hef ég haldið upp á Ljóma!“ segir hann hlæjandi. „En ég fann ekki upp á þessu, þetta er gamalt ráð frá seglskipaöld.“ Það var hins vegar á Bergi NK 46 sem Bjarni kveðst hafa verið hálf dauður. „Við vorum að landa síld í salt á Eskifirði þegar ég lenti í línuspilinu. Á dekkinu varð algert öngþveiti og handapat og ég snerist ýmist aftur á bak eða áfram þar til skipstjórinn kom út í glugga stýrishússins og sá hvað var að gerast, hentist niður í vélarhús og kúplaði vökvadælunni frá, þar með stöðvaðist hringekjan. Ég fékk töluverð sár á hálsinn og bakið. Það hefði verið óþægilegt að fá vírinn á barkann.“

## Rakst á Jórunni í gufunni

Við færum okkur inn í stofu. Þar eru myndir á borðinu, sumar eftir Sigurgeir, þann virta ljósmyndara í Eyjum, og sjálfur kveðst Bjarni hafa verið með myndadellu, framkallað sjálfur og stækkað. Og nú hefst hið eiginlega viðtal, fyrst um upprunann. „Móðir mín var Valgerður Björnsdóttir og faðir minn Jónas Bjarnason, skipstjóri, útgerðarmaður og síðar fiskmatsmaður. „Mamma var færeysk. Ég var kallaður Bjarni, helvítis Færeyingur. Mamma kunni nokkur tungumál og þegar hún bætti esperanto við þá var ég kallaður Bjarni, helvítis Esperantofæreyingur. Mér þótti það ekkert gaman. Samt voru Færeyingar nógu góðir til að manna flotann hér, stundum voru þeir hér allt upp í 500 talsins. En mamma kom sér upp vinahópi. Hún fór að kenna konum að prjóna og þær sóttu til hennar, margar meiriháttar konur. Mér fannst það dálítið gott hjá henni.“

Bjarni segir Helga á Vesturhúsum mikinn örlagavald í lífi sínu, sá var Benónýsson og umsvifamaður í Eyjum. „Ég reri hjá Helga. Svo komu stelpurnar sex saman úr Öræfunum og Helgi vissi að þær ætluðu í Hraðfrystistöðina en þar var verbúð sem var kölluð Kórea og þar þótti æði sukksamt. Hann komst í spilið, kom þeim í Vinnslustöðina og þær fengu herbergi á Vesturhúsum. Saklausar sveitapíur voru oft settar í það sem enginn vildi gera. Mín, hún Jórunn, var sett í að þvo pönnur, þar var rosa mikil gufa – ég rakst á hana í gufunni!“

Ein mynd er til af Jórunni þar sem hún stendur í grunninum að húsinu að Brekkugötu 1. Ártalið er 1956. „Þarna er búið að slá upp fyrir húsinu og Jónasi líka! Þetta er gott gagn að eiga,“ segir Bjarni brosandi. Jónas er elstur barna þeirra hjóna, hann er rafmagnsverkfræðingur og Bjarni rifjar upp að sem unglingur hafi hann haft gaman af að ráða reikningsþrautir. Næstur var ➡



> VIÐ VORUM AÐ LANDA SÍLD Í SALT Á ESKIFIRÐI ÞEGAR ÉG LENTI Í LÍNUSPILINU. Á DEKKINU VARÐ ALGERT ÖNGÞVEITI OG HANDAPAT OG ÉG SNERIST ÝMIST AFTUR Á BAK EÐA ÁFRAM.











# VIÐ FÆRUM ÞÉR LOGN OG BLÍÐU!

Svalalokun stóreykur notagildi
svala og lengir sólarstundirnar

gler &
brautir

Skútuvogi 10b | Sími: 5171417
Netfang: cover@cover.is
opnunartími: 10-12 og 13-16







Bjarni í útvarpsherbergi Úvaff 104. Þar er margt forvitnilegt, meðal annars mappa með minningum hans af sjónum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Rúnar, fæddur 1958, hann lést í hörmulegu slysi 22 ára þegar verið var að gera tilraunir með að draga hann í flugdreka á loft með bíl í fyrsta skipti í Eyjum. Ég bið Bjarna að segja mér frá honum. „Rúnar var mjög þægilegur, klár strákur og kátur, það var aldrei hægt að skamma hann, hann var svo næs gæi.“

Sorgin hafði áður barið að dyrum hjá Bjarna og Jórunni því þriðja barn þeirra, Bergur, sem var efnisdrengur, veiktist hastarlega og dó aðeins rúmlega ársgamall. Leiðið hans er í kirkjugarðinum á Hofi í Öræfum. Valgerður er eina barn Bjarna og Jórunnar sem býr í Eyjum. Hún er kennari og hjálparhella foreldra sinna. Bergþór er yngstur systkinanna, íslenskufræðingur og sjálfstætt starfandi fjölmiðlamaður í Frakklandi. Hann kemur alloft heim og svo sendir hann pabba sínum útvarpspistla.

Þó hús Bjarna og Jórunnar sé vestast í bænum fóru þau að sjálfsögðu með börnin upp á land gosnóttina 1973. En kíktu fyrst á hamfarirnar. „Við fórum á Trabantinum niður á Urðir, þar sem nýja hraunið er nú, svo fórum við suður fyrir Helgafellið til að skoða gosið hinum megin frá. Þar var björgunarsveitarmaður sem baðaði út höndum en við tókum ekkert mark á honum heldur fórum lengra, þangað til Jórunn sagði: „Bjarni, er ekki bíllinn okkar úr plasti?“ Ég tók mark á því sem mér eldri manneskja sagði og sneri við. Það munar tveimur árum á okkur!“

### Synti í land við Ingólfshöfða

Bjarni er sundmaður og tekur til dæmis þátt í Guðlaugssundinu í Sundhöll Vestmannaeyja þann 10. mars ár hvert. Sumarið 1960 var hann á leið heim af síldveiðum við Austfirði en Jórunn stödd í Öræfum þar sem ströndin er hafnlaus. Þá stakk hann sér til sunds út af Ingólfshöfða og synti í land. Svona er ástin. „Ég var nú aðallega að spara flugfargjald,“ segir hann kíminn. „Jórunn var á sínum heimaslóðum á Hofi og mér fannst ómögulegt að fara þar fram hjá, sigla til Vestmannaeyja, fljúga þaðan til Reykjavíkur og fljúga svo austur í Öræfi, þangað var ekkert vegasamband á þeim tíma.“

Hugmyndin að sundinu var búin að koma upp fyrr um sumarið og menn skiptust í tvo hópa um borð, með og á móti, að sögn Bjarna. „Ég var 1. vélstjóri á Freyju VE 260 og skipstjórinn, Sigurður Sigurjónsson, var algerlega á móti þessu tiltæki. „Það er ég sem er með Freyjuna og ég segi nei,“ sagði hann. Siggi hélt sig í bestikkinu á heimleið og þegar við nálguðumst Höfðann bankaði ég hjá honum og hálfhvíslaði: „Siggi, við erum við Ingólfshöfða.“ „Jæja, farðu þá,“ sagði hann og ég flýtti mér að græja mig. Mannskapurinn stóð með mér. Þarna er aðgrunnt langt út en Siggi fór eins nærri landi og þorandi var. Við vorum með nótabát bundinn við Freyju og á honum var damlað aðeins lengra. Ég synti af stað í hermannagalla einum fata og dró fötin mín á eftir mér í sjópoka. Sísallína hafði verið fest við mig en þegar ég var kominn dálítið af stað fór hún út í flækju. Þá tóku félagarnir á það ráð að binda fangalínu við flækjuna, það er sver kaðall sem báturinn er bundinn með við bryggju. Ég vissi ekkert um þetta, bara puðaði í sjónum. Siggi varð að færa Freyjuna aðeins utar, þá dró hann nótabátinn, fangalínuna, flækjuna og mig með, sem var að berjast við að ná landi! Þetta var strembið en hafðist. Ég tók nokkur skref og kastaði mér í fjöruna rétt vestan við höfðann. Stóð samt fljótt upp aftur og hugsaði: Þetta gengur ekki. Þá var tíu kílómetra labb eftir um víðáttumiklar leirur, það var eins og að vera úti í miðju hafi, bara vatn til allra átta og sums staðar þungt undir fæti. Ég sá reyndar mann langt fyrir austan mig og reyndi að veifa til hans, veit ekki enn hvort hann var þessa heims. Hann hefur örugglega hugsað svipað. Maður að koma labbandi beint utan frá sjó? Getur ekki verið.“ Ekki kveðst Bjarni vita hversu langt sundið var, það væru flóknar aðgerðir að reikna það út.



### Fyllti flugvélina af plastbrúsum

Bjarni tók atvinnuflugmannspróf 1972 og byrjaði að fljúga með farþega milli Eyja og lands. Fyrst lenti hann oftast á Hellu en 1976 fékk hann aðstöðu hjá Jóni Einarssyni, bónda á Bakka í Landeyjum. „Ég lenti þar í uppgrónum kálgarði sem við sléttuðum og sáðum í. Það var samvinnuverkefni að búa til flugvöll á Bakka. Landgræðslan kom myndarlega að því og bærinn lagði í það. Nú er búið að færa völlinn. Þarna er allt rennislétt og tekur bara fimm til sjö mínútur að fljúga hér á milli.“

Nú vil ég vita hvort Bjarni hafi komist í hann krappan á litlu vélunum sínum því oft heyrðist aflýst flugi hjá Flugfélagi Íslands vegna þoku eða hvassviðris í Eyjum. „Já, nafni minn Herjólfsson í flugturninum var alltaf hágrátandi yfir veðrinu og Jórunn líka: „Það er að versna, það er að versna,“ heyrðist stöðugt frá þeim. Hjá mér var ekkert bras með veðrið en það var bras með flugturninn og Jórunni. Þetta slampaðist allt saman.“

Spurður hvort menn hafi verið hræddir að fljúga með honum svarar hann hlæjandi: „Já, já. Það eru til margar sögur. Þú verður að vera í viku! Í austanátt flýgur maður austan við Heimaklett yfir bæinn til lendingar og þegar farið er fram hjá Helgafelli koma oft svona tveir, þrír hnykkir á vélina. Fyrst þegar ég var að byrja með tveggja sæta vél sagði ég þegar hnykkirnir voru að baki: „Nú er það búið,“ en komst fljótlega að því að ég þurfti að fara varlega í orðum því farþegarnir héldu að ég meinti allt annað.

> NAFNI MINN HERJÓLFSSON Í FLUGTURNINUM VAR ALLTAF HÁGRÁTANDI YFIR VEÐRINU OG JÓRUNN LÍKA: „ÞAÐ ER AÐ VERSNA, ÞAÐ ER AÐ VERSNA,“ HEYRÐIST STÖÐUGT FRÁ ÞEIM.

Einu sinni flaug ég á TF-GOS upp á Akranes með skipalyftunefnd, þar var stuttur völlur og báðir endarnir lágu út í sjó. Svo voru deilur um landið þarna og þetta var kannski skeiðvöllur annað árið og flugvöllur hitt. Ég var á sjö manna, eins hreyfils vél, í henni voru þrjár sætaraðir og það var stór hurð aftan á og gott að komast inn, feitu karlarnir vildu fara þar inn en ég vildi ekki hafa þá aftast. Ég bað einn um að færa sig, það var Siggi vídó. Ég segi við hann: „Heyrðu, Siggi, viltu ekki vera í miðröðinni frekar?“ Þá sagði annar: „Þú móðgar farþegann, gefur í skyn að hann sé feitur.“ „Það er nú betra að móðga einn heldur en drepa alla,“ sagði ég. “

Hann kveðst hafa selt TF-GOS til Bretlands og flogið henni þangað í smáhoppum. „Ég hafði aldrei blindflugsréttindi en ég sá rosalega vel frá mér – kannski ekki milli landa – en það hjálpaði. Ég fyllti flugvélina af tómum plastbrúsum áður en ég lagði af stað svo hún flyti, kærði mig ekkert um að verða fiskafóður þó ég þyrfti að lenda í sjónum, en allt gekk vel. Ég náði engu sambandi við flugturninn á Shetlandseyjum en sá hvernig traffíkin var og dembdi mér bara niður. Það sagði enginn neitt, sjálfsagt algengt að menn kæmu þangað á síðustu dropunum. Svo fann ég ekki flugvöllinn í Aberdeen en allt í einu var helikopter kominn upp að hliðinni á mér, flugmaðurinn heilsaði kumpánlega og bauðst til að lóðsa mig.“

### Hjálpast að með eldhúsverkin

Bjarni starfrækti fyrirtækið Eyjaflug í tíu ár frá 1973-83. Hann sýnir mér mynd af einni vélinni og segir: „Þegar ég seldi þessa vél eftir fjögurra ára notkun var ég búinn að fljúga á henni þúsund tíma og tvö þúsund flugferðir.“ Þó aldrei hafi honum hlekkst alvarlega á í flugi kveðst hann hafa lent í ýmsum árekstrum og mótvindi af manna völdum. „Sighvatur, föðurbróðir minn, rak mig úr Vinnslustöðinni og ég var rekinn úr Ísfélaginu, í bæði skiptin vegna ágreinings um flugmál. Ég var stundum í ónáð, stundum í náð.“

Þetta síðasta rímar við næstu sögu því árið 1984 var Bjarni ráðinn fyrsti framkvæmdastjóri kertaverksmiðjunnar Heimaeyjar. „Ég byrjaði á því að fara og kaupa vélar í Danmörku og setja þær upp og við fengum kennara til að koma okkur af stað. Ég fékk lofrollu í fundargerðarbókina fyrir hvað mér hefði tekist vel með þetta. Svo féll ég í ónáð og var rekinn eftir fjögur ár, upp á dag. Þarna var verið að rembast við að selja og láta fyrirtækið bera sig en þetta var vinnustaður fyrir fatlaða.“

Nú býður Bjarni okkur í eldhúsið upp á kaffi og með'ði. Hann kveðst verja talsverðum tíma á því gólfi enda hjálpist þau hjónin að með eldhúsverkin og önnur húsverk, skammtímaminnni Jórunnar sé farið að gefa sig. En hann sé gamall kokkur og kunni ýmislegt. „Afi minn í Færeyjum var bakari og ég get alveg bakað – annað en vandræði,“ segir hann brosandi.



„Ég fékk lofrollu í fundargerðarbókina fyrir hvað mér hefði tekist vel með þetta. Svo féll ég í ónáð og var rekinn eftir fjögur ár, upp á dag.“

FÉLAG RAFEINDAVIRKJA STOFNAÐ 1968

# AÐALFUNDUR
## Félags rafeindavirkja

Aðalfundur Félags rafeindavirkja verður haldinn þriðjudaginn 18. apríl 2017 kl.17:30 á Stórhöfða 27, gengið inn að neðanverðu. (Grafarvogs megin)

**Dagskrá:**
- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Lagabreytingar
- Kosning fulltrúa í fulltrúaráð Birtu, lífeyrissjóðs.
- Önnur mál.

Reykjavík 8. apríl 2017

*Stjórn Félags rafeindavirkja*

# FORD FOCUS 5 DYRA

# PÁSKA SPRENGJA!




**-500.000 kr. frá listaverði!**

**+ 50% AFSLÁTTUR AF AUKAHLUTUM!**

Ford Focus er þekktur fyrir frábæra akstурseiginleika og framúrskarandi gæði. Hann er ríkulega búinn, með fimm stjörnu öryggi, Bluetooth samskiptakerfi, upphitanlegri framrúðu, á hagstæðu verði og er ódýr í rekstri. Þú upplifir akstursgleði í Focus og páskafríið verður gleðin ein.

Tilboðið gildir til og með 12. apríl. Miðað er við Ford Focus Trend Edition sem til eru á lager og afhendast fyrir páska.

**Komdu og tryggðu þér glænýjan Ford Focus með 500.000 króna afslætti!**

ford.is

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16




Ólafur Ólafsson var ráðinn forstjóri Samskipa rúmu ári eftir að skipadeildin var færð út úr SÍS. MYND/LJÓSMYNDASAFN RVK




Aðalfundir SÍS voru oft haldnir í Samvinnuskólanum á Bifröst.



Samvinnutryggingar fögnuðu 40 ára afmæli í ágúst 1986.

# Þræðirnir liggja til Sambandsins

Endalok og uppgjör SÍS leiddu til þess að Ólafur Ólafsson var ráðinn forstjóri Samskipa. Fyrirtæki Sambandsins eru nú enn og aftur í sviðsljósinu í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Fyrirtæki sem runnu úr höndum Sambands íslenskra samvinnufélaga (SÍS) fyrir aldarfjórðungi eða meira hafa verið áberandi á forsíðum blaðanna síðustu daga. Ástæðan er sú að þau má finna í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um þátttöku þýska bankans Hauck & Aufhäuser í einkavæðingu Búnaðarbankans árið 2003. Niðurstaða hennar var að athafnamaðurinn Ólafur Ólafsson hefði þá staðið fyrir miklum blekkingarleik, en hann var ráðinn forstjóri Samskipa eftir að SÍS endaði í gjörgæslu Landsbankans í byrjun tíunda áratugarins. Í kjölfarið tók Ólafur þátt í viðskiptum með hlut í Samskipum sem hefur verið líkt við Búnaðarbankafléttuna.

**Forstjóri eftir fall SÍS**

SÍS, eða Sambandið eins og það var kallað í daglegu tali, var um áratugaskeið stærsta fyrirtæki landsins og mikill áhrifavaldur í íslensku atvinnulífi. Samvinnuhreyfingin, þar sem kaupfélögin voru burðarásinn sem veldið byggði á, lenti aftur á móti í miklum erfiðleikum á sjöunda áratugnum og þegar komið var fram á þann níunda var útflutningur á sjávarafurðum meginundirstaðan í rekstri SÍS.

Endalok Sambandsins í byrjun 10. áratugarins leiddu til þess að sjávarafurðadeildinni, besta bitanum úr eignasafni SÍS, var skipt í smærri einingar. Landsbankinn tók þá hluta hennar eða skipadeildina yfir sem skömmu áður hafði verið færð yfir í nýstofnaða hlutafélagið Samskip. Ólafur Ólafsson, þá nýhættur sem forstjóri Álafoss, ullariðnaðardeildar Sambandsins sem fór í þrot árið 1991, var í kjölfarið ráðinn forstjóri Samskipa.

Samkvæmt fjölmiðlaumfjöllun þess tíma, um aðkomu Ólafs að Samskipum, fékk Sverrir Hermannsson, þáverandi bankastjóri Landsbankans, hann til að taka við skipadeildinni. Ólafur var kaupfélagsstjórasonur úr Borgarnesi, þekkti rekstur SÍS vel og bankinn var búinn að eignast 85 prósenta hlut í Samskipum. Árið 1994 fóru nýir hluthafar inn í Samskip og var þýska skipafyrirtækið Bruno Bischoff í þeim hópi ásamt VÍS, Olíufélagi Íslands (ESSO), Samvinnulífeyrissjóðnum og fleirum.

Í umfjöllun Frjálsrar verslunar í febrúar 1996 var fullyrt að Ólafur og Landsbankinn hefðu „plottað“ saman um söluna með þeim formerkjum að bankinn og þáverandi forstjóri Samskipa hefðu engu að síður haldið utan um meirihlutann í félaginu og stýrt því eins og þeim þóknaðist. Bruno Bischoff átti í Samskipum í gegnum helmingshlut sinn í eignarhaldsfélaginu NAT, North Atlantic Transport GmbH, sem átti aftur 29 prósent í Samskipum. Nokkru síðar var upplýst að Ólafur átti helming í því félagi.

Sagnfræðingurinn Björn Jón Bragason hefur bent á, fyrst í tímariti Sögufélagsins árið 2011, að aðkoma Hauck & Aufhäuser að Búnaðarbankanum minni um margt á fjárfestingu Bruno Bischoff í Samskipum. Í báðum tilvikunum, líkt og í Al Thani-málinu þar sem Ólafur var dæmdur sekur fyrir markaðsmisnotkun, hafi Íslendingar verið blekktir um aðkomu útlendinga að kaupum á stórum hlut í annars vegar Samskipum og hins vegar Búnaðarbankanum. Ólafur náði síðar yfirhöndinni í Samskipum, er aðaleigandi skipafélagsins í dag, og hefur byggt úr því stórt og mikið evrópskt viðskiptaveldi.

**Tók þátt í kaupunum**

Tryggingafélag SÍS, Samvinnutryggingar, kemur einnig ítrekað fyrir í skýrslu rannsóknarnefndarinnar eða sá hluti þess sem síðar varð Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar. Það félag varð til eftir sameiningu tryggingahluta Samvinnutrygginga og Brunabótafélags Íslands árið 1989 í Vátryggingafélag Íslands eða VÍS. Aðrar eignir Samvinnutrygginga, sem voru stofnaðar fyrir forgöngu Sambandsins árið 1946, runnu þá inn í eignarhaldsfélagið sem tók síðar þátt í kaupum S-hópsins svokallaða á 45,8 prósenta hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum.

Félög samvinnumanna og þekktir Framsóknarmenn voru áberandi í S-hópnum við kaupin á hlut ríkisins en þar mátti, eins og í endurfjármögnun Samskipa árið 1994, finna Samvinnulífeyrissjóðinn og VÍS. Finnur Ingólfsson, fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins, var þá nýlega orðinn forstjóri tryggingafélagsins. Þegar rannsóknarnefnd Alþingis kynnti skýrslu sína í síðustu viku var tekið fram að ekkert hefði komið fram um að aðrir einstaklingar sem voru í forsvari fyrir aðila inna S-hópsins hefðu vitað að aðkoma Hauck & Aufhäuser að kaupunum á Búnaðarbankanum hefði einungis verið til málamynda.

Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum var slitið í júní 2007 og eignir þess og skuldir þá færðar til dótturfélagsins Giftar fjárfestingarfélags ehf. Félagið hélt áfram að fjárfesta á markaði með eignir Samvinnutrygginga og þá meðal annars í félögum sem tengdust stjórnendum Giftar.

Arion banki samþykkti að veita Gift nauðasamning árið 2011 en síðarnefnda félagið var áður stærsti hluthafi Eignarhaldsfélagsins Andvöku. Það félag byggði á líftryggingafélaginu Andvöku sem Samvinnutryggingar ráku fram að sameiningunni í VÍS. Eignarhaldsfélaginu Andvöku var slitið í febrúar 2015 og var eigið fé þess þá greitt út til eigenda. Samband íslenskra samvinnufélaga, sem enn er til en í formi eignarhaldsfélags, fékk þá 49 milljónir króna vegna slitanna eins og fjallað var um í DV í september það ár. Var sú ákvörðun rökstudd með vísun í að kaupfélögin í landinu hefðu verið viðskiptavinir Samvinnutrygginga allt frá stofnun þess og þangað til félagið sameinaðist VÍS árið 1989 og úr varð stærsta tryggingafélag landsins.

**Sambandið lifir**

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis var kynnt rétt tæpum 25 árum eftir að Landsbankinn bútaði SÍS niður eftir að ljóst varð að félagið rambaði á barmi gjaldþrots. Sambandið fagnaði 115 ára afmæli sínu í febrúar síðastliðnum og stjórnendur þess halda aðalfund á hverju ári. Um tuttugu samvinnufélög eru enn virk hér á landi og má þar nefna Kaupfélag Suðurnesja, KEA, Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Skagfirðinga.

Mikil breyting varð á eignastöðu SÍS árið 2015 þegar greitt var úr Andvökusjóðnum. Eignir þess hækkuðu þá úr fjórtán milljónum króna í 58 og skuldirnar námu einungis 250 þúsund krónum. Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn í nóvember á Grand Hóteli.

„Þar ræddum við möguleg framtíðarverkefni SÍS. Það er engin niðurstaða komin í það en þessi vinna er í gangi og menn horfa bæði til Skandinavíu og Bretlands og samvinnufélaganna þar. Ég bendi til dæmis á að Airbnb er samvinnufélag,“ segir Hannes Karlsson, stjórnarformaður SÍS.

„Við höldum líka reglulega stjórnarfundi og erum með ákveðið verkefni í gangi núna varðandi stefnumótun til lengri tíma og þá í samstarfi við kaupfélögin og þau samvinnufélög sem eru í landinu. Við erum aftur á móti ekkert að flýta okkur og höfum nægan tíma.“



ÓLAFUR ÓLAFSSON, AÐALEIGANDI SAMSKIPA, HÓF AFSKIPTI AF FÉLAGINU ÁRIÐ 1993 OG HEFUR SÍÐAN ÞÁ BYGGT UPP STÓRT EVRÓPSKT VIÐSKIPTAVELDI.


HB
HÚSGAGNA BANKINN
LAGERSALA
FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030
Opið frá 13.00 - 18.00 virka daga og 13 - 16 laugardaga
Nýkomin sending af glæsilegum Mahogany og Hnotu húsgögnum
Lampaborð
39.900
Blaðgrindarborð
34.400
Glerskápur 70 sm
104.000
Glerskápur 180 sm
285.000
Sófaborð 135 sm
71.000
Sjónvarpsskápur 135 sm
109.000
Skenkur 175 sm
149.000
Skrifpúlt 55 sm
89.000
399.200
Borðstofuborð 180 x 100 sm
60 sm stækkun, 6 Hyper Wide stólar
600.000
Monaco sófasett 3 + 1 + 1
149.000
Rafknúinn hægindstóll
Alklæddur í ekta leður
59.000
Hægindstóll m. snúningi
klæddur í sterkt áklæði
89.000
Hægindstóll m. snúningi
Alklæddur í ekta leður
159.000
Rafknúinn hægindstóll
Alklæddur í ekta leður
12.680
Bluedio heyrnatól
Bluetooth & SD spilun
Verð frá 1.900
Armbandsúr
Verð frá 2.900
Ferðaútvarp
10.115
Bluedio ferðahátalari
Bluetooth 3D
26.500
7" Bíltæki með GPS,
snertiskjá, Bluetooth,
SD og USB spilara
www.husgagnabankinn.is

# Góð kaka fengin að láni & gefin áfram

Vorsólin og krókusarnir minna okkur á hvað tímanum líður. Páskarnir eru á næsta leiti og þeim fylgja frídagar, fermingar og ferðalög. Líka tilbreyting í mat og Leifur Kolbeinsson, matreiðslumeistari á Marshall restaurant og bar, gefur hér tillögu að gómsætri ostaköku sem hann segir einfalt að búa til.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það er lítið mál að gera þessa ostaköku. Hún er hræðilega einföld og hrikalega góð. Svo er aukameðlæti með henni ef einhver vill spreyta sig, en takið eftir að það þarf að gera hvíta súkkulaðið daginn áður," segir Leifur Kolbeinsson matreiðslumeistari. Hann brást vel við þegar hann var beðinn um uppskrift að ljúffengum eftirrétti sem prýtt gæti páskaborð.

Leifur er nýbúinn að opna nýjan veitingastað, Marshall restaurant og bar á Grandagarði. Þar er Vigdís May Diem Vo konditor hans hægri hönd þegar kemur að kökum og það er hún sem á flest handtökin við kökuna sem hér birtist mynd af.

**Sagan á bak við kökuna**
En Leifur lumar á lítilli sögu á bak við þessa köku. „Ég fékk þessa köku lánaða með góðum hætti á litlum veitingastað í San Sebastian á Spáni. Staðurinn heitir Lavina og á matseðlinum hjá mér skíri ég kökuna Ostakaka Lavína. Þetta er er lítill tapasbar og nánast það eina sem veitingamaðurinn gerir er að afgreiða þessa köku. Það er alltaf fullt þarna, alla daga og öll kvöld."

Leifur sýnir í raun ótrúlegt örlæti með því að gefa þjóðinni hlutdeild í þessu ævintýri. Hann útskýrir það svona. „Af því ég fékk kökuna lánaða svo fallega hjá Lavina þá gef ég hana áfram."



Vigdís May Diem Vo, konditor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**ÞETTA ER ER LÍTILL TAPASBAR OG NÁNAST ÞAÐ EINA SEM VEITINGAMAÐURINN GERIR ER AÐ AFGREIÐA ÞESSA KÖKU.**



Leifur Kolbeinsson kokkur í önnum í eldhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Ein fögur og ljúffeng. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Ostakaka

**1 kg Philadelphia-rjómaostur**
**420 g sykur**
**480 g rjómi**
**7 egg**
**60 g hveiti**

Þeytið rjómaost og sykur saman, bætið eggjunum rólega út í og þeytið þangað til blandan er ljós. Setjið þá rjómann út í og blandið hveitinu rólega saman við.
Bakið kökuna við 210 gráður í 50 mínútur.

### PISTASÍU-CRUMBLE

**100 g hveiti**
**100 g sykur**
**100 g pistasíur, fínt saxaðar**
**100 g smjör**

Setjið allt í skál og hrærið þar til allt er komið saman.
Bakist við 160 gráður í 20 mínútur.

### HVÍTT SÚKKULAÐI LIME GANACHE

**150 g rjómi**
**25 g hunang**
**300 g hvítt súkkulaði 35%**
**2 lime-ávextir – börkur af báðum og safi úr 1/2 lime**

Setjið rjóma, sykur, börk af báðum lime-ávöxtunum og safa úr hálfum í pott og sjóðið. Bræðið hvíta súkkulaðið. Hellið rjómanum rólega út í og hrærið í. Setjið í box og kælið yfir nótt.



Vigdís kemur hvíta súkkulaðinu fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**» BEST ER AÐ HAFA OSTAKÖKUR Í KÆLI Í 12 TÍMA ÁÐUR EN ÞÆR ERU TEKNAR ÚR FORMINU.**

### ÁVAXTASALAT

**50 g fersk hindber**
**50 g fersk brómber**
**50 g fersk bláber**
**50 g Absolu Cristal Glaze**
**10 g vatn**

Hitið Absolu glaze og vatn létt upp, setjið töfrasprotann í og þeytið. Kælið. Hellið yfir ávaxtablönduna og blandið vel saman.

# SÆNSK GÆÐAMÁLNING

## LÆKKAÐ VERÐ VEGNA HAGSTÆÐS GENGIS

Deka Projekt 10, 10 lítrar (stofn A)
**5.990**

Deka Projekt 05, 3 lítrar (stofn A)
**2.290**

Deka Projekt 02, 3 lítrar (stofn A)
**1.890**

Deka Meistaralakk 70
Akrýllakk. hvítt. 1 líter
**1.990**

Bakki, 25 cm rúlla, grind
og pensill. - Sett
**1.490**

Bostik málarakýtti
**340**

Bostik spartl 250ml
**490**

Bostik medium LH
spartl 5 lítrar
**1.990**

Mako pensill
50mm
**290**

Málningarpappi 20mx80cm
**699**

25cm Málningar-
rúlla og grind
**795**

Yfirbreiðsla Fleece 1x3m
**540**
1x5m kr. 825

Deka Gólfmálning grá 3 lítrar
**4.390**

MÚR BÚÐAR VERÐ

Mako 12 lítra fata
**490**

Deka Olíulakk 30
**1.995**

Áltrappa 3 þrep
**3.990**
Áltrappa 4 þrep 4.940
5 þrep 6.590
6 þrep 6.990
7 þrep 7.990

Framlengingarskaft
fyrir rúllur Tia-EP
1,2 metrar
**495**

Mako málningarlím-
band 25mm x 50m.
**395**

Proflex Nitril
vinnuhanskar
**395**

Hagmans 2 þátta
Vatnsþ / epoxy 4kg
**9.990**

Mako ofnarúlla
**375**

TIA bakki og 10 cm rúlla
með aukakefli
**525**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

## Hönnun



# Heimilið hefur áhrif á hugarástandið

Innanhússhönnuðurinn Arna Þorleifsdóttir lumar á góðum ráðum fyrir þá sem eru í vandræðum með að ná fram hlýleika á heimili sínu. Gott skipulag og rétt samspil áferða er meðal annars galdurinn.

**Arna Þorleifsdóttir**
Innanhússhönnuður

„Það er mikilvægt að finna fyrir hlýleika á heimili sínu,“ segir innanhússhönnuðurinn Arna Þorleifsdóttir sem lumar á góðum ráðum sem gæða heimilið hlýleika. „Það er merkilegt hvað notalegt heimili hefur góð áhrif á hugarástand okkar. Ég hef margoft séð hvernig heimili í jafnvægi gerir fólk ánægðara,“ útskýrir Arna. Það er því vissara að vanda til verka þegar kemur að uppröðun og vali á mublum.

„Til að ná fram hlýleika má ekki að vera með of mikið af dóti. Fyrir mér er gott jafnvægi áferðargaldurinn, eitthvað sem gott er að snerta; t.d. sléttflauel og merinóull, fallega unninn viður sem gefur manni góða tilfinningu. Eins er gott að prýða heimilið með einhverju sem ilmar vel.“

Arna segir eitt fyrsta skrefið í að gera heimilið hlýlegt og notalegt sé að hugsa vel út í geymslupláss. „Það þarf að koma öllum hlutunum vel fyrir, sumum í lokaðar hirslur en öðrum fallegum hlutunum á yfirborðinu þar sem þeir njóta sín. Þessar hirslur geta til dæmis verið upphengdir skápar, til að forðast að ofhlaða á gólfin.“

**TIL AÐ NÁ FRAM HLÝLEIKA MÁ EKKI AÐ VERA MEÐ OF MIKIÐ AF DÓTI.**

„Svo er gott að blanda saman vösum, greinum, plöntum og afskornum blómum til að fá náttúrulega strauma. Rétt samband af textíl og efni gerir mikið, sem dæmi þá vinnur leður, flauel, ull og hör vel saman. Í stofu er fallegt að vinna með óbeina lýsingu og hafa vegg, gólf- og borðlampa í hornum. Þannig er hægt að leika sér með lýsinguna eftir því hvernig stuði maður er í. Og ekki má gleyma gardínunum en t.d. fallegar voile-gardínur geta aukið hlýleika,“ segir Arna sem vill að lokum hvetja lesendur til að vera óhræddir við að mála veggi dökka.

„Ákveðinn hlýleiki fæst með því að mála veggi í dekkri tónum, t.d. bláum, grænum og gráum tónum.“ **gudnyhronn@365.is**



**„Hliðarborð með margvíslega nýtingu, flott undir vasa fyrir falleg blóm, lampa, krúsir og ker,“ segir Arna um þetta borð frá Húsgagnahöllinni.**



**Plöntur og greinar er skotheld leið til að færa hlýleika inn á heimilið.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Stóll með leðuráklæði frá NORR11.**





**Þessir púðar koma frá Snúrunni.**



**Þessar Svensson Nova gardínur frá Zenus eru í uppáhaldi hjá Örnu þessa stundina.** MYND/ZENUS

Páskablað Hjálparstarfs kirkjunnar 2017

# Margt smátt ...



**Mig langar til að vinna við hárgreiðslu og þurfa ekki að selja mig**

ARNÞRÚÐUR HEKLA EINARSDÓTTIR*

* Stúlkan á myndinni tekur þátt í verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Kampala. Nafnið er ekki hennar rétta nafn en textinn lýsir raunveruleikanum sem hún og fjöldi annarra ungmenna býr þar við.

# Gefum þeim séns

Í janúar síðastliðnum byrjaði Hjálparstarfið með nýtt verkefni í Kampala höfuðborg Úganda en þangað liggur þungur straumur ungs fólks í von um betra líf. Því miður bíður flestra þeirra hins vegar atvinnuleysi og eymdarlíf í fátækrahverfum og mörg ungmenni leiðast út í smáglæpi og vændi til að lifa af.

Kampalaverkefnið er í þremur fátækrahverfum í höfuðborginni og varir í 3 ár. Það er unnið í samstarfi við Lútherska heimssambandið og samtökin UYDEL (Ugandan Youth Development Link) með góðum stuðningi utanríkisráðnuneytisins.

Markhópur verkefnisins er 1500 börn og ungmenni á aldrinum 13–24 ára. Markmiðið er að unga fólkið öðlist verkkunnáttu sem það geti nýtt til að sjá sér farborða, að það taki þátt í uppbyggilegum tómstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

UYDEL hefur rúmlega tuttugu ára reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum Kampala. Samtökin reka verkmenntamiðstöðvar þar sem ungmennin geta valið sér ýmis svið og öðlast nægilega hæfni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápugerð.

Ég er nýkominn úr vettvangsferð til Kampala þar sem ég hitti ungmenni og stjórnendur verkefnisins. Það skein gleði, áhugi og ákefð úr hverju andliti í verkmenntamiðstöðvunum. Margar stúlkur voru uppteknar við að greiða og flétta hár, greinilega að læra hárgreiðslu. Aðrir, mest drengir, voru með andlitin ofan í tölvuboxum og rafmagnssnúrum að læra grunnatriði í rafvirkjun. Enn aðrir voru uppteknir við dans og söng þar sem þungur trumbusláttur stjórnaði ferðinni.

Ung stúlka sem ég hitti í einni af miðstöðvunum sem ég sótti heim hafði sterk áhrif á mig. Hún býr við fötlun og ferðast um á hjólastól í fátækrahverfinu þar sem hún býr. Nú er hún að læra að sauma og hanna föt. Hún sýndi mér nokkrar fallegar flíkur sem hún hafði saumað. Þegar ég spurði hana hvaða skilaboð hún hefði til ungs fólks á Íslandi svaraði hún að við ungt fólk sem byggi við fötlun eins og hún vildi hún segja: „Verið hugrökk, ekki gefast upp, það er alltaf von".

Tökum undir orð hennar en beinum þeim líka til ungmenna í Kampala sem búa við örbirgð og eru þess vegna útsett fyrir misnotkun af ýmsu tagi. Gefum þeim von um betra líf með því að styrkja Kampalaverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar. Greiðum valgreiðslu í heimabanka (2.400 krónur) eða leggjum inn á söfnunarreikning nr.: 0334-26-050886, kt. 450670-0499.

**Þitt framlag gefur þeim séns.**

Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar



*Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar með ungu fólki í verkmenntamiðstöð í Kampala.*

## GEFUM ÞEIM SÉNS!

Hringdu í **907 2003** og gefðu **2500** kr.
eða upphæð að eigin vali á **framlag.is**

Einnig er hægt að leggja inn á bankareikning 0334-26-50886, kt. 450670-0499 eða borga 2400 kr. valgreiðslu í heimabanka.

Hjálparstarf kirkjunnar

actalliance

Hjálparstarf kirkjunnar

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason
Margt smátt, 1. tbl. 29. árgangur 2017
Ábyrgðarmaður: Kristín Ólafsdóttir
Prentvinnsla:
Umbrot: PIPAR\TBWA
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

## ÞÖKKUM STUÐNINGINN

TOYOTA AKUREYRI
wise
Akureyri – öll lífsins gæði
Alþýðusamband Íslands
BRIM SEAFOOD
FJALLAKOFINN
Góa – Stofnað 1968
GRAFÍA – Stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum
HANNESARHOLT
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS – vænlegast til vinnings
HB GRANDI
HÉÐINN
Guli miðinn – FYRIR OKKUR
Heimsferðir
Heitur Matur Brisalundi
Héraðsskólinn Hostel Laugarvatni
Verslun Guðsteins Eyjólfssonar – Síðan 1918
hjá Hrafnhildi – Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is
ICELANDAIR CARGO
init



# Hvað mig dreymir um?

**„Að geta séð fyrir mér öðruvísi en með því að stela. Ég vil ekki lenda í fangelsi. Mig langar til að geta unnið sem rafvirki," sagði Kenneth Buwenbo, 16 ára gamall drengur í samtali við Bjarna Gíslason framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar í mars síðastliðnum. Kenneth tekur nú þátt í Kampalaverkefni Hjálparstarfsins og lærir að gera við tölvur. Hann gerir sér vonir um að komast í starfsþjálfun eftir námið. Það gefur honum möguleika á að láta draum sinn rætast.**

# Nístandi fátækt meðal ungs fólks í Kampala, höfuðborg Úganda

Úganda er númer 163 á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna en alls eru 188 ríki og landssvæði á listanum. Úganda flokkast þar með sem eitt af fátækustu ríkjum heims. Íbúar eru samtals um 38 milljónir en aldurssamsetningin er þannig að 80% íbúanna eru á aldrinum 12–30 ára. Meðalaldur er 16 ár.

Samkvæmt Alþjóðabankanum er atvinnuleysi meðal ungs fólks hvergi meira í heiminum en í Úganda þar sem um 60% unga fólksins er án atvinnu. Verst er ástandið í höfuðborginni Kampala en þangað flykkist ungt og oftast ómenntað fólk úr sveitum landsins í von um betra líf. Margra þeirra bíður hins vegar að kúldrast í fátækrahverfum þar sem neyðin rekur þau til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða. Börn og unglingar í höfuðborginni eru því útsett fyrir misnotkun af ýmsu tagi og eymdin leiðir til þess að þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð.



*Um helmingur þjóðarinnar er yngri en 15 ára. Álagið á innviði samfélagsins er því mikið. Opinberir skólar eru yfirsetnir og aðgengi að heilsugæslu er takmarkað.*



*Skólastúlka skvettir skólpvatni í skurð fyrir utan heimili sitt eftir hádegismat en ruslinu er safnað í hrúgu við húsvegginn. Í fátækrahverfum Kampala er engin sorphirða og ekkert rennandi vatn inni í húsunum. Rafmagn er af skornum skammti.*



*Þegar rignir flæðir skolpvatnið úr skurðunum inn í hrörleg húsakynnin en sameiginlegir kamrar eins og þessi standa þó hátt í hverfunum.*



*Húsakynni í fátækrahverfunum eru hriplek. Ryðguðu bárujárni er klambrað saman ofan á og til viðbótar við hálfköruð og hriplek múrsteinshús.*



*Anna Nabulya félagsráðgjafi stýrir Kampalaverkefni Hjálparstarfsins. Hún tekur virkan þátt í starfinu og dansar hér með unglingunum í verkmenntamiðstöðinni í Makindyehverfi í Kampala.*

# „Að virkja og valdefla er aðferðin sem við notum“

Anna Nabylua félagsráðgjafi er aðstoðarframkvæmdastjóri Uganda Youth Development Link (UYDEL) og stýrir Kampalaverkefni Hjálparstarfsins. Hún hefur áralanga reynslu af starfi með börnum og unglingum sem eru í viðkvæmri stöðu í samfélaginu og útsett fyrir mansali og annarri misnotkun. Anna segir að til þess að ná bestum árangri í starfinu hafi reynslan kennt að best sé að virkja unglingana og efla sjálfsmynd þeirra með því að fá þeim viðráðanleg verkefni sem samt séu krefjandi. Hún leggur ríka áherslu á að unglingarnir læri um rétt sinn til heilbrigðisþjónustu og um kynheilbrigði. HIVsmit eru tíðari í fátækrahverfunum en annars staðar í Kampala og nýsmit eru tíðust meðal vændiskvenna. Anna og annað starfsfólk UYDEL leitast við að koma unglingunum sem hafa lokið námi í iðngrein í starfsnemastöður í fyrirtækjum en þannig á unga fólkið von um betra líf.

Í verkmenntamiðstöðvunum er kennt fyrir hádegi en eftir hádegi er skipulagt frístundastarf í boði. Eitt af því sem unglingarnir geta lagt stund á er dans og trumbusláttur en í Kampala er vinsælt að ráða danshópa til að sýna hefðbundinn dans í veislum við ýmis tækifæri. Dansinn og tónlistina geta unglingarnir þannig nýtt sér til framfærslu.





Meginmarkmið Kampalaverkefnisins er að byggja sterkt, virkt, vel skipulagt og friðsamlegt samfélag í fátækrahverfum Kampala, höfuðborg Úganda.

Verkefnið er til þriggja ára og kostar um 33 milljónir króna

Markhópurinn eru 1500 börn og ungmenni á aldrinum 13-24 ára

Undirmarkmiðin eru tvö:

1. Að unglingarnir öðlist aukna verkkunnáttu og geti nýtt sér hana til að sjá sér farborða og fái lifað sómasamlegu lífi.
2. Að unglingarnir séu upplýstir um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

## ÞÖKKUM STUÐNINGINN

Innanríkisráðuneytið
ISNIC skráning .is léna
Íslandshótel
ÍAV
Kaffi Torg
Keiluhöllin Egilshöll
KFC
Kjörís
Landsvirkjun
Lindin fjölmiðlun útvarp
Apotek Kitchen + Bar
Lyfja
Mjólkursamsalan
Málning – það segir sig sjálft –
Bed Breakfast Keflavik Airport · Iceland
Ölgerðin Egill Skallagrímsson
Domino's
Póstdreifing

# „Ekki gefast upp, það er alltaf von!“




Nuriette Nagure með kjól sem hún hefur saumað og ætlar að klæðast við útskrift úr verkmenntamiðstöðinni í Makinduehverfi Kampala eftir níu mánaða nám í fatasaum.

Nuriette Nagure er 24 ára gömul. Hún býr við fötlun og ferðast um á hjólastól. Í mars síðastliðnum hitti Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar hana í verkmenntamiðstöðinni í Makindyehverfi Kampalaborgar þar sem hún er að læra að sauma og hanna föt. Aðspurð um hvaða skilaboð hún hefði til ungs fólks á Íslandi svaraði hún: „Við ungt fólk sem býr við fötlun eins og ég vil ég segja: Verið hugrökk, ekki gefast upp, það er alltaf von“ en Nuriette gerir sér von um að geta séð fyrir sér með því að sauma og selja kjóla í framtíðinni. Hún mun njóta stuðnings UYDEL samtakanna sem eru samstarfsaðilar Hjálparstarfsins í Kampala til þess.

UYDEL samtökin hafa rúmlega tuttugu ára reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum Kampala. Þau reka verkmenntamiðstöðvar þar sem unglingarnir geta valið sér ýmis svið til að öðlast nægilega hæfni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði eins og hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun og fleira. Samtökin leitast svo við að unga fólkið fái starfsnemastöður í fyrirtækjum sem oft leiði svo til atvinnutækifæra.



Í Rubaga gefst tækifæri til þess að læra sápugerð. Unga fólkinu býðst líka að læra um það hvernig hægt er að setja á fót sjálfstæðan atvinnurekstur meðal annars til að selja sápuframleiðsluna.



Tölvuviðgerðir og almenn rafvirkjun eru vinsælar námsgreinar meðal drengja í verkmenntastöðinni í Rubagahverfi Kampala. Þegar fulltrúa Hjálparstarfsins bar að var þar aðeins ein stúlka við nám í iðngreininni.



Hárgreiðsla nýtur mikilla vinsælda meðal stúlkna. Að flétta sítt hár örfínum fléttum getur tekið fjórar stúlkur allt að fjórar klukkustundir. Förðun og snyrting eru einnig vinsælar námsgreinar meðal stúlknanna í fátækrahverfunum sem og veitingaþjónusta.






**„Við getum séð um okkur sjálf, við þurfum bara að fá tækifæri til þess ...“**

*... sagði maður í hjólastól við verkefnisstjóra mannúðaraðstoðar Lútherska heimssambandsins í flóttamanna-byggðunum í Palorinya. Flóttafólk á svæðinu sem býr við fötlun fær nú grunnþörfum sínum mætt en er orðið óþreyjufullt að geta haldið áfram og fá lifað eðlilegu lífi með því að vinna fyrir sér.*

# Að byrja upp á nýtt í Palorinya

Framkvæmdastjóri og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar fóru í vettvangsferð til flóttamannabyggða í Moyohéraði í Norður-Úganda í mars síðastliðnum en þar samhæfir Lútherska heimssambandið aðstoð mannúðarsamtaka við flóttafólk frá Suður-Súdan og hefur til þess umboð frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Í flóttamannabyggðunum í Palorinya í Moyohéraði sem á landamæri að Suður-Súdan koma nú daglega um 1500 flóttamenn en alls hafa um 60.000 manns sest að meðal heimamanna í héraðinu síðan í júlí á síðasta ári.

Aðstoðin felst fyrst og fremst í því að tryggja að grunnþörfum fólks sé mætt en síðan tekur við uppbyggingarstarf og að hjálpa fólkinu að aðlagast lífinu meðal heimamanna.

Fulltrúar Hjálparstarfsins fylgdust með því þegar flóttafólk kom á fyrsta viðkomustað eftir að hafa flúið yfir landamærin frá Suður-Súdan. Tekið er á móti fólkinu og það fær orkubita og vatn. Því næst fer það í sjúkraskýli þar sem læknir hlúir að þeim sem þurfa aðstoð. Eftir læknisskoðun sest fólkið hjá fulltrúa Lútherska heimssambandsins sem skráir það bráðabirgðaskráningu. Rúta bíður svo fólksins og keyrir það á móttökusvæði þar sem það fær heitan mat einu sinni á dag og hefur aðgengi að vatni. Fólkið fær efni til að reisa sér bráðabirgðaskýli þar til það flytur á svæði þar sem hægt er að reisa hefðbundin hús. Börnin geta þá tekið þátt í skólastarfi og fólkið fær aðstoð við að aðlagast lífinu á nýjum stað í sátt og samlyndi við heimamenn. Þangað til uppskera fæst fær fólkið mánaðarlega skammta af hráefni til matargerðar.



*Börn finna sér alltaf eitthvað til að leika sér með. Þannig getur tóm plastflaska auveldlega breyst í bíl sem hægt er að draga á eftir sér.*



*Þótt þessi ungi kaupsýslumaður sé nýkominn yfir landamærin er hann farinn að selja samferðafólki varning. Á bak við hann sést hvar fólkið bíður í röð eftir heitri máltíð.*



*Innan nokkurra vikna frá komu til landsins hefur flóttfólkið reist sér hefðbundin hús eins og hér sjást og börnin sækja sveitaskólann.*



*„Sjáðu, hún er að taka af okkur mynd,“ gæti hún verið að segja við barnið sitt konan sem situr fyrir framan aleigu sína og bíður eftir að fá úthlutað segldúk til að reisa bráðabirgðaskýli.*



*Þegar fólk hefur fengið úthlutað segldúk, dýnum og teppum, finnur það sér trjágreinar til að reisa sér bráðabirgðasskýli.*




*Vatn er af skornum skammti. Enn sem komið er flytja tankbílar hreinsað vatn úr Hvítu Níl í tanka sem fólkið sækir vatnið í. Áætlað er að grafa fyrir vatni og leggja leiðslur til flóttamannabyggðanna enda er það mun ódýrari kostur til lengri tíma litið.*

# Ferðir

8. APRÍL 2017 Kynningar: Heimsferðir Celsus



MYND/NORDIC PHOTOS GETTY

# Létu drauminn rætast

Vinirnir Sturla Sær og Erna María áttu sér þann draum að ferðast um Asíu. Fyrr á árinu létu þau slag standa og heimsóttu á ferð sinni m.a. Dúbaí, Taíland, Kambódíu, Balí í Indónesíu og Fídjíeyjar. →2



Framhald af forsíðu ➪

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Vinirnir Sturla Sær Erlendsson Fjeldsted og Erna María Björnsdóttir kynntust í útskriftarferð Menntaskólans við Sund þegar þau voru á þriðja ári og hafa verið bestu vinir síðan. Þau voru lengi búin að ræða sín á milli hversu mikið þau langaði til að ferðast til Asíu saman og kvöld eitt á síðasta ári var fyrsta skrefið tekið að sögn Sturlu. Þau ákváðu að byrja að leggja pening til hliðar fyrir stórri reisu og stefndu á brottför í janúar, fyrr á þessu ári. „Við settum okkur markmið að leggja af stað í janúar en pældum lítið í frekari plönum. Það var ekki fyrr en 2-3 mánuðum fyrir brottför að við settumst niður og bárum saman bækur okkar um hvaða staði og lönd okkur langaði að heimsækja. Svo fórum við á fund með Kilroy, gerðum ferðaplan og bókuðum ferðina.“

Hann segir undirbúninginn aðallega hafa snúist um að safna sem mestu fé og fara í allar nauðsynlegar sprautur fyrir ferðina. „Mikilvægt var að útvega sér góðan bakpoka og allar aðrar nauðsynjar. Erfiðasti hluturinn við undirbúninginn var að ákveða hvaða föt maður ætti að taka með því þau áttu eftir að fylgja okkur næstu mánuði.“

## Fyrsta vesenið

Ferðalagið hófst með flugi til Danmerkur en þaðan var flogið til Dúbaí. Þar eyddu þau nokkrum dögum og fóru m.a. í eyðimerkursafarí og skoðuðu Burj Khalifa, hæstu bygginguheims. „Næst var för okkar heitið til Bangkok í Taílandi en við gáfum okkur mánuð til að ferðast um landið og nágrenni. Fyrsta skrefið var því að taka rútu yfir til Kambódíu en þar lentum við í fyrsta veseni ferðarinnar þegar við ætluðum að fara yfir landamærin. Það endaði þó allt vel eftir smá barning. Kambódía var allt öðruvísi en aðrir staðir sem við heimsóttum. Þar sáum við sólarupprás í Angkor Wat, sem er eitt af undrum veraldar, og fórum í átakamikla skoðunarferð að sjá „Killing Fields“ og S21 fangelsið.“

> Frá upphafi var þessi ferð mikil persónuleg könnun um hvort ég gæti verið frá fjölskyldu og vinum til lengdar því mig langar til að fara í skóla í útlöndum. Ég tel mig klárlega geta það núna.
>
> **Sturla Sær Erlendsson**

Eftir fimm daga í Kambódíu sneru þau aftur til Taílands þar sem þau hittu nokkrar vinkonur sínar á eyjunni Phi Phi. Þar eyddu þau næstu dögum en svo hélt allur hópurinn saman í frekari ferðalög. „Við fórum m.a. í „Full moon“ partí á ströndinni þar sem við hittum fleiri Íslendinga, lentum í alls konar skrautlegum ævintýrum og fórum í fallhlífarstökk.“

## Fídjí var paradís

Eftir góða daga í Taílandi héldu Sturla og Erna til höfuðborgar Malasíu, Kúala Lúmpúr, en þar nutu þau lífsins í botn og kynntumst áhugverðum einstaklingum. Næst var förinni heitið til Balí í Indónesíu með stuttri viðkomu í Singapúr. „Á Balí gistum við í þriggja hæða villu með einkasundlaug sem var klárlega mesti lúxus ferðarinnar. Þar hittum við aðrar íslenskar vinkonur okkar sem eru að starfa þar í nokkra mánuði. Balí var einn af uppáhalds áfangastöðunum mínum í ferðalaginu. Þar sólaði maður sig alla daga, borðaði góðan mat og fór út á kvöldin.“

Ef Balí var skemmtilegur áfangastaður var sá næsti enn skemmtilegri. „Frá Balí flugum við til Fídjíeyja í Kyrrahafi sem er ein mesta paradís sem ég hef séð og án efa fallegasti og skemmtilegasti staður sem við heimsóttum í þessu ferðalagi. Þar fórum við í eyjahopp milli þriggja eyja með hóp af fólki frá öllum heimshornum og eignuðumst einnig góða vini.“



Volgur og fallegur sjórinn freistaði ferðalanganna víða í Asíu.



Fallhlífarstökkið var hápunktur ferðarinnar fyrir Sturlu enda er hann afar lofthræddur.

Lokaland ferðalagsins var Bandaríkin en frá Fídjí flugu þau til Los Angeles þar sem kærasti Ernu hitti þau. „Í LA tókst okkur loks að kíkja í búðir og versla fyrir allan peninginn sem við áttum eftir. Við fengum okkur líka tattú á Venice Beach og nutum þess vel að vera komin í nútímasamfélag. Þá var komið að því að leiðir okkar skildi, Erna og Aron, kærasti hennar, fóru til New York en ég flaug til fjölskyldu minnar í Seattle og eyddi afmælinu mínu þar áður en ég hélt ferðinni heim á ný.“

## Fallhlífarstökk hápunkturinn

Ferðin var frábær í alla staði en aðspurður um hápunkt hennar nefnir hann fallhlífarstökkið. „Ég hélt að ég myndi aldrei þora því ég er svo innilega lofthræddur. Ef það er einhver einn staður sem stendur upp úr þá eru það Fídjíeyjar. Það sem kom mér helst á óvart var hvað menningin er svo allt önnur en hér heima, það ríkir mikil fátækt á mörgum þessara staða og maður áttar sig á því hvað maður er heppinn að búa á Íslandi.“



Erna og Sturla á góðri stundu.

> Ef það er einhver einn staður sem stendur upp úr þá eru það Fídjíeyjar.

Hvað skyldi svona ferðalag hafa kennt hinum 22 ára gamla Sturlu Sæ? „Frá upphafi var þessi ferð mikil persónuleg könnun um hvort ég gæti verið frá fjölskyldu og vinum til lengdar því mig langar til að fara í skóla í útlöndum. Ég tel mig klárlega geta það núna því í rauninni langaði mig aldrei heim. Reyndar hefði ég alveg verið til í að framlengja ferðina um nokkra mánuði. Þetta er klárlega hlutur sem mig langar að prófa aftur. Það er bara tímaspursmál hvenær ég verð búinn að skoða allan heiminn.“

Áhugasamir geta skoðað myndir úr ferð þeirra á Instagram (@Stulliish).




Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is


Beint flug
31. maí – 10. júní
BÚLGARÍA
Drekktu í þig sólina
Tripical býður nú ótrúlegt kynningarverð á sann-kallaðri ævintýraveislu við Sólströnd (Sunny Beach) í Búlgaríu.
Flogið er þráðbeint og gist á Galeon Residence and SPA, fimm stjörnu hóteli við ströndina. Stórfínir golfvellir eru innan seilingar og háaldraðir og heillandi bæir í nágrenninu bíða þess að vera kannaðir nánar af forvitnum ferðalöngum.
Búlgaría er ægifagurt land, ríkt af sögu og menningu. Ekki spillir fyrir að það er með þeim ódýrustu í Evrópu.
Sérstakt verð fyrir landkönnuði!
Verð frá
105.000 kr.
m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Bókaðu núna – aðeins 100 sæti í boði.
tripical.is / 519 8900
Tripical

# FARÐU ÚT

## MEÐ GAMAN FERÐUM!

Hjá Gaman Ferðum leggjum við áherslu á að vera með góðar íbúðagistingar, fyrsta flokks hótel og gott verð. Komdu með því sólin skín hjá Gaman Ferðum!

## TENERIFE



### Green Garden Resort & Suites ****

*Verð frá:* **74.500 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára). Ferðatímabil: 17.- 24. júní '17. *Verð frá 98.500 kr. miðað við 2 fullorðna.*



### Tigotan ****

*Verð frá:* **118.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna. Ferðatímabil: 1.-8. júlí 2017. Hálft fæði innifalið.



### H-10 Las Palmeras ****

*Verð frá:* **112.900 kr.**

Miðað við 2 fullorðna. Ferðatímabil: 9.-16. maí 2017. Hálft fæði innifalið.

## LLORET DE MAR



### Delamar ****

*Verð frá:* **103.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna. Ferðatímabil: 1.-9. sept. 2017. Morgunverður innifalinn.



### Anabel ****

*Verð frá:* **82.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og eitt barn (2-12 ára). Ferðatímabil: 2.-10. júní 2017. Morgunverður innifalinn. *Verð frá 107.900 kr. miðað við 2 fullorðna.*



### Olympic Palace ****

*Verð frá:* **110.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og tvö börn (2-12 ára). Ferðatímabil: 29.05-06. júní 2017. Allt innifalið. *Verð frá 130.500 kr. miðað við 2 fullorðna.*

Bæjarhraun 14, sími 560 2000 / gaman.is / gaman@gaman.is / Gaman Ferðir fljúga með WOW air





## SALOU



### Apartamentos California ***

*Verð frá:* **75.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og eitt barn (2-12 ára).
Ferðatímabil: 22.-30. maí 2017. Morgunverður innifalinn.
*Verð frá 89.900 kr. miðað við 2 fullorðna.*



### Regina Gran ****

*Verð frá:* **115.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og eitt barn (2-12 ára).
Ferðatímabil: 10.-18. júlí 2017. Akstur og hálft fæði innifalið.
*Verð frá 134.900 kr. miðað við 2 fullorðna.*



### Playa Park ***

*Verð frá:* **89.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og tvö börn (2-12 ára).
Ferðatímabil: 28.06-06. júlí 2017. Hálft fæði innifalið.
*Verð frá 108.900 kr. miðað við 2 fullorðna.*

## ALBIR




### Albir Playa ****

*Verð frá:* **77.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og tvö börn (2-12 ára).
Ferðatímabil: 16.-24. júlí 2017. Morgunverður innifalinn.
*Verð frá 99.500 kr. miðað við 2 fullorðna.*



### Sun Palace ****

*Verð frá:* **74.700 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og eitt barn (2-12 ára).
Ferðatímabil: 20.-28. júní 2017. Morgunverður innifalinn.
*Verð frá 89.000 kr. miðað við 2 fullorðna.*



### Kaktus ****

*Verð frá:* **92.500 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og tvö börn (2-12 ára).
Ferðatímabil 16.-24. maí 2017. Morgunverður innifalinn.
*Verð frá 107.800 kr. miðað við 2 fullorðna.*

Gaman
Ferðir

# Handtöskur í þúsundatali

## Amsterdam hýsir mörg áhugaverð söfn. Eitt þeirra er Tassenmuseum þar sem hægt er að kynna sér sögu handtöskunnar í yfir fimm hundruð ár.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



Tassenmuseum Hendrikje eða handtöskusafnið í Amsterdam er starfrækt af hjónunum Hendrikje og Heinz Ivo. Starfsemi safnsins hófst í tveimur herbergjum heima hjá hjónunum en er í dag stærsta safn sinnar tegundar í heiminum. Upphaf safnsins má rekja til dálætis Hendrikje á antíkmunum. Hún safnaði að sér munum á ferðalögum um allan heim og ýmist seldi eða átti sjálf. Á ferðalagi eitt sinn um England komu hjónin við í litlu sveitaþorpi og keypti hún sér litla handtösku úr leðri, alsetta perluskeljum. Taskan hafði verið saumuð í Þýskalandi árið 1820 og vakti saga töskunnar áhuga Hendrikje og manns hennar, Heinz, á handtöskum yfirleitt og þróun þeirra gegnum aldirnar. Handtöskur gefa enda vísbendingu um lífsstíl Evrópubúa gegnum aldirnar, hvaða hluti fólk bar á sér og ólíkan lífsstíl karla og kvenna. Á nokkrum árum söfnuðu Ivo-hjónin að sér á ferðalögum sínum, yfir 3.000 töskum og þá var tími til kominn að sýna fleirum safnið. Árið 1996 settu þau hluta safnsins upp í tveimur herbergjum heima hjá sér. Tíu árum síðar voru töskurnar orðnar miklu fleiri og stöðugur straumur gesta kallaði á meira pláss.

Árið 2007 keypti fjársterkur aðdáandi safnsins glæsileg húsakynni í miðborg Amsterdam undir töskusafnið. Byggingin er frá 17. öld og hýsti áður hástéttarfjölskyldur, meðal annars borgarstjóra Amsterdam. Í salarkynnum hússins er nú að finna kaffihús og safnbúð. Í safninu eru yfir fimm þúsund töskur sem spanna yfir 500 ára sögu. Gegnum tíðina hefur safnið fengið töskur að gjöf, meðal annars handtöskur úr eigu hollensku konungsfjölskyldunnar og töskur kvikmyndaleikara, en á safninu er að finna handtösku Madonnu sem hún bar á frumsýningu myndarinnar Evitu árið 1996 . Yfir 85.000 gestir heimsækja safnið á ári.

Nánar www.tassenmuseum.nl



Sögu handtöskunnar eru gerð góð skil á safninu og hún gefur innsýn í lífsstíl Evrópubúa í yfir 500 ár.



Auk sýningargripa er töskuverslun með hátískuhönnun að finna í safninu.

> **Starfsemi safnsins hófst í tveimur herbergjum heima hjá hjónunum en er í dag stærsta safn sinnar tegundar í heiminum.**



Kaffihúsið er í glæsilegum salarkynnum. Húsið er frá 17. öld og hýsti áður hástéttarfjölskyldur.



Kósí setustofa. Húsið var gert upp og fyrra horfi þess haldið til haga.

# Eftirsóttur ferðamannastaður

Langar þig til útlanda en veist ekki hvert þú átt að fara? Samkvæmt Lonely Planet hópnum er best að fara til Kanada á þessu ári. Kanada var ofar á lista en New York yfir þá staði sem gaman væri að heimsækja á árinu. Þá var Kanada númer tvö á lista yfir bestu ferðastaðinu í tímaritinu Harpers Bazaars. Bent er á fallega staði eins og Vancouver-eyju sem er ekki langt frá borginni Vancouver. Eyjan er stór og býður upp á ævintýralegt landslag og mikla afþreyingarmöguleika.

Til að komast til eyjunnar er best að fljúga til Seattle í Bandaríkjunum. Fallegur bær á Vancouver-eyju heitir Victoria og þykir hann einstaklega sjarmerandi. Fallegar byggingar prýða bæinn og glæsilegir almenningsgarðar. Það fyrsta sem blasir við gestum eru litlir túristabátar í höfninni í Victoriu.

Eyjan er í Kyrrahafi og er hluti af British Columbia í Kanada. Þarna var bresk nýlenda á nítjándu öld og byggingarstíll er undir áhrifum þess tíma. Frumbyggjar hafa búið á eyjunni í aldir.

Í Victoriu er Kínahverfi, eitt það elsta í Kanada og N-Ameríku. Um árið 1850 komu þúsundir Kínverja til eyjarinnar í leit að gulli og ríkidæmi. Auk þess komu um 15 þúsund Kínverjar um 1880 til að vinna við lagningu járnbrautarteina við strönd Kyrrahafsins. Kínahverfið í Victoriu laðar að þúsundir ferðamanna enda þykir það afar sérstakt hvað varðar byggingar og umhverfi. Þar er fjöldi veitingastaða. Á Vancouver-eyju eru nokkur friðlýst svæði og þjóðgarðar. Sjá má afar sjaldgæf dýr á eyjunni. Lax- og silungsveiði er í ám og vötnum. Eyjan er sú stærsta í Norður-Ameríku og þar er ákaflega milt loftslag. Sítrónu- og ólífutré má sjá þar, rétt eins og við Miðjarðarhafið. Eyjan er einn vinsælasti ferðamannastaður í Kanada.



Vancouver-eyja er fallegur staður.

# Fólk Helgin

LAUGARDAGUR 8. APRÍL 2017




„Drónar eru orðnir mjög algengir við ýmis störf og við ólík áhugamál og því ekki skrýtið hvað þeir eru vinsælir," segir Sigurður Helgason, framkvæmdastjóri iStore. Í lok apríl verður opnuð ný og glæsileg drónaverslun í miðborg Reykjavíkur. MYNDIR/VILHELM

# Glæsileg drónaverslun á besta stað í bænum

Í lok apríl mun ný og glæsileg DJI drónaverslun verða opnuð á besta stað í miðborg Reykjavíkur. Drónar hafa notið mikilla vinsælda undanfarið ár enda nýtast þeir á ótal vegu. Nýja verslunin verður öll hin glæsilegasta. →2



**Hátíðin Aldrei fór ég suður hefst á skírdag.** Kristján Freyr Halldórsson segir að þetta verði flott hátíð í nýuppgerðri skemmu.

helgin →6



Fæst í næsta apóteki eða heilsuvöruverslun

Framhald af forsíðu ➪

Ný og glæsileg DJI drónaverslun verður opnuð á besta stað í miðbæ Reykjavíkur í lok þessa mánaðar. Það eru eigendur iStore, söluaðilar iPhone síma, Apple tölva og fleira gæðavara, sem standa á bak við verslunina sem verður til húsa í Lækjargötu 2b. Verslunin mun eingöngu selja dróna frá þessum stærsta drónaframleiðanda heims að sögn Sigurðar Helgasonar, framkvæmdastjóra iStore. „Við höfum selt dróna frá DJI í um eitt ár sem er langstærsta merkið í þessum bransa og viðtökur landsmanna hafa verið ótrúlegar. Okkur þótti því vel við hæfi að opna opinbera DJI verslun hér á landi en hún er hönnuð í samvinnu við DJI."

Á einu ári hefur iStore selt rúmlega 600 dróna af öllum stærðum og gerðum og úrvalið í nýju versluninni verður mjög gott að sögn Sigurðar. „Við munum selja dróna í ýmsum stærðum og verðflokkum, allt frá 69.900 kr. upp í 870.000 kr. Sá allra vinsælasti þessa dagana er MAVIC PRO sem er rosalega lítill og nettur en hægt er að brjóta hann saman svo hann verður jafn lítill og vatnsflaska. Því er auðvelt að ferðast með hann hvert sem er en honum er hægt að fljúga á allt að 64 km hraða á klukkustund og í um 27 mínútur. Hann eltir mann, hvort sem maður er hlaupandi, á hjóli eða klífandi fjöll. Þessi dróni kostar frá 169.900 kr."

## Nýtast víða

Drónar eru orðnir mjög algengir við ýmis störf og við ólík áhugamál og því ekki skrýtið hvað þeir eru vinsælir segir Sigurður. „Við eigum von á nýjum dróna sem virkar vel í roki, rigningu og snjókomu auk þess sem hægt er að festa við hann tvær aukamyndavélar. Þessir drónar hafa einnig hitaskynjara og „zoom-a" vel. Drónarnir henta vel t.d. við björgunarstörf, við eftirlit á möstrum og með girðingum og við ýmsar mælingar. Bændur hafa notað dróna til að fylgjast með fénu sínu og girðingum enda drífa þeir allt að 3,5 km. Það er því mikill tímasparnaður fólginn í notkun þeirra við fjölmörg störf."

Drónar eru líka frábærir fyrir kvikmyndaáhugafólk, t.d við gerð tónlistarmyndbanda og persónulegra myndbanda. „Margir eignast alveg ný áhugamál með tilkomu drónanna, þ. á m. ég sjálfur. Ég varð heltekinn frá fyrstu stundu og dróninn minn fylgir mér næstum hvert sem ég fer. Sjálfur hef ég t.d. sett tvö myndbönd inn á Facebook sem vöktu mikla athygli, sérstaklega myndbandið frá flugeldaveislunni yfir höfuðborgarsvæðinu síðasta gamlárskvöld."

iStore hefur alltaf lagt mjög mikla áherslu á persónulega og góða þjónustu. „Hingað til hafa þeir sem hafa keypt iPhone síma, Apple tölvur og DJI dróna hjá okkur fengið lánað tæki á meðan viðgerð stendur yfir. Nýja verslunin mun að sjálfsögðu fylgja þeirri stefnu enda reynum við alltaf að veita framúrskarandi þjónustu."




MacBook tölvurnar eru mjög vinsælar fermingargjafir auk þess að henta vel við flest tilefni.

» Við höfum selt dróna frá DJI í um eitt ár sem er langstærsta merkið í þessum bransa og viðtökur landsmanna hafa verið ótrúlegar.




Gott úrval dróna og fylgihluta frá DJI.




MAVIC PRO er allra vinsælasti dróninn þessa dagana enda lítill og nettur.

## MacBook slegið í gegn

Það eru ekki bara drónar sem hafa verið vinsælar undanfarið ár í iStore. MacBook fartölvurnar hafa líka slegið í gegn að sögn Sigurðar. „Þessar nýju MacBook tölvur hafa mjög þunnan skjá og örþunnt lyklaborð með baklýstum íslenskum hnöppum. Force Touch fjölsnertiflöturinn tryggir hárnákvæma stýringu á bendlinum auk þess sem hann skynjar líka þrýsting fingranna og hröðun." MacBook Air er á tilboði þessa dagana á 149.900 kr. Þær hafa verið vinsælar fermingargjafir en henta auk þess öllu skólafólki og starfsfólki á vinnumarkaði.

Ekki má gleyma nýjasta æði landsmanna, sérstaklega af yngri kynslóðinni, sem er Hoverboard-hjólið. „Þetta er líkt og að standa á hjólabretti sem hefur tvö hjól. Ef maður hallar sér fram hjólar það áfram og einnig er hægt að hjóla aftur á bak. Hjólið er að mörgu leyti líkt og Segway, bara án stangarinnar. Það er svo sannarlega að slá í gegn hjá unga fólkinu og er nú á góðu tilboði hjá okkur frá 49.900 kr."

Nánari upplýsingar má finna á www.istore.is

" Margir eignast alveg ný áhugamál með tilkomu drónanna, þ. á m. ég sjálfur. Ég varð heltekinn frá fyrstu stundu og dróninn minn fylgir mér næstum hvert sem ég fer.

Sigurður Helgason



Veglegt hlaðborð með fjölbreyttum og bragðgóðum réttum
Tilvalið fyrir fjölskyldur!




Krakkar að 5 ára aldri borða frítt
5 -12 ára börn 1.200kr.
HLAÐBORÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11:00 - 14:00
Verð kr. 2.100
Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00
Kinahofid
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | kinahofid@kinahofid.is | Sími 554 5022
Við erum á facebook
www.kinahofid.is

# Stundar hreyfingu án verkja

## Sigurður átti orðið erfitt með fjallgöngur vegna verkja, en stefnir núna á IronMan í sumar eftir að hann fór að taka inn Amínó Fiskprótín Liðir.

Sigurður Ólafsson kynntist Amínó Fiskprótín Liðir eftir ábendingu frá fjölskyldumeðlimi sem vissi að hann var búinn að eiga við ónot í hnjám. Sigurður hefur alla tíð verið duglegur að stunda einhvers konar hreyfingu, en fyrir um það bil fimm árum fór að bera á verkjum í hnjám.

„Árið 2012 byrjaði ég að stunda fjallgöngur í töluvert miklum mæli en það eina sem skyggði á ánægjuna voru verkir sem ég fór að finna fyrir þegar leið á göngurnar," segir Sigurður.

„Þegar ég byrjaði að taka þátt í Landvættaprógrammi hjá Ferðafélagi Íslands haustið 2015, þar sem mikið er um hlaupa- og hjólaæfingar, fór enn meira að bera á þessum verkjum. Eftir að hafa reynt ýmsar vörur prófaði ég Amínó Fiskprótín Liði. Mjög fljótlega tók ég eftir gríðarlega miklum mun. Þetta er í fyrsta skipti sem ég tek fæðubótarefni sem algjörlega breytir aðstæðum mínum þannig að ég get stundað hreyfingu án verkja," segir hann.

„Haustið 2016 byrjaði ég að æfa fyrir IronMan keppni sem verður haldin í Kaupmannahöfn seinnipart sumars 2017. Æfingaálagið er töluvert mikið og ef ekki væri fyrir Amínó Fiskprótín Liði þá væri ég ekki að ná sama magni af æfingatímum í viku."

Amínó vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda IceProtein® ásamt öðrum lífvirkum efnum. Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrlegum efnum úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúgu (Cucumaria frondosa) og IceProtein® (vatnsrofin þorskprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski.

Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgna-extraktið ríkt af sinki, joði og járni sem og bólguhemjandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins ® inniheldur Amínó Liðir túrmerik, D- og C-vítamín og mangan. Rannsóknir hafa sýnt að vatnsrofið fiskprótín, eins og eru í IceProtein®, auka upptöku á kalki úr meltingarvegi og styðja þannig við liðaheilsu. Kollagen, chondroitin sulphate, D- og C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsubætandi virkni þorskpeptíðanna.



Sigurður Ólafsson er að vonum ánægður.




> **Amínó Liðir hefur gjörbreytt aðstæðum mínum og nú get ég stundað hreyfingu án verkja.**

Að sögn dr. Hólmfríðar Sveinsdóttur, stofnanda og framkvæmdastjóra PROTIS ehf., sem framleiðir Amínó® vörulínuna, er fiskprótínið unnið úr hágæða hráefni sem fellur til við flakavinnslu á íslenskum þorski. „Markmiðið er að hámarka nýtingu á einstakri náttúruauðlind og bæta lýðheilsu.

Fæst í apótekum, heilsuverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða. Nánari upplýsingar má finna á www.icecare.is.

# Fæðubótarefni sem stuðlar að betri heyrn

Vita Ear TM fæðubótarefnið frá New Nordic er ætlað til að viðhalda góðri heyrn. Óþægindi vegna skertrar heyrnar geta haft áhrif á lífsgæðin.

**Inniheldur**

- Jurtablönduextrakt úr berki franskra barrtrjáa sem styrkir og viðheldur góðri heyrn.
- Gingko biloba sem eykur blóðflæði í hárfínum æðum til eyrans.
- Magnesium sem viðheldur jafnvægi rafvaka í líkamanum.
- 1 tafla á dag.
- Fæst í apótekum og heilsuverslunum.

> **Vita Ear inniheldur Gingko biloba sem eykur blóðflæðið.**




Vita Ear fæst í apótekum og heilsuverslunum.

# Guðbjörg mælir heils hugar með Bio-Kult Candéa

Bio-Kult er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Guðbjörg Gísladóttir finnur stórkostlegan mun á sér eftir að hún hóf notkun Bio-Kult Candéa

Guðbjörg Gísladóttir hefur góða reynslu af notkun Bio-Kult Candéa og finnur mun á sér eftir að hún fór að nota það. „Eftir að ég komst á ákveðinn aldur fór ég að finna í auknum mæli fyrir óþægindum vegna breytinga í slímhúðinni en eftir að ég byrjaði að nota Bio-Kult Candéa fann ég stórkostlegan mun á mér. Í gegnum tíðina hef ég einnig glímt við alls konar vandamál tengd ójafnvægi í flóru líkamans og finn ég að Bio Kult Candéa er að virka rosalega vel fyrir mig," segir Guðbjörg.

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og „grape seed extract". Bio-Kult Candéa hylkin stuðla að eðlilegu flórujafnvægi og stuðla að eðlilegri meltingu. Vinnur meðal annars á brjóstsviða, húðvandamálum og roða í húð. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna.

Bio-Kult hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn.



Guðbjörg Gísladóttir finnur mikinn mun eftir að hafa tekið inn Bio-Kult.



# Túrar með gítar og ballettskó

## Síðasta sýning Íslenska dansflokksins á verkinu Fórn fer fram á morgun í Borgarleikhúsinu. Aðalheiður Halldórsdóttir segir ævintýrinu ekki lokið.

Fórninni er nú bara alls ekkert lokið. Eftir að sýningum lýkur hér á Íslandi tekur við flandur um heiminn. Nú þarf maður að læra að túra með gítar og læra að setja strengi í hljóðfærið. Á túr með gítar og ballettskó. Það er eitthvað. Og nei, það er ekkert stress, þetta er í góðum höndum allt saman,“ segir Aðalheiður Halldórsdóttir en hún hefur dansað með Íslenska dansflokknum frá árinu 2004.

Hún segir að á ýmsu hafi gengið við sýningarnar enda viðamikið verkefni.

„Fórnarhátíðin er tífalt stærri en dansflokkurinn sem stendur undir henni. Að skapa sviðsverk, skjóta heila kvikmynd og læra svo á gítar ofan á allt saman er ekkert smáræði. Tilfinningaskalinn eins og hann leggur sig hefur komið við sögu. Ég dansa í sviðsverkinu Shrine eftir Ernu Ómarsdóttur sem ég hef unnið með nokkrum sinnum áður svo það er svolítið í blóðinu. Svo er ég í Verkinu No Tomorrow eftir Ragnar Kjartansson og Margréti Bjarnadóttur þar sem ég fer töluvert út fyrir rammann minn. Mjög skemmtilega krefjandi og gefur mér mikið.

**Hvernig undirbýrðu þig fyrir sýningu?** „Ég byrja á því að fara inn á svið með minn forláta gítar og renni músíkinni í No Tomorrow. Svo hita ég kroppinn, tek eina ballettstöng og svo niður á svið að skaka mér svolítið með tónlist í eyrunum. Svo hittumst við gítardömur og rennum einhverjum pörtum saman. Stundum þarf eitthvað að laga úr öðru hvoru verkinu. Svo reynir maður að næra sig eitthvað áður en maður málar sig og skellir sér í búning.“

**Hvernig ganga helgarnar fyrir sig þegar þær eru ekki undirlagðar dansi?** „Ég sjæna heimilið á laugardagsmorgnum og hendi mér svo í laugina. Eða sný því við og fer í laugina áður en allir vakna. Með kútinn minn litla. Dett svo inn í heimsókn einhvers staðar eða býð til mín. Það er meiri slaki og kyrrð í sunnudögunum. Mér finnst best ef ég næ að setjast aðeins og skrifa eitthvað. Róandi fyrir hugann. Við æfum yfirleitt ekki um helgar en það eru auðvitað oft sýningar. Mismargar eftir verkefnum.“

**Morgunmaturinn?** Ég er grautarpési. Uppfærður grautur er þá grautarlummur með hlynsírópi. Uppfærðar grautarlummur fá svo spælegg og beikon með sér. Og kaffið mitt. Morgunkaffið í rólegheitum.

**Afslappelsið?** „Ef ég er þreytt þá dembi ég mér kylliflatri á sófann og geri ekki baun í bala. Ef ég er ekki þreytt þá er það þetta helst að lesa, skrifa og leika við drenginn minn. Það er reyndar ófremdarástand á bænum þar sem ég á ekki hátalara. Það er skelfilegt að geta ekki sett tónlist á almennilega. Ég óska eftir notuðum ágætis/góðum hátölurum. Það er ekkert grín að geta ekki sett á tónlist.“

**Djamm eða sófinn heima?** „Ég eignaðist nýtt heimili nýverið og uni mér ótrúlega vel heima. Ég hefði samt gott af því, svona með vorinu, að hrista aðeins upp í þessu og fara á stjá.“





„Nú þarf maður að læra að túra með gítar og læra að setja strengi í hljóðfærið,“ segir Aðalheiður Halldórsdóttir, dansari. MYND/SAGA SIG

> „Að skapa sviðsverk, skjóta heila kvikmynd og læra svo á gítar ofan á allt saman er ekkert smáræði. Tilfinningaskalinn eins og hann leggur sig hefur komið við sögu.
>
> Aðalheiður Halldórsdóttir

**Hvað sástu síðast í leikhúsi?** „Ræmuna og Sölku Völku minnir mig. Ég er frekar dugleg að sækja leiksýningar.“

**Bókin á náttborðinu?** „Minningabók Sigurðar Pálssonar. Hún er búin að liggja svolítið lengi lesin þar. Vantar nýja.“

**Tónlistin í eyrunum?** „Allsherjar hrærigrautur. Mig vantar samt alltaf nýja. Mér finnst ég alltaf klára tónlistina sem ég á. Ofhlusta. Það má líka senda mér ábendingar í þeim efnum.“





PH
Tilvalið í
fermingar
pakkann
bobble
hrím
www.hrim.is
Laugaveg 25 / Laugaveg 32 / Kringlunni
S: 553-3003 / S:553-2002 / S:553-0500

# Iðandi rokkveisla

**Rokkhátíðin Aldrei fór ég suður hefst á skírdag og undirbúningur hefur verið á fullu. Mikill áhugi er á hátíðinni.**

Elín Albertsdóttir
elin@365.is





Kristján Freyr Halldórsson er rokkstjóri Aldrei fór ég suður. Undirbúningur er á fullu og Kristján lofar flottustu hátíðinni í endurbættri skemmu. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

Kristján Freyr Halldórsson er rokkstjóri hátíðarinnar að þessu sinni. Hann hefur ekki áður gegnt því starfi þótt hann hafi verið viðriðinn hátíðina frá upphafi. Aldrei fór ég suður var fyrst haldin árið 2004 og hefur stækkað og þróast ár frá ári. „Ég hef unnið við skipulagningu og undirbúning frá byrjun og er því ekki ókunnugur starfinu þótt ég hafi núna hlotið þennan virðulega titil,“ segir Kristján sem fór suður í orðsins fyllstu merkingu. Hann er frá Hnífsdal en er núna búsettur í borginni. Kristján var einmitt nýbúinn að skrifa undir kaupsamning að nýrri íbúð í Hlíðunum ásamt konu sinni, Bryndísi Stefánsdóttur, þegar við slógum á þráðinn til hans. „Hlíðarnar eru eins og lítið þorp með kaupmanninn á horninu. Okkur finnst skemmtilegt að upplifa þorpið í borginni. Á meðan á undirbúningi hátíðarinnar stendur bý ég hins vegar hjá mömmu á Ísafirði svo ég er kominn heim,“ segir hann.

## Okkar þjóðhátíð

Undirbúningur er á fleygiferð. „Það er eiginlega lygilega mörg verk að vinna þótt hátíðin sé bara í tvo daga. Meðfram undirbúningi er ég að skrásetja verkin þannig að rokkstjóri næstu ára geti unnið eftir ákveðnu Excel-skjali,“ segir Kristján sem á ekki von á því að halda starfinu áfram á næsta ári. „Okkur finnst alveg tími til að yngja upp,“ segir hann og hlær. „Þetta má ekki líta út eins og miðaldursrokkhátíð,“ gantast hann með en bendir á að gott sé að hafa dreifðan aldur og nýtt blóð. „Það er samt alltaf gaman hjá okkur. Við erum tuttugu manna hópur úr öllum áttum sem komum að undirbúningi hátíðarinnar. Allt samfélagið hér fyrir vestan kemur auk þess að þessum viðburði á einn eða annan hátt. Við viljum virkja fólk á Vestfjörðum og búa til stemningu um páskana. Þetta er okkar þjóðhátíð.“

## Aukning á hverju ári

Kristján segir að gestum sé alltaf að fjölga. „Í fyrra komu hingað um 3.500 manns samkvæmt tölum sem við höfum fengið frá Flugfélagi Íslands og Vegagerðinni. Það er alveg magnað. Menningin blómstrar á Ísafirði ekkert síður en í Reykjavík. Okkur hefur tekist ótrúlega vel að fá tónlistarmenn. Við viljum hafa blandaða tónlist og hún verður fjölbreytt núna. Ég get nefnt Emmsjé Gauta, KK-band, Valdimar, Ham, Mugison, Hildi, Rythmatik og Lúðrasveit Ísafjarðar. Svo koma tvær ungar hljómsveitir frá Suðureyri auk annarra. Þetta verður góð flóra. Mér þykir gaman hversu margar stelpur eru í popp- og rokktónlist.“

Kristján vann lengi hjá Máli og menningu á Laugaveginum en starfar nú á auglýsingastofunni Árnasynir. Hann segist vera með stanslausan kvíðahnút yfir að gleyma einhverju fyrir hátíðina. „Þetta gengur samt eins og vel smurð vél með góðri samvinnu. Ég hef mjög gaman af því að fást við þetta verkefni og það er mikil tilhlökkun í loftinu.

Við höfum bætt aðstöðuna í skemmunni og höfum útbúið aðgengi fyrir fatlaða. Þá er búið að endurgera veitingasöluna. Við hlökkum mikið til að bjóða gestum til okkar. Þetta er fjórtánda hátíðin og hún hefur aldrei verið flottari.“


Valdimar er meðal þeirra sem koma fram á Aldrei fór ég suður.

> **Við höfum bætt aðstöðuna í skemmunni og höfum útbúið aðgengi fyrir fatlaða. Þá er búið að endurgera veitingasöluna.**
>
> Kristján Freyr Halldórsson




# TAX FREE

## FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS




habitat

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-LAU KL. 10–18
OG SUN KL. 13–17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

# Kitlivél og sápukúlublásari

## Krakkar og foreldrar þeirra geta komið á Borgarbókasafnið í Spönginni í dag og búið til kitlivél og sápukúlublásara úr þar til gerðum kubbum.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Allir krakkar og fjölskyldur eru velkomin á opið tækni- og tilraunaverkstæði Borgarbókasafnsins í Spönginni í dag á milli klukkan 13 og 15. Þar verður LittleBits í aðalhlutverki en um er að ræða nokkurs konar tæknilegó, en þó ívið flóknara. LittleBits virkar þannig að einn kubbur er settur í samband við rafhlöðu og síðan er ólíkum kubbum púslað saman með segli. Með því að raða kubbunum saman er hægt að kveikja á ljósaperu eða búa til skemmtilega hluti, eins og hitamæli, dyrabjöllu, vél sem býr til sápukúlur og kitlivél en þá er fjöður sett á eininguna sem snýst. Þetta er einföld og skemmtileg leið til að fikta og láta reyna á hugmyndaflugið og læra eitthvað nýtt í leiðinni,“ segir Nanna Guðmundsdóttir, deildarbókavörður barnastarfs.

### Efla tæknilæsi ungmenna

Tækni- og tilraunaverkstæðið er hluti af átaki Borgarbókasafnsins við að efla tæknilæsi hjá börnum og ungmennum með því að gefa þeim kost á að kynnast tækni og forritum á aðgengilegan hátt. „Við erum í samstarfi við samtökin Kóder, sem hafa staðið að fjölbreyttum námskeiðum fyrir börn og unglinga í forritun, tæknilæsi og -kunnáttu. Kóder eru hugsjónasamtök sem samanstanda af tölvunarfræðingum og nemum í tölvufræði og þeir stefna að því að gera forritun aðgengilega fyrir öll börn, óháð efnahag foreldra,“ útskýrir Nanna.

> **Með því að raða kubbunum saman er hægt að kveikja á ljósaperu eða búa til skemmtilega hluti, eins og hitamæli, dyrabjöllu, vél sem býr til sápukúlur og kitlivél.**
>
> Nanna Guðmundsdóttir



Borgarbókasafnið vinnur að tölvu- og tæknilæsi barna. MYND/GVA

> **Hér í Spönginni eru líka tölvur þar sem krakkar geta prófað sig áfram með einfaldri forritun með handbækur sér til hliðsjónar. Á mánudaginn geta skólabörn sem eru í páskafríi komið til okkar því þá verðum við aftur með LittleBits námskeið.**
>
> Nanna Guðmundsdóttir



LittleBits virkar þannig að einn kubbur er settur í samband við rafhlöðu og síðan er ólíkum kubbum púslað saman með segli. MYND/GVA

Kóder hefur einnig staðið fyrir námskeiðum í skólum og félagsmiðstöðvum við miklar vinsældir, enda hefur gott tæknilæsi aldrei verið jafn mikilvægt og einmitt nú en með því opnast nýjar dyr innan tölvuheimsins og börn geta eflt eigin rökvísi og sköpunargáfu.

### Læra eitthvað nýtt

„LittleBits kubbarnir reyna ekki mikið á lestrarkunnáttu eða færni í erlendum tungumálum. Allir ættu að geta leikið sér með þá og haft gaman af. Þetta er kjörið tækifæri fyrir foreldra og börn til að vera saman og læra eitthvað nýtt,“ fullyrðir Nanna.

### Áhugi á tækni og tölvum

Námskeið með LittleBits var haldið í Gerðubergi fyrir viku og þá mættu meira en áttatíu manns, að sögn Nönnu. Hún vonast til að námskeið á borð við þetta verði til þess að auka áhuga barna og ungmenna á hagnýtri tækni og tölvumálum. „Þau sjá hvað hægt er að gera með einfaldri tækni. Hér í Spönginni eru líka tölvur þar sem krakkar geta prófað sig áfram með einfaldri forritun með handbækur sér til hliðsjónar. Á mánudaginn geta skólabörn sem eru í páskafríi komið til okkar því þá verðum við aftur með LittleBits námskeið en í þetta sinn í tvo klukkutíma eða frá klukkan 14.30-16.30,“ segir Nanna.






## Meiriháttar góð sumarvinna!

**Rauði krossinn á Íslandi leitar að góðu fólki á aldrinum 20-30 ára** til að starfa með félaginu í sumar. Um er að ræða vinnu hálfan daginn sem felur í sér söfnun **MANNVINA – sem eru styrktarfélagar Rauða krossins.**

Viðkomandi þarf að hafa áhuga á mannúðarmálum, hafa góða framkomu, vera jákvæður og geta unnið sjálfstætt. Þekking og reynsla af störfum Rauða krossins er kostur.

› Vinsamlega sendið umsókn með ferilskrá og meðmælum á **helga@redcross.is** fyrir 20. apríl. Fyrirspurnir sendist á sama netfang.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 15-0706

Rauði krossinn
Af mannúð í 90 ár




- Skapandi og lausnamiðaður tæknimaður
- Góð þekking á 3D-teikniforritum
- Góð þekking á raf- og vélbúnaði æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð og útsjónarsemi
- Mikill metnaður og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku

**Nánari upplýsingar gefur Jónmundur Ingólfsson í síma 894 4449.**
**Umsóknir skulu berast á netfangið job@skaginn3x.com fyrir 18. apríl.**

Systurfyrirtækin Skaginn hf., Þorgeir og Ellert hf. á Akranesi og 3X Technology ehf. á Ísafirði mynda saman Skaginn 3X. Fyrirtækin framleiða og selja sérsniðnar hátæknilausnir fyrir matvælaiðnað á alþjóðamarkaði og er viðskiptavinina að finna víðsvegar um heiminn. Tæknistigið er hátt og starfsmenn eru rúmlega 180 talsins í starfsstöðvum sem eru um 14.000 m2 að stærð. Starfsemin hefur vaxið mjög síðustu misseri en frumkvöðla- og nýsköpunarandinn hefur viðhaldist allt frá fyrsta degi. Áhersla er enn sem fyrr lögð á að bjóða gæðavörur og ryðja braut nýrrar tækni sem færir viðskiptavinum og umhverfinu verulegan ávinning.
**Skaginn 3X hlaut nýlega Nýsköpunarverðlaun Íslands.**

SKAGINN 3X

# Forstöðumaður Bíla- og tækjafjármögnunar

Landsbankinn auglýsir starf forstöðumanns Bíla- og tækjafjármögnunar laust til umsóknar. Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans veitir einstaklingum og fyrirtækjum fjármögnun á bifreiðum, vélum og tækjum. Leitað er að kraftmiklum og drífandi einstaklingi, með góða þekkingu á fjármálamörkuðum og mikla reynslu af stjórnun, til að leiða starfsemi einingarinnar.

### Helstu verkefni

- Yfirumsjón með öllum rekstri Bíla- og tækjafjármögnunar
- Yfirumsjón með þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina
- Virk þátttaka í markaðsstarfi og öflun nýrra viðskipta
- Eftirlit og ábyrgð á arðsemi, áhættu og vanskilum
- Yfirumsjón með samstarfssamningum við bíla- og tækjasala

### Hæfni og menntun

- Háskólamenntun og yfirgripsmikil reynsla sem nýtist í starfi
- Góð þekking á starfsemi fjármálafyrirtækja
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Baldur G. Jónsson, mannauðsstjóri, í síma 410 7904 eða baldur.g.jonsson@landsbankinn.is og Helgi Teitur Helgason, framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs, í síma 410 5601 eða helgi.t.helgason@landsbankinn.is.

Umsókn merkt *Forstöðumaður* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is
Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk.

Jafnlaunaúttekt
PwC

## Icewear leitar eftir markaðsstjóra

# Markaðsstjóri

Icewear óskar eftir að ráða útsjónarsaman og skapandi markaðsstjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku
- Reynsla af markaðsmálum
- Iðni og útsjónarsemi
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Hugmyndaauðgi og sköpunarkraftur
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Starfssvið**

- Stefnumótun og áætlanagerð í markaðsmálum
- Tengsl við fjölmiðla og samstarfsaðila
- Dagleg eftirfylgni og rekstur markaðsdeildar

**Umsókn ásamt ferilskrá merkt „Markaðsstjóri" sendist á netfangið fridrik@icewear.is fyrir 18. apríl.**

Icewear var stofnað 1972. Fyrirtækið rekur sauma- og prjónastofu í Vík í Mýrdal og saumastofu í Reykjanesbæ. Þá rekur Icewear heildsölu og 11 verslanir á Íslandi sem selja framleiðsluvörur fyrirtækisins. Icewear fatnaður er einnig seldur í verslunum í Evrópu og Norður Ameríkur. Hjá Icewear starfa 200 manns.

ICEWEAR · ICELAND ·

# Vélstjóri

## Sumarafleysing

Vélstjóra vantar á Hríseyjarferjuna Sævar í sumarafleysingar

**Tímabil: 01. maí og 31. ágúst**

**Hæfniskröfur:**
Viðkomandi þarf að hafa vélstjórnarréttindi **"VSIII"** að lágmarki, námskeið frá slysavarnaskóla sjómanna.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á
**eyfangehf@simnet.is**

## Grunnskóli Borgarfjarðar

**auglýsir eftir kennurum til starfa fyrir skólaárið 2017-2018**

Grunnskóli Borgarfjarðar er þriggja starfstöðva grunnskóli með um 200 nemendur. Starfstöðvar hans eru á Kleppjárnsreykjum, Varmalandi og Hvanneyri.

Tvo kennara vantar í fullar stöður að Hvanneyrardeild skólans vegna afleysinga. Um er að ræða umsjónarkennara á yngsta stigi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi KI og LS.
**Umsóknarfrestur er til 1.maí n.k.**

Umsóknum skal skilað skriflega til skólastjóra með upplýsingum um menntun, réttindi og starfsreynslu, ásamt ábendingu um meðmælendur.

Mikilvægt er að umsækjendur hafi áhuga á að starfa með börnum, búi yfir færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði í starfi, jákvæðni, sjálfstæði og skipulögðum vinnubrögðum og séu tilbúnir að vinna eftir stefnu og gildum skólans. Sjá heimasíðu **http://www.gbf.is/** .

Í samræmi við jafnréttisstefnu Grunnskóla Borgarfjarðar og Borgarbyggðar eru jafnt karlar sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir skólastjóri í síma 847-9262/433-7300 netfang; ingibjorg.inga@gbf.is

ÍV sjóðir

# Sjóðstjóri

ÍV sjóðir leita að öflugum liðsmanni í starf sjóðstjóra á Akureyri. ÍV sjóðir er fjármálafyrirtæki sem rekur 14 verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóði. Eignir í stýringu félagsins nema um 40 mö.kr. Skrifstofur félagsins eru á Akureyri. Félagið er dótturfélag Íslenskra verðbréfa.

Umsóknarfrestur
**24. apríl**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4832**

**Starfssvið**

- Stýring sjóða.
- Greining á fjárfestingakostum.
- Þátttaka í mótun fjárfestingastefnu.
- Samskipti við aðila á fjármálamarkaði og eftirlitsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf á sviði viðskipta-, hag- eða verkfræði eða sambærileg menntun.
- Próf í verðbréfaviðskiptum kostur.
- Starfsreynsla á verðbréfamarkaði kostur.
- Góð greiningarhæfni.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Öguð og skipulögð vinnubrögð.

ÍV SJÓÐIR

ÍV sjóðir er dótturfélag Íslenskra verðbréfa. Íslensk verðbréf er verðbréfafyrirtæki sem veitir sérhæfða og sérsniðna þjónustu á sviði eignastýringar, markaðsviðskipta og sérhæfðra fjárfestinga. Eignir í stýringu ÍV nema um 125 mö.kr. Félagið var stofnað árið 1987. Íslensk verðbréf hafa yfir að ráða fleiri en 20 sérfræðingum með yfir 15 ára starfsreynslu á fjármálamarkaði að meðaltali auk víðtækrar menntunar. Áhersla er lögð á gott starfsumhverfi og stuðla þannig að ánægju starfsmanna félagsins og um leið viðskiptavina þess.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Landhelgisgæsla Íslands

# Yfirlögfræðingur

Landhelgisgæsla Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu yfirlögfræðings. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi til krefjandi verkefna. Um er að ræða almenn lögfræðistörf á starfssviði Landhelgisgæslunnar og á sviði öryggis- og varnarmála en Landhelgisgæslan fer með daglega framkvæmd varnartengdra verkefna og er í miklu samstarfi við stofnanir Atlantshafsbandalagsins og aðildarþjóðirnar. Í starfinu reynir mikið á samskipti á ensku, bæði í töluðu og rituðu máli og gera má ráð fyrir að viðkomandi þurfi að ferðast vegna starfa sinna. Starfsstöð yfirlögfræðings er bæði í Reykjavík og á Öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Umsóknarfrestur

**24. apríl**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/4828**

Starfssvið

- Almenn lögfræðistörf fyrir Landhelgisgæsluna.
- Utanumhald vegna rannsókna og reksturs opinberra mála á starfsvettvangi Landhelgisgæslunnar.
- Samskipti og lögfræðileg verkefni vegna varnartengdra verkefna.
- Umsagnir um lagafrumvörp, reglugerðir og þingsályktunartillögur sem varða starfsemina.
- Stjórnsýslumálefni vegna starfsemi Landhelgisgæslunnar.
- Fagleg ráðgjöf varðandi innlenda og erlenda samningagerð og skuldbindingar sem Landhelgisgæslan er aðili að.
- Önnur lögfræðitengd verkefni.

Hæfniskröfur

- Kandidats- eða meistarapróf í lögfræði.
- Hdl. réttindi.
- Reynsla af lögfræðistörfum er skilyrði.
- Reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar eða sambærilegum störfum er kostur.
- Afburða færni í mannlegum samskiptum.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

Landhelgisgæsla Íslands er löggæslustofnun sem hefur það hlutverk að sinna löggæslu og eftirliti sem og leit og björgun á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Þá fer Landhelgisgæslan einnig með daglega framkvæmd öryggis- og varnarmála samanber varnarmálalög.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Viðkomandi þarf að geta staðist öryggisvottunarkröfur samkvæmt lögum nr. 52/2006 og 34/2008.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Spennandi starf

# Skipulagsfulltrúi

Reykjanesbær leitar að öflugum skipulagsfulltrúa til að stýra fjölbreyttum skipulagsverkefnum. Viðkomandi þarf að hafa eftirlit með aðkeyptum ráðgjöfum, hönnuðum og verktökum, og bera ábyrgð á að skipulagsáætlanir sem lagðar eru fram til afgreiðslu séu í samræmi við lög. Um er að ræða spennandi starf í skapandi og faglegu starfsumhverfi með nýsköpun og framsækni í skipulagsgerð að leiðarljósi.

Skipulagsfulltrúi heyrir undir sviðsstjóra umhverfissviðs.

Umsóknarfrestur

**23. apríl**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/4814**

Starfssvið

- Verkstjórn og yfirferð skipulagsverkefna sem þarfnast lögbundinnar skipulagsmeðferðar.
- Umsjón verkefnateyma á umhverfissviði.
- Mat og gerð umsagna vegna fyrirspurna, umsókna, framkvæmdaleyfa og annarra erinda er varða skipulagsmál og byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.
- Undirbúningur og úrvinnsla funda umhverfis- og skipulagsráðs.
- Samskipti og ráðgjöf til íbúa, bæjarfulltrúa, hönnuði og verktaka.
- Samskipti við opinberar stofnanir.
- Önnur verkefni á vegum umhverfissviðs.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kröfur um menntun og starfsreynslu er að finna í 7. gr. skipulagslaga.
- Hæfni til greiningar og framsetningar á flóknum gögnum.
- Góð almenn tölvukunnátta auk þekkingar á hönnunar-, umbrots-, og teikniforritum.
- Góð færni í miðlun upplýsinga í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisstarfi.
- Skipulagsfærni, nákvæmni og hæfileiki til að vinna sjálfstætt.
- Frumkvæði og áræðni.

REYKJANESBÆR
*Tími til að lifa og njóta*

Reykjanesbær er fimmta fjölmennasta sveitarfélag á Íslandi með um 16.000 íbúa. Sveitarfélagið var stofnað 11. júní 1994 við sameiningu þriggja sveitarfélaga. Fá sveitarfélög á Íslandi hafa vaxið með sama hraða og Reykjanesbær undanfarin ár.

Hjá Reykjanesbæ starfar samhentur hópur starfsmanna sem hefur það að leiðarljósi að þjónusta við íbúa bæjarfélagsins sé eins og best verður á kosið hverju sinni. Við bjóðum góða starfsaðstöðu, jákvætt andrúmsloft og samstarfsfólk sem tekur áskorunum hvers dags af eldmóði og krafti.

Við ráðningar er ávallt höfð hliðsjón af jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

VAKI

Vaki er framsækið og leiðandi fyrirtæki með áherslu á vöruþróun og sölu á tæknibúnaði fyrir fiskeldi. Vörur Vaka eru þróaðar og framleiddar á Íslandi og seldar í yfir 60 löndum. Starfsmenn eru 30 talsins á Íslandi og 20 starfsmenn starfa í dótturfyrirtækjum Vaka í Chile, Skotlandi og Noregi. Miklar breytingar í rekstri fyrirtækisins voru í nóvember 2016 þegar Pentair Aquatic Eco Systems keypti öll hlutabréf í Vaka. Vaki er því orðinn hluti af stóru fyrirtæki sem ætlar sér mikið á fiskeldissviðinu á næstu árum.

Sjá nánar á **www.vaki.is**
Sjá nánar á **www.pentairaes.com**

# Spennandi störf hjá Vaka

Samhliða víðtækara vöruúrvali og aukinni þekkingu leitum við nú að öflugum einstaklingum til þess að takast á við krefjandi verkefni sem framundan eru. Við bjóðum upp á spennandi starfsvettvang í vaxandi alþjóðlegu umhverfi, góða starfsaðstöðu og árangurstengd launakjör.

## Rafeindavirki eða rafvirki

Starfið felst í þátttöku í framleiðsluteymi Vaka. Rafeindavirki vinnur undir beinni stjórn framleiðslustjóra og ber ábyrgð á eftirfarandi málaflokkum gagnvart honum og upplýsingaflæði til hans.

**Helstu verkefni:**
- Prófun, samsetning og viðgerðir á framleiðslubúnaði Vaka
- Tækniaðstoð og fjarþjónusta við undirverktaka, notendur og þjónustuaðila
- Viðgerðir rafeindakorta og prófun
- Þátttaka í þróunarverkefnum
- Annað tilfallandi

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í rafeindavirkjun eða rafvirkjun
- Drifkraftur og metnaður
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir samskiptahæfileikar
- Jákvæðni og rík þjónustulund

## Söluráðgjafi

Um er að ræða nýja stöðu vegna aukinna verkefna á Íslandi og erlendis. Söluráðgjafi vinnur undir beinni stjórn framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á eftirfarandi málaflokkum gagnvart honum og upplýsingaflæði til hans.

**Helstu verkefni:**
- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Tilboðsgerð og eftirfylgni
- Skráning pantana og samningagerð
- Þátttaka í vörusýningum og ráðstefnum
- Mikil samskipti við viðskiptavini víða um heim

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mikill áhugi á sölumennsku
- Drifkraftur og metnaður
- Góð færni í talaðri og ritaðri ensku
- Tölugleggni og nákvæmni

## Hugbúnaðarsérfræðingur

Starfið felst í að þróa nýjar lausnir á sviði gagnabirtingar og úrvinnslu, ásamt því að gera umbætur á núverandi hugbúnaði.

**Helstu verkefni:**
- Hönnun, útfærsla og rekstur á hugbúnaðarkerfi fyrir framleiðslustýringu í fiskeldi
- Umsýsla gagnagrunna og þróun hugbúnaðar til greiningar gagna
- Þróun á vefsíðu og skýrslugerð
- Þátttaka í þróunarverkefnum

**Menntun og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í tölvunarfræði eða verkfræði
- Þekking á vefforritunarmálum s.s. Javascript, C#, SQL
- Reynsla af hugbúnaðargerð er mikill kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir samskiptahæfileikar

Upplýsingar veita:
**Þórir Þorvarðarson** - thorir@hagvangur.is
**Inga S. Arnardóttir** - inga@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

# Við leitum að snillingi í reikningshaldi

Ungt, vaxandi þjónustufyrirtæki í viðskiptahugbúnaði og bókhaldsþjónustu óskar eftir snillingi í reikningshaldi. Í starfinu felst almenn bókhaldsþjónusta, launaumsjón, skattskil og gerð ársreikninga fyrir viðskiptavini, ásamt almennri ráðgjöf, þjálfun og þjónustu tengdri viðskiptahugbúnaði félagsins.

Mikilvægt er að hafa mjög ríka þjónustulund, elska reikningshald og tölvur og hafa gaman af samskiptum við annað fólk. Í boði er vel launað og krefjandi starf í skemmtilegu og lifandi umhverfi hjá vaxandi félagi.

**Helstu verkefni**
- Bókhaldsþjónusta til viðskiptavina, svo sem launavinnsla, skattskil og gerð ársreikninga
- Þjónusta, ráðgjöf og þjálfun viðskiptavina sem nýta sér viðskiptahugbúnað félagsins
- Ráðgjöf um þróun og virkni nýs viðskiptahugbúnaðar félagsins á sviði reikningshalds
- Önnur tengd verkefni

**Hæfniskröfur**
- Viðurkenndur bókari, háskólagráða í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Yfirgripsmikil starfsreynsla og þekking á bókhaldi
- Reynsla af gerð milliuppgjöra og ársreikninga
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög góð íslenskukunnátta og hæfni til að miðla í rituðu og töluðu máli
- Mjög góð almenn tölvuþekking er nauðsynleg

Upplýsingar veitir:
**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl nk.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun liggur fyrir.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Reykjavíkurborg

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar, þ.m.t. almennri félagsþjónustu og sértækri þjónustu við fatlað fólk, aldraða og börn. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og gerð þjónustusamninga við þriðja aðila. Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á fimm þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur.
Á velferðarsviði starfa um 2.500 starfsmenn á um 100 starfseiningum í borginni, sem margar veita þjónustu allan sólarhringinn.
Velferðarsvið þjónustar um 20.000 einstaklinga á ári og eru áætluð útgjöld sviðsins um 26 milljarðar á árinu 2017.
Velferðarsvið starfar með velferðarráði og barnaverndarnefnd.

Nánari upplýsingar um starfsemi velferðarsviðs má sjá á vef sviðsins; www.velferdarsvid.is

# Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Við leitum að skrifstofustjóra og staðgengli sviðsstjóra með mjög góða skipulags- og greiningarhæfni og brennandi áhuga á stjórnsýslu. Þarf að vera eldsnöggur að skrifa góðan texta og tileinka sér nýjustu tækni á sviði samskipta og upplýsingamiðlunar.

Skrifstofustjóri stýrir skrifstofu sviðsstjóra, sem skiptist í deild gæða og rannsókna og stjórnsýsludeild. Á skrifstofunni fer fram undirbúningur og úrvinnsla funda velferðarráðs, gæðaeftirlit, söfnun og samhæfing tölulegra upplýsinga, rannsóknir, úttektir og ýmis greiningarvinna auk upplýsingamiðlunar.

**Helstu verkefni skrifstofustjóra**
- Stýrir daglegum rekstri skrifstofu sviðsstjóra og tekur þátt í stjórnun sviðsins
- Tekur þátt í undirbúningi funda velferðarráðs og situr fundi ráðsins
- Er samhæfingaraðili og hefur yfirsýn yfir stjórnsýslu sviðsins
- Styður við eftirlits- og þjónustuhlutverk velferðarsviðs
- Hefur yfirumsjón með rannsóknum og tölfræðiúrvinnslu, gerð starfsáætlunar og ársskýrslu
- Hefur yfirumsjón með upplýsinga- og kynningarmálum sviðsins í samráði við upplýsingadeild ráðhúss
- Sinnir sérverkefnum í umboði sviðsstjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, meistarapróf nauðsynlegt
- Þekking, reynsla og áhugi á opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af verkefnastjórnun og upplýsingamiðlun
- Framúrskarandi hæfni í íslensku og textagerð
- Afar góð færni í notkun á algengum hugbúnaði sem tengist starfinu
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð

**Upplýsingar veita:**
**Katrín Óladóttir**
katrin@hagvangur.is
**Regína Ásvaldsdóttir**
regina.asvaldsdottir@reykjavik.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 16. apríl nk.**

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef staðan losnar á ný.

Laun taka mið af ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

Við ráðningar í störf hjá Reykjavíkurborg er tekið mið af mannréttindastefnu borgarinnar.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Íbúðalána sjóður

Íbúðalánasjóður starfar skv. lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál og ber ábyrgð á framkvæmd húsnæðisstefnu stjórnvalda. Hlutverk Íbúðalánasjóðs er að þjóna íslensku samfélagi með veitingu stofnframlaga og lána, og greiningum á húsnæðismarkaði, til þess að stuðla að stöðugleika og auka möguleika almennings á að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun.

# Hagfræðingur

Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða öflugan hagfræðing til starfa í hagdeild á húsnæðissviði. Íbúðalánasjóður gegnir mikilvægu hlutverki á sviði húsnæðismála og er ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar á því sviði. Meginverkefni hagdeildar ÍLS er að styrkja grunnákvarðanatöku á húsnæðismarkaði. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í störfum og geta miðlað efni sjóðsins til stjórnvalda, fjölmiðla og almennings.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**
- Rannsóknir og greining á húsnæðismarkaði
- Ábyrgð á söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði húsnæðismála
- Framsetning upplýsinga til stjórnvalda og almennings sem varða húsnæðismál
- Að fylgjast með þróun á fasteigna- og lánamarkaði
- Að meta þörf fyrir nýbyggingar og leiguhúsnæði eftir landsvæðum
- Að meta efnahagslegar aðstæður á húsnæðismarkaði
- Útgáfa efnis og skýrslugjöf

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í hagfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á húsnæðismarkaði
- Reynsla af greiningarvinnu
- Reynsla af framsetningu og miðlun upplýsinga
- Skipulag og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku

**Upplýsingar veitir:**
**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl nk.**

Um fullt starf er að ræða. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700





TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY

# Matreiðslumaður

## Starfssvið
- Yfirumsjón með rekstri eldhúss
- Umsjón með innkaupum
- Matreiðsla morgun- og hádegisverðar
- Önnur tilfallandi störf

## Hæfniskröfur
- Matreiðsluréttindi skilyrði
- Mikil og rík þjónustulund
- Skipulagshæfni
- Sjálfstæði í starfi
- Reynsla af rekstri eldhúss æskileg

Vinnutími er mán-fös frá kl.06:00-14:00.

**Við leitum að metnaðarfullum og drífandi matreiðslumanni til starfa sem fyrst. Í mötuneyti Toyota er fullbúið atvinnueldhús þar sem boðið er uppá morgun- og hádegisverð hvern virkan dag fyrir um 170 manns.**

Toyota Kauptúni er söluaðili Toyota bifreiða, vara- og aukahluta á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Við viljum leggja okkar af mörkum til þess að vernda náttúruna og spara auðlindir. Til þess að standast þær kröfur sem við setjum okkur erum við með umhverfisstjórnunarkerfið ISO 14001 sem er vottað af BSI (British Standards Institute). Eina bílaumboðið á landinu.

**Umsókn, ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast fyllt út á vef félagsins www.toyota.is/storf**
**Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir fanny@toyota.is - Umsóknarfrestur er til og með 17.apríl 2017**

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

bsi. ISO 14001 Environmental Management

ÖSSUR®
LIFE WITHOUT LIMITATIONS



# PROJECT MANAGER CORPORATE DEVELOPMENT

The Project Manager will identify, assess, and execute M&A projects and strategic partnerships for Corporate Development. You will work closely with senior management and external advisors to develop business cases for strategic opportunities.

## RESPONSIBILITIES:

- Maintain M&A pipeline, screen industry, and identify potential targets with the help of management and external advisors.
- Provide analytic support in planning strategic growth initiatives, and create market intelligence.
- Responsible for business and financial analysis of strategic investment opportunities
- Build financial and operating models, including discounted cash flow and return analysis.
- Coordinate due diligence processes with external consultants and internal colleagues.
- Contribute to post-acquisition integration planning.
- Assist in developing and managing the M&A process.

## QUALIFICATIONS:

- University degree in Business Administration or Finance.
- Minimum of 5 years' relevant experience.
- Corporate finance experience, valuation and valuation models.
- Expertise in business case creation.
- Sales & marketing experience desired.
- Strong analytical, consultative, and problem solving capabilities.
- Project management skills, and ability to work independently.
- Excellent oral and written communication skills.
- Advanced Excel and PowerPoint skills for financial modeling and presentation of business cases.
- Good interpersonal and relationship building skills.
- Highly proficient in spoken and written English

Application period ends April 20th 2017.
Please apply on our website: ossur.is/mannaudur under the appropriate position.
For further information contact Human Resources tel. 515 1300.

Jafnlaunaúttekt PwC 2014

Össur is a leading global provider of non-invasive orthopaedics with 2800 employees in over 20 countries worldwide.
The core values of the company are Honesty – Frugality – Courage.

WWW.OSSUR.COM



# Ert þú sérfræðingur í markaðsmálum?

**Markaðsdeild N1 leitar að kraftmiklum og drífandi liðsfélaga. Við erum í miklum sóknarhug og ótal spennandi verkefni bíða. Sendu okkur umsókn ef þú ert til í nýjar áskoranir sem krefjast markvissra vinnubragða og skapandi hugsunar.**

## Helstu verkefni

- Umsjón með auglýsingum og öðru markaðsefni
- Verkefnastjórnun
- Uppbygging vörumerkja
- Samskipti við auglýsingastofu

## Hæfniskröfur

- Áhugi og þekking á markaðsmálum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og hópvinnu
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Gott auga fyrir hönnun
- Frumkvæði

Áhugasamir sæki um á **starf.n1.is** – merkt markaðsdeild, fyrir **21. apríl.**
Nánari upplýsingar veitir Þyrí Dröfn Konráðsdóttir, markaðsstjóri N1 í **síma 660 3345** eða **thyri@n1.is.**

Við hvetjum bæði kyn til að sækja um auglýst störf hjá fyrirtækinu.

Framúrskarandi fyrirtæki 2016

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

N1

## Yfirmatreiðslumaður/Gæðastjóri

Óskum eftir áhugasömum fagmanni til að gegna starfi yfirmatreiðslumanns og gæðastjóra á Culiacan. Um er að ræða krefjandi starf í skemmtilegu og metnaðarfullu starfsumhverfi.

**Ábyrgð og skyldur:**
Matreiðslumaður hefur yfirumsjón með rekstri eldhúss, innkaupum á hráefni, vinnuskipulagi í eldhúsi ásamt að hafa yfirumsjón með gæðamálum fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur:**
Menntun á sviði matreiðslu. Reynsla af mexikóskri matargerð

**Áhugi fyrir gæðamálum.** Skipulag og snyrtimennska skilyrði. Vinnutími 8 til 17 virka daga.

Culiacan er matsölustaður sem býður upp á mexikóska matargerð. Fyrirhugað er að opna fleiri staði á árinu 2017 þar sem yfirmatreiðslumaður hefur yfirumsjón með uppskriftum og gæðamálum í fyrirtækinu. Góð laun fyrir réttan aðila.
Gildin okkar eru: **fagmennska, þekking og upplifun**

Umsóknir skulu berast til: **steingerdur@culiacan.is**

## H&S rafverktakar.
### Óska eftir rafvirkja til framtíðarstarfa.

Við leitum að öflugum einstaklingi sem treystir sér til að gera það sem þarf til að ná frábærum árangri í krefjandi umhverfi.

Við auglýsum eftir vönum rafvirkja til starfa við við alhliða raflagnir. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður, þjónustulipur, góður í samskiptum og hafa áhuga á nýjungum í faginu.

**Umsóknir og frestur:**
Áhugasamir sendi ferilsskrá á harald@hos.is fyrir 25. apríl. Fyrirspurnum verður eingöngu svarað í pósti. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

H&S rafverktakar sérhæfa sig í töflusmíði. Aðgangskerfum, ljósleiðurum ásamt þjónustu fyrir fyrirtæki og stofnanir. H&S rafverktakar er samhent fyrirtæki sem tileinkar sér stundvísi og samviskusemi.

NEW NORDIC engineering

## Lagnahönnuður

New Nordic Engineering ehf. Óskar eftir að ráða verkfræðing eða tæknifræðing til að starfa við lagnahönnun.

Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af lagnahönnun.

Umsóknir skal senda til New Nordic Engineering ehf, Hlíðasmára 19, 201 Kópavogi eða á netfangið nne@new-nordic.eu, fyrir **25. apríl 2017.**

Upplýsingar veita Jökull Jónsson í síma 854-4080 og Sturlaugur Ómarsson í síma 899 3077.

New Nordic Engineering ehf var stofnuð árið 2014 og er lítil en öflug stofa á sviði burðarþols-, lagna og loftræsihönnunar.




**Í byrjun sumars opnar stærsta og metnaðarfyllsta náttúrusýning landsins í Perlunni – Undur íslenskrar náttúru.** Um er að ræða nýjan og spennandi starfsvettvang í hjarta borgarinnar þar sem tekið er á móti fólki í stórglæsilegu safni sem hyllir Ísland og íslenska náttúru.
Perla norðursins ehf. leitar að framúrskarandi þjónustufulltrúum, bæði í sumarstörf og framtíðarstörf. Þjónustufulltrúar eru andlit fyrirtækisins og taka að sér fjölbreytt og skemmtileg verkefni á safninu.

# Þjónustufulltrúar

### Starfssvið þjónustufulltrúa

- Afgreiðsla og sala aðgöngumiða.
- Leiðsögn um sýninguna.
- Teymisvinna með öðrum þjónustufulltrúum.
- Samvinna við samstarfsaðila Perlunnar.

### Hæfniskröfur þjónustufulltrúa

- Framúrskarandi þjónustulund.
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum.
- Geta unnið sjálfstætt og undir álagi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta; þriðja tungumál er kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Áhugi á náttúru Íslands.

*Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl 2017. Umsjón með ráðningu hefur Helga Viðarsdóttir, markaðsstjóri Perlunnar. Fyrirspurnum um starfið skal beina til* ***umsokn@perlanmuseum.is****.*
*Sótt er um starfið rafrænt á* ***alfred.is/starf/9768****.*

**perlanmuseum.is**







SAMSKIP




# Má bjóða þér um borð?

Samskip leita að kraftmiklum, metnaðarfullum og áhugasömum starfsmönnum í fjölbreytt störf á starfsstöð sína við Kjalarvog.

Hjá Samskipum er lögð áhersla á gott starfsumhverfi, jafnræði og góðan starfsanda.

ENNEMM / SÍA / NM81386

## > Launafulltrúi

**Launafulltrúi starfar afar náið með öllum starfsmönnum og stjórnendum fyrirtækisins.**

Starfssvið
- Umsjón og eftirlit með tímaskráningarkerfi og vinnutímareiknireglum
- Þátttaka í mánaðarlegri launavinnslu
- Samskipti og upplýsingagjöf til starfsmanna um kjara- og réttindamál
- Móttaka samninga, skráning og skjölun samninga
- Greining og úrvinnsla tölfræðilegra upplýsinga

Menntunar- og hæfnikröfur
- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á launasetningu og vinnurétti
- Mjög góð tölvufærni og kunnátta á Excel
- Þekking á H3 launakerfi og Bakverði tímaskráningarkerfi kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Eiginleikar
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni, öguð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri
- Sjálfstæð vinnubrögð og geta til að vinna undir álagi

## > Innheimtufulltrúi

**Innheimtufulltrúi sér um daglega innheimtu viðskiptakrafna, færslu innborgana og afstemmingu.**

Starfssvið
- Umsjón með innheimtu viðskiptakrafna
- Ábyrgð á færslu innborgana og afstemming
- Frágangur og eftirfylgni innheimtu

Menntunar- og hæfnikröfur
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innheimtustörfum æskileg
- Góð tölvukunnátta og færni í Excel
- Góð enskukunnátta bæði í tali og riti

Eiginleikar
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund
- Nákvæmni, öguð og sjálfstæð vinnubrögð

## > Vinnuverndarfulltrúi

**Meginverksvið vinnuverndarfulltrúa er að tryggja að öryggisstefnu fyrirtækisins sem snýr að vinnuvernd sé fylgt í hvívetna.**

Starfssvið
- Yfirumsjón með vinnuverndarstarfi
- Eftirfylgni með öryggisstefnu fyrirtækisins
- Ábyrgð á innri öryggisúttektum og skráningu frávika
- Framkvæmd áhættumats starfa
- Fræðsla og upplýsingagjöf um vinnuverndarmál
- Skjölun á verklags– og vinnureglum vegna vinnuverndar
- Leiðtogi og verkefnastjóri öryggisnefndar

Menntunar- og hæfnikröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vinnuverndarmálum æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til þess að starfa í hóp

Eiginleikar
- Seigla og brennandi áhugi á vinnuverndarmálum
- Sjálfstæði, öguð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri

## > Sérfræðingur í mannauðsdeild

**Sérfræðingur hefur umsjón með greiningu gagna og skýrslugerð ásamt því að sinna fjölbreyttum verkefnum mannauðsmála.**

Starfssvið
- Umsjón með greiningu og skýrslugerð tengdum mannauðsmálum
- Tölfræðileg úrvinnsla gagna
- Þáttaka í áætlanagerð
- Aðkoma að ráðningum og fræðslumálum

Menntunar- og hæfnikröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð töluleg færni og kunnátta á Excel
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Eiginleikar
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði, öguð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri
- Áhugi á greiningu og framsetningu tölulegra gagna
- Geta til að vinna undir álagi

## > Forstöðumaður innkaupapantana og greiðslustýringar

**Forstöðumaður ber ábyrgð á að staðla og einfalda vinnulag við innkaupapantanir og greiðslustýringu (P2P) fyrir samstæðuna í samvinnu við fjármálastjóra.**

Starfssvið
- Ábyrgð á og eftirfylgni með stöðlun og einföldun vinnulags P2P ferils innan samstæðunnar
- Samþætting og samhæfing vinnu starfsmanna sem hafa aðkomu að P2P innan samstæðunnar
- Stjórnunarleg ábyrgð á verkefnum P2P teymis sem staðsett er í tveimur löndum.

Menntunar- og hæfnikröfur
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða annað háskólapróf sem nýtist í starfið
- Gerð er krafa um marktæka stjórnunarreynslu og reynslu af sambærilegum verkefnum
- Framúrskarandi tölvuþekking og kunnátta í að nýta upplýsingakerfi sem stjórntæki
- Reynsla af breytingastjórnun er æskileg
- Góð skipulagshæfni

Eiginleikar
- Frumkvæði, eldmóður og metnaður til að ná árangri í starfi
- Afburða samskiptahæfni og færni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn ítarlegri ferilskrá ásamt greinagóðu kynningarbréfi sem tilgreinir á skilmerkilegan hátt hvernig umsækjandi uppfyllir kröfur um menntun, reynslu og hæfni.

Sótt er um störfin á vef Samskipa, **www.samskip.is**

Umsóknarfrestur er til og með **17. apríl** nk.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Bára Mjöll Ágústsdóttir mannauðsstjóri, **bara.mjoll.agustsdottir@samskip.com**

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.



# Skjalastjóri

Auglýst er laust til umsóknar starf skjalastjóra í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti sem verður til við uppskiptingu innanríkisráðuneytisins í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti annars vegar og dómsmálaráðuneyti hins vegar þann 1. maí nk. Verkefni ráðuneytisins verða m.a.: samgöngur, sveitarstjórnarmál, fjarskipti, póstmál, netöryggi og málefni upplýsingasamfélagsins. Nánari upplýsingar um starfsemi ráðuneytisins má finna á heimasíðunni www.innanrikisraduneyti.is

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, m.a. í bókasafns- og upplýsingafræði.
- Þekking og reynsla af skjalastjórn nauðsynleg.
- Reynsla af innleiðingu skjalastýringarkerfis kostur.
- Ábyrgð, vandvirkni og nákvæmni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Gott vald á íslensku og ensku.

## Helstu verkefni:

- Móttaka, skráning, varðveisla, pökkun og miðlun skjala.
- Ábyrgð og umsjón með þróun skjalastefnu og verklags við skjalastjórnun.
- Aðstoð við starfsfólk og stjórnendur varðandi skjalamál og skjalakerfi.
- Eftirfylgni með skjalaskráningu og frágangur skjalasafns.
- Umsjón með innri vef og bókasafni.

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf.

Nánari upplýsingar veitir Guðný Elísabet Ingadóttir, starfsmannastjóri í síma 5459000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Umsóknarfrestur er til 26. apríl nk.**
Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu ráðuneytisins: http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/storf/. Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins að Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
Sími 545 9000

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

# Móttökuritari og aðstoð

óskast á læknastofu. Fjölbreytt starf.
Starfshlutfall samkv. samkomulagi.

Umsóknir sendist á: box@frett.is

BYGGINGAR

## Auglýsum eftir verkstjóra og smið

**Nóg af verkefnum.**

**Hæfniskröfur eru reynsla af verkefnastjórnun. Meistararéttindi eða tækninám er æskilegt.**

**Upplýsingar veitir Reynir í síma 696 0199.**

FAGRAF

## RAFVIRKI

Fagraf ehf. óskar eftir rafvirkja sem getur unnið bæði í hóp og sjálfstætt.

Sveinspróf kostur, íslenskukunnátta skilyrði.
Góður vinnutími, fjölbreytt verkefni, góður starfsandi.
Upplýsingar sendist á **fagraf@fagraf.is** merkt atvinna.

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og svarað.




# Teymisstjóri landupplýsinga

## Ertu leiðtogi?

Við leitum að öflugum einstaklingi til að leiða og styðja teymi starfsmanna sem sér um innfærslu gagna í landupplýsingakerfi, ásamt því að taka þátt í daglegum verkefnum teymisins. Við leggjum áherslu á að stjórnendur okkar gegni forystuhlutverki í öryggismálum, efli og styðji starfsfólk til góðra verka, sýni virðingu og ábyrgð í samskiptum og heiðarleika í upplýsingagjöf.

**Helstu verkefni:**

- Leiða þróun og rekstur landupplýsingakerfis
- Færa inn og taka gögn út úr landupplýsingakerfi
- Leiða og styðja innfærsluteymi

**Mikilvægir eiginleikar:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á landupplýsingakerfum er skilyrði
- Þekking á rekstri landupplýsingakerfa er mikill kostur
- Leiðtogafærni eða reynsla af að stýra hóp er mikilvæg

Sótt er um á ráðningavef okkar **starf.or.is/veitur/ .** Frekari aðstoð veitir Bryndís Ernstsdóttir, netfang **starf@veitur.is. Umsóknarfrestur** er til og með 18. apríl.

Veitur eru stærsta veitufyrirtæki landsins sem rekur vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu þar sem hver einasti starfsmaður er mikilvægur hlekkur í að veita viðskiptavinum okkar áreiðanlega þjónustu. Við erum fagfólk á líflegum vinnustað sem leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi. Við tökum jafnréttið alvarlega og viljum hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna. Því hvetjum við jafnt konur sem karla til að sækja um.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

JAFNRÉTTISRÁÐ

Kynntu þér Veitur á **veitur.is** og á **Facebook**

VEITUR

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstþjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál. Hjá PFS starfa 23 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar. Sjá nánari upplýsingar á **www.pfs.is**

# Sérfræðingur í netöryggissveit PFS (CERT-ÍS)

Póst-og fjarskiptastofnun óskar eftir að ráða í stöðu sérfræðings í netöryggissveit PFS. Netöryggissveitin hefur það hlutverk að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við hættu vegna netárása eða hliðstæðra öryggisatvika í þeim tölvukerfum sem falla undir starfssvið hennar. Sveitin leitast við að greina atvik af þessu tagi, takmarka útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Þá tekur netöryggissveitin þátt í því að tryggja virkni almennra fjarskiptaneta, vernd, virkni og gæði IP fjarskiptaþjónustu og vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Greining á spilliforritum og viðbrögð við öryggisatvikum
- Atvika-, veikleika- og búnaðargreining, ásamt því að dreifa upplýsingum um atvik og berskjölduð tölvu- og fjarskiptakerfi
- Upplýsingaskipti við þjónustuhóp og aðra ytri aðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um öryggi Internetsins
- Ráðgjöf og upplýsingar varðandi öryggismál á netinu
- Aðstoð við uppbyggingu þekkingar í meðhöndlun öryggisatvika hjá innlendum netöryggishópum
- Eftirlit með reglum um net- og upplýsingaöryggi

**PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.**
Umsjón með starfinu hefur Þorleifur Jónasson forstöðumaður tæknideildar.
Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu PFS **www.pfs.is**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í verk-, tækni- eða tölvunarfræði eða á öðrum sviðum ef viðkomandi hefur haldgóða reynslu á sviði netöryggis.
- Sérmenntun eða starfsreynsla á sviði hugbúnaðargerðar og/eða öryggisgreininga, ásamt þekkingu á fjarskiptamarkaðnum, er æskileg. Þekking á fjármálageiranum og/eða orkugeiranum og öryggismálum þeirra er kostur.
- Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi og jafnframt búa yfir þeim sveigjanleika og festu sem nauðsynleg er til að ná árangri í starfi.
- Gerð er krafa um mikla greiningarhæfni, öguð og skipulögð vinnubrögð.
- Búa yfir skilningi á internettækni ásamt færni til að meta upplýsingar um áhættu og áhrif
- Geta til að miðla tæknilegum upplýsingum til annarra.
- Góð íslensku og enskukunnátta, bæði töluð og rituð, er áskilin
- Umsækjendur þurfa að geta unnið undir álagi og hafa tamið sér skipulag í vinnubrögðum

**Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl nk.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Krafist er sakavottorðs. Umsækjandi þarf að gangast undir og standast bakgrunnsskoðun og öryggisvottun Ríkislögreglustjóra.



# Hugbúnaðar-sérfræðingur

Landsbankinn leitar að öflugum forritara til starfa í hóp reyndra sérfræðinga í Hugbúnaðarlausnum hjá Landsbankanum. Bankinn hefur sett sér metnaðarfulla stefnu um stafræna tækni með það að markmiði að gera bankaviðskipti aðgengilegri í rafrænum dreifileiðum. Þetta er tækifæri fyrir lausnamiðaðan einstakling sem hefur áhuga á að taka þátt í athyglisverðum breytingum á bankaumhverfinu og takast á við krefjandi þróunarverkefni.

## Helstu verkefni

- Nýsmíði, umbóta- og samþættingarverkefni
- Þróun lausna í takt við stefnu bankans
- Greining og hönnun verkefna í samstarfi við hagsmunaaðila

## Hæfni og menntun

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Sterkur bakgrunnur í C# .NET og SQL
- Hæfni í samantekt á kröfum og hönnun á lausnum
- Frumkvæði, fagmennska og færni í mannlegum samskiptum

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Óskar Sigurgeirsson, deildarstjóri Hugbúnaðarlausna í síma 410 7075 og Berglind Ingvarsdóttir, mannauðsráðgjafi í síma 410 7914.

Umsókn merkt *Hugbúnaðarsérfræðingur* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is.
Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl nk.

Jafnlaunaúttekt
PwC





# Sérfræðingar í upplýsingatækni

Hjá AGR Dynamics starfar öflugur hópur sérfræðinga við hugbúnaðarþróun, þjónustu og ráðgjöf í vörustjórnun fyrir alþjóðlegan hóp viðskiptavina. Vegna aukinna verkefna óskum við eftir sérfræðingum til starfa á skemmtilegum vinnustað við spennandi og krefjandi verkefni.

## Tæknilegur ráðgjafi

- Stjórnun verkefna fyrir alþjóðlegan hóp viðskiptavina AGR
- Greining og úrlausn á flóknum verkefnum tengdum vörustýringu og áætlunargerð
- Tæknileg aðkoma að innleiðingu viðskiptalausna AGR
- Þekking og reynsla af Microsoft SQL forritun er kostur
- Háskólapróf á sviði verkfræði, tölvunarfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun er skilyrði

## SQL sérfræðingur

- Greining og úrlausn verkefna með T-SQL forritun fyrir alþjóðlegan hóp viðskiptavina
- Tæknileg aðkoma að innleiðingu viðskiptalausna AGR
- Viðkomandi mun taka þátt í þróun viðskiptalausna AGR með áherslu á gagnagrunnsenda
- Þekking og reynsla af Microsoft SQL forritun
- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun er skilyrði

## NAV forritun og ráðgjöf

- Forritun og tæknileg ráðgjöf í NAV og LS NAV
- Reynsla í NAV, LS NAV, Exchange, PowerShell, Office, CRM og SharePoint æskileg
- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt
- Góð enskukunnátta, hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og nákvæmni í starfi

Umsækjendur skulu senda upplýsingar um menntun og starfsreynslu á job@agrdynamics.is fyrir 21. apríl. Nánari upplýsingar veitir Haukur Hannesson, framkvæmdastjóri í síma 512-1000. Fullum trúnaði heitið.

AGR Dynamics er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki sem hefur frá stofnun, árið 1997, þróað eigin lausnir til hagræðingar í rekstri aðfangakeðjunnar. Á skrifstofum okkar á Íslandi, Bretlandi og í Danmörku starfa 45 manns sem þjónusta alþjóðlegan hóp viðskiptavina.

AGR Dynamics

AGR Dynamics - Bæjarhálsi 1 - 110 Reykjavík - s: 512 1000 - www.agrdynamics.is

# FERÐASKRIFSTOFA

óskar eftir frönsku- og enskumælandi

- skrifstofumanni (50-100%). Reynsla og tölvufærni æskileg
- ökuleiðsögumanni (50-100%) og gönguleiðsögumanni

**Soleil de Minuit Voyages (Miðnætursól) soleil@soleil.is**

# VIÐ LEITUM AÐ BIRTINGARÁÐGJAFA

Birtingahúsið leitar að öflugum og skemmtilegum liðsfélaga

## Verkefni ráðgjafa eru meðal annars:

- Gerð birtingaáætlana
- Úrvinnsla úr markaðsrannsóknum
- Samskipti við viðskiptavini
- Kostnaðareftirlit

## Ráðgjafi þarf m.a. að búa yfir:

- Góðri samskiptahæfni, frumkvæði og sveigjanleika
- Getu til að vinna sjálfstætt og í hópi
- Talnagleggni og öguðum vinnubrögðum
- Getu til að takast á við fjölbreytt og skemmtileg verkefni

## Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði og gert ráð fyrir að viðkomandi búi yfir yfirgripsmikilli þekkingu á Excel

Birtingahúsið er leiðandi fyrirtæki á sviði birtingaráðgjafar og sinnir markaðsráðgjöf fyrir mörg af þekktustu vörumerkjum landsins, bæði innlend og erlend. Birtingahúsið er skipað snjöllu starfsfólki og hefur mörg undanfarin ár verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR auk þess að vera framúrskarandi samkvæmt úttekt Creditinfo.

Umsókn og ferilskrá sendist með tölvupósti á hugi@birtingahusid.is, merktar ,,Birtingaráðgjafi". Tekið er á móti umsóknum til og með 12. apríl. Trúnaði heitið og öllum umsóknum svarað.

BIRTINGAHÚSIÐ

Laugavegur 174 | Sími 569 3800 | www.birtingahusid.is

# Gæðastjóri

Tollstjóri leitar að öflugum gæðastjóra til liðs við sérfræðinga þróunarsviðs í upplýsinga- og skjalastjórnun, gæðastjórnun og verkefnastjórnun.

TOLLSTJÓRI



**Hlutverk Tollstjóra er að vernda samfélagið og tryggja ríkinu tekjur. Gildi Tollstjóra eru traust, samvinna og framsækni. Ráðningar hjá embættinu taka mið af þeim.**

**Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og BHM.**

**Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.**

**Starfssvið**

- Framfylgja stefnu Tollstjóra í þjónustu- og gæðamálum.
- Þróun og rekstur á gæðastjórnkerfi Tollstjóra sem vottað er skv. ISO 9001 og ÍST 85:2012 stöðlunum. Rík áhersla er lögð á upplýsingaöryggi, ferla- og áhættustjórnun sem hluta stjórnkerfisins. Þátttaka í greiningu viðskiptaferla og umbótum á þeim.
- Umsjón með innri úttektum og úttekt vottunaraðila.
- Fræðsla og ráðgjöf um þjónustu- og gæðamál.
- Vinna úr upplýsingum og lykiltölum til að meta árangur gæðastarfs.
- Umsjón með rýni stjórnenda.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun; meistaragráða er kostur.
- Þekking á aðferðafræði og stöðlum gæðastjórnunar.
- Reynsla af þróun og rekstri gæðastjórnkerfis.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Leiðtoga- og stjórnunarfærni.
- Samskiptafærni
- Greiningarfærni
- Þjónustulund
- Færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Linda Rut Benediktsdóttir, forstöðumaður þróunarsviðs, í síma 560-0385. Umsókn merkt „Gæðastjóri" skal skila rafrænt á netfangið starf@tollur.is fyrir **24. apríl nk.**

Stefna Tollstjóra er að vera framsækin ríkisstofnun sem er þekkt fyrir að standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs, veita góða og skilvirka þjónustu og hlúa að mannauði sínum. Faglegir starfshættir og stöðugar umbætur eru lykilþættir í sókn Tollstjóra að framúrskarandi árangri.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og viðeigandi stéttarfélags. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

MENIGA

# We are hiring

Meniga is leading the next generation of online banking and is currently used by some of the largest and most innovative banks in the world. Currently over 40 million digital banking users across 18 countries can use Meniga to become smarter about their finances.

Becoming a Menigan means you will join an extremely talented and ambitious group, dedicated to providing our customers with next generation online banking and data analytics platforms. We are passionate about our work and strive to create enjoyable software products the right way.

## Database Administrator

If you're looking for a role that combines your passion for databases with your problem-solving and communication skills then look no further.

We're looking for a Database Administrator (DBA) or developer with DevOps interests to join our team supporting Meniga's continuing growth and technical expansion.

A DBA needs to have the following qualities:

- Good knowledge of Microsoft SQL Server internals
- Know the ins and outs of database administration and operations (setup, tuning, data protection, high availability etc.)
- Be seasoned in developing and tuning data models and queries
- Be experienced with database deployments and delivery
- Have strong scripting skills and be willing to assist with DevOps and automation
- Have the confidence to challenge colleagues and co-workers
- Hold a degree in computer science, software engineering or equivalent

## Quality Assurance Engineers

If you are enthusiastic individual and experienced software tester with a passion for quality to take our quality assurance processes to the next level we are looking for you.

As a Quality Assurance Engineer (QA) you will be instrumental in helping to deliver outstanding software products for the company's banking customers. You will be responsible for creating test plans, writing test cases and executing them for both automatic and manual tests.

A QA needs to have the following qualities:

- Hands-on experience creating automated tests
- Be organized and disciplined
- Have excellent communication and teamwork skills
- 3 years' experience of software development, software testing and/or quality assurance
- Degree in computer science, software engineering or equivalent

## Software Engineers

If you are a hardworking, experienced developer that enjoys writing beautiful code in a dynamic environment we have the right opportunity for you.

We're looking for experienced software engineers to take a lead role in core development and customer integration projects.

As a core developer, you will serve as a key contributor to the development of our world class online banking solutions. Integration developers are instrumental in programming customer integration extensions and often follow the implementation through with customer workshops and setup support on location.

A Software Engineer needs to have the following qualities:

- Excellent working knowledge of C#, MS SQL Server and MQ/File loading
- 3 years' experience of software development
- Degree in computer science, software engineering or equivalent

Application period ends April 23rd
Please apply on our website: Meniga.com/jobs
For further information please contact Þórhildur Birgisdóttir, thorhildur@meniga.com



# LEIKSKÓLASTJÓRI - VÍÐIVELLIR

Staða leikskólastjóra er laus til umsóknar. Meginhlutverk er að stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri leikskólans og veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.

Umsóknum þarf að fylgja yfirlit um menntun og reynslu ásamt ítarlegri greinargerð um fyrri stjórnunarreynslu, fyrirhugaðar áherslur í starfi og áhuga umsækjanda á starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl 2017.**
Upplýsingar og umsóknarform á **hafnarfjordur.is**

Nánari upplýsingar veitir Fanney Dóróthe Halldórsdóttir sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu: **fanney@hafnarfjordur.is**

**Kröfur um menntun og hæfni:**

- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar- eða menntunarfræða æskileg
- Stjórnunarreynsla og leiðtogahæfileikar
- Færni og lipurð í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

*Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um starfið.*

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

## Sveitarfélagið Vogar
## Stóru-Vogaskóli

**Skólaárið 2017-2018** vantar kennara í smíði, heimilisfræði og í almenna kennslu á yngsta- og miðstigi.

**Vegna fæðingarorlofs** vantar deildarstjóra sérkennslu.

**Menntunarkröfur:**
Leitað er eftir einstaklingum með kennsluréttindi.

***Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um.***

**Nánari upplýsingar veita:**
Svava Bogadóttir, skólastjóri og Hálfdan Þorsteinsson aðstoðarskólastjóri í síma 440-6250.
Fyrirspurnir og umsóknir skal senda á: skoli@vogar.is
**www.storuvogaskoli.is**

Laun samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanefndar Sveitarfélaga.

**Umsóknarfrestur er til 23. apríl 2017.**

# VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

**RAFIÐNAÐARMAÐUR CNS**
TÆKNIÞJÓNUSTU FLUGLEIÐSÖGUSVIÐS

Helstu verkefni eru uppsetning, viðgerðir og eftirlit með aðflugsbúnaði á Keflavíkurflugvelli. Í boði er krefjandi og skemmtilegt starf í spennandi starfsumhverfi hjá ört vaxandi fyrirtæki. Um er að ræða sumarstarf.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af rafeindavirkjun eða sambærilegum störfum æskileg (gæti hentað nema í rafeindavirkjun)
- Góð tölvukunnátta
- Þekking á tölvubúnaði
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Geta til að vinna vel í hóp og undir álagi

Upplýsingar um starfið veitir Halldór Sigurðsson, rekstrarstjóri CNS kerfa, í netfanginu **halldor.sig@isavia.is**.

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.



**Hringur** er flugumferðarstjóri í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík. Hann er hluti af góðu ferðalagi.

STARFSSTÖÐ:
**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR**

UMSÓKNARFRESTUR:
**16. APRÍL 2017**

UMSÓKNIR:
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia




# SÉRFRÆÐINGUR Í FRAMLEIÐSLUÞRÓUNARDEILD

Össur leitar að metnaðarfullum einstaklingi til starfa í framleiðsluþróunardeild fyrirtækisins (Manufacturing Engineering). Hlutverk deildarinnar er nýsköpun og þróun á framleiðslutækni, þátttaka í hönnun og innleiðingu nýrra vara í framleiðslu og umbætur á framleiðsluferlum.

## STARFSSVIÐ:

- Forritun og rafmagnshönnun á tækjum og vélbúnaði til framleiðslu
- Þátttaka í hönnun og innleiðingu nýrra vara í framleiðslu
- Þróun nýrrar framleiðslutækni með véla- og tækjahönnun

## HÆFNISKRÖFUR:

- Próf í rafmagnsverk- eða tæknifræði, vélaverk- eða tæknifræði
- 3 ára starfsreynsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og opin(n) fyrir nýjungum
- Framúrskarandi enskukunnátta
- Reynsla í forritun iðntölva (PLC)
- Reynsla við gerð rafmagnsteikninga
- Reynsla í forritun í .Net/Java/C++ er kostur
- Reynsla í notkun CAD-forrita (t.d. SolidWorks) er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl. Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.
Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

Jafnlaunaúttekt PwC 2014

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 2800 manns í 20 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM




Kynntu þér Veitur á **veitur.is** og á **Facebook**

# Málmiðnaðar - og pípulagningamenn

Við leitum að jákvæðum og úrræðagóðum iðnaðarmönnum í hóp öflugra fagmanna sem sinna veitukerfum okkar á höfuðborgarsvæðinu.

**Málmiðnaðar - og pípulagningamenn:**
Sinna uppbyggingu, rekstri og viðhaldi í dreifikerfum vatns- og hitaveitu Veitna. Pípulagninga-og málmiðnaðarmenn vinna oft samhliða hjá okkur, enda eru veitukerfin byggð upp með ýmsum lagnaefnum og beita þarf fjölbreyttum aðferðum við viðgerðir, nýlagnir og tengingar.

**Við leitum að fólki sem er:**

- með sveinspróf í málmiðn eða pípulögnum
- jákvætt og lipurt í samskiptum
- vandvirkt og röskt
- með góða öryggisvitund

Sótt er um á ráðningavef Veitna, **starf.or.is/veitur/** . Frekari aðstoð veitir Bryndís Ernstsdóttir mannauðsráðgjafi, netfang **starf@veitur.is**.
**Umsóknarfrestur** er til og með **24. apríl 2017**.

Veitur eru stærsta veitufyrirtæki landsins sem rekur vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu þar sem hver einasti starfsmaður er mikilvægur hlekkur í að veita viðskiptavinum okkar áreiðanlega þjónustu. Við erum fagfólk á líflegum vinnustað sem leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi. Við tökum jafnréttið alvarlega og viljum hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna. Því hvetjum við jafnt konur sem karla til að sækja um.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

JAFNRÉTTISRÁÐ

VEITUR

# ÍSAFJARÐARBÆR

## Laus störf á skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær er bær í sókn og hefur upp á margt að bjóða. Má þar nefna öfluga grunnskóla og leikskóla, menntaskóla, fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf, öflugt tónlistar- og menningarlíf, eitt besta skíðasvæði landsins og endalausa möguleika á að njóta einstakrar náttúrfegurðar svæðisins.
Í Ísafjarðarbæ búa um 3700 íbúar og þar eru fimm leikskólar og fjórir grunnskólar í fjórum byggðakjörnum. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf milli skólanna en þó sjálfstæði og fjölbreytni.

### Ísafjarðarbær auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar:

**Grunnskólinn á Ísafirði**

- Umsjónarkennarar á öllum stigum 100%
- Kennari í tæknimennt 80%
- Kennari í myndmennt 100%
- Deildarstjóri í sérkennslu 50%
- Sérkennari 50-100%
- Dönskennari 50%
- Tónmenntakennari 50%

**Grunnskólinn á Suðureyri**

- Grunnskólakennarar 50-100%

**Grunnskóli Önundarfjarðar**

- Grunnskólakennarar 50-100%

**Grunnskólinn á Þingeyri**

- Grunnskólakennarar 60-100%

**Leikskólinn Grænigarður Flateyri**

- Deildarstjóri 100%
- Leikskólakennari 100%

**Heilsuleikskólinn Laufás Þingeyri**

- Leikskólakennari 100%

**Leikskólinn Sólborg Ísafirði**

- Leikskólakennarar 100%

**Leikskólinn Tjarnarbær Suðureyri**

- Leikskólakennari 100%

***Nánari upplýsingar um störfin má finna á www.isafjordur.is.***

# Málmiðnaðarmenn

Viljum ráða starfsmann til starfa á verkstæði okkar í Garðabæ. Áhugi á smíði úr ryðfríu stáli væri æskileg. Starfið felst í sendiferðum, niðurefnun og samsetningu. Viðkomandi þarf ekki að hafa reynslu á þessu sviði en áhuga á að tileinka sér þekkingu sem getur leitt til framtíðarstarfs.

Áhugasamir hafi samband við verkstjóra í síma 897 9466 – eða á staðnum.

Frostverk

Frostverk ehf. • Skeiðarási 8 – 210 Garðabæ • Sími 565 7799




**Hvað ætlar þú að gera í sumar ?**

**Okkur vantar TOPP starfsmenn í hreinsun, slátt og önnur garðyrkjustörf.**

**Sendu endilega inn umsókn á www.gardlist.is.**

**Góð laun í boði !**

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

Tunguhálsi 7 | 110 Reykjavík | 554 1989 | www.gardlist.is

# Ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar

**VIRK Starfsendurhæfingarsjóður í samvinnu við BHM, KÍ og SSF leitar að ráðgjafa í 100% ótímabundna stöðu á starfsstöð BHM sem sinnir öllum háskólamenntuðum á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða mjög krefjandi og fjölbreytt starf og einstakt tækifæri til þátttöku í þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði.**

## Helstu verkefni

- **Ráðgjöf, stuðningur og hvatning við einstaklinga með skerta starfsgetu**
- **Upplýsingaöflun, skráning og mat samkvæmt gildandi verkferlum**
- **Umsjón og eftirfylgd með einstaklingsbundnum áætlunum sem gerðar eru í samvinnu við þverfagleg teymi VIRK**
- **Vinnur í nánu samstarfi við sérfræðinga VIRK, fagaðila í starfsendurhæfingu og vinnustaði**
- **Samskipti við stéttarfélög og atvinnurekendur**

## Menntunar- og hæfnikröfur

- **Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda, s.s. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, þroskaþjálfunar, sálfræði eða sjúkraþjálfunar**
- **Víðtæk reynsla og þekking á sviði einstaklingsráðgjafar og/eða starfsendurhæfingar**
- **Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund**
- **Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum**
- **Skipulagshæfni og kostnaðarvitund**
- **Góð þekking á vinnumarkaði**
- **Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti**



Ráðgjafar VIRK starfa hjá stéttarfélögum samkvæmt samningi við VIRK. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu.

VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar.

Nánari upplýsingar um BHM og aðildarfélög er að finna á **bhm.is** og um VIRK **á virk.is.**

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is.**
**Upplýsingar veita Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is og Leifur Geir Hafsteinsson, leifurgeir@hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl 2017.**

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.

Bandalag háskólamanna · KENNARASAMBAND ÍSLANDS · SAMTÖK STARFSMANNA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA · VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

## Trésmiðir óskast

Húsasmíði

Húsasmíði óskar eftir að ráða vana smiði eða reynslumikla byggingarverkamenn til starfa. Mikil vinna framundan. Íslensku- eða enskukunnátta nauðsynleg.

**Nánari upplýsingar í netpósti sigvilli@simnet.is**

GARÐASmíði

Óskum ef tir að ráða duglegan og vandvirkan starfsmann í hellulagnir, smíðavinnu og fleira.
**Umsóknir ásamt ferilskrám sendist á gardasmidi@gardasmidi.is.**

*www.gardasmidi.is*

## Ferðaþjónusta

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til starfa á ferðaskrifstofu okkar við sölu og skipulagningu ferða fyrir erlenda ferðamenn um Ísland.

Hæfniskröfur:
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á ensku og/eða fleiri tungumálum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Góð tölvukunnátta

Vinsamlegast sendið umsóknir á job@snaeland.is fyrir 24. apríl nk.

SNÆLAND GRÍMSSON
Langholtsvegi 115 · 104 Reykjavik · Iceland
Sími 588 8660 · www.snaeland.is

Snæland Grímsson ehf. er eitt af elstu ferðaþjónustufyrirtækum landsins og rekur öflugan flota af hópferðabílum auk þessa að reka eigin ferðaskrifstofu sem er sérhæfð í móttöku og skipulagningu ferða fyrir erlenda ferðamenn

## Erum við að leita að þér?

Ef þú ert 18 ára eða eldri þá erum við að leita af jákvæðu, brosmildu fólki með góða þjónustulund.

Í boði er bæði fullt starf í sal eða eldhúsi og einnig hlutastörf. Tilvalið fyrir skólafólk.

Áhugasamir hafi samband í síma 533-2000 eða á
á ellen@pizzahut.is / linda@pizzahut.is

Pizza Hut

## VERSLUNARSTJÓRI Í ELKO

**Leitað er að öflugum, metnaðargjörnum og drífandi einstakling í starf verslunarstjóra ELKO. Starfið felur í sér ábyrgð á almennum rekstri verslunarinnar ásamt verkstjórn og stjórnun birgða. Stuðlar að hvatningu meðal starfsmanna til að ná settum markmiðum og ber ábyrgð á vöruframsetningu og áfyllingu. Heldur utan um dagleg störf söludeilda og stýrir þjónustu verslunarinnar.**

### STARFSLÝSING OG HELSTU VERKEFNI
- Ábyrgð á rekstri verslunar
- Dagleg stjórnun og starfsmannahald
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini
- Umsjón og ábyrgð á útliti verslunar og framsetningu
- Ábyrgð á að sölu- og þjónustumarkmið náist
- Mönnun vakta og ráðningar

### HÆFNISKRÖFUR
- Reynsla af stjórnunarstörfum og mannaforráðum
- Árangursdrifinn einstaklingur sem er lipur í mannlegum samskiptum. Búi yfir sjálfstæðum vinnubrögðum, sé lausnamiðaður og sýni frumkvæði
- Jákvætt viðmót og sveigjanleiki
- Góð tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni og til að tileinka sér ný tölvukerfi
- Aldurslágmark er 25 ára

**Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl.**
**Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**
**Umsóknarferli er á ELKO.is**
**Nánari upplýsingar veitir Gestur Hjaltason gestur@elko.is**

ELKO

## LAGERSTÖRF




### Frábær sumarstörf í boði

#### Starfsfólk á lager

**Starfssvið:**
- Almenn lagerstörf
- Móttaka á vörum
- Samantekt pantana
- Frágangur
- Átöppun
- Önnur tilfallandi verkefni á lager

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af lagerstörfum
- Snyrtimennska og reglusemi
- Reynsla af NAV kostur
- Lyftarapróf
- Góð almenn tölvukunnátta
- Jákvæðni og þjónustulund

#### Starfsmaður í dreifingu

**Starfssvið:**
- Almenn dreifing á vörum
- Önnur tilfallandi verkefni á lager

**Hæfniskröfur:**
- Gilt meirapróf
- ADR-réttindi kostur
- Lyftarapróf kostur
- Snyrtimennska og reglusemi
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og þjónustulund

Áhersla er lögð á ríka þjónustulund, stundvísi, snyrtimennsku og hæfni í mannlegum samskiptum.

Skilyrði er að umsækjendur hafi hreint sakavottorð og séu reyklausir.

**Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið frida@olis.is.**

**Umsóknarfrestur er til 22. apríl**

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

**Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.**

olís
Vinur við veginn

# Fagverk verktakar
Malbiksverktaki

**Stefnumál**

**Það er stefna Fagverks að vera fyrsta val þegar kemur að malbikunarframkvæmdum stórum sem smáum. Ásamt því að vinna öll okkar verkefni af ábyrgð, fagmennsku og heiðarleika.**
**Við leggjum metnað í að skapa skemmtilegt, faglegt og hvetjandi vinnuumhverfi ásamt því að viðhafa menningu byggða á virðingu, metnaði og liðsheild.**




**Viltu þú vinna í glaðværum hópi hjá framúrskarandi fyrirtæki ?**

Fagverk verktakar óskar eftir starfsfólki til framtíðarstarfa. Við erum að stækka og þurfum því að styrkja hópinn okkar. Okkur vantar góða liðsmenn í hóp okkar frábæru starfsmanna.

Helstu verkefni okkar eru tengd fræsingu á malbiki, malbikun, akstri vörubifreiða auk annara tilfallandi verkefna.

**Hæfniskröfur:**
- Umsækjendur þurfa að hafa vinnuvélaréttindi og meiraprófsréttindi.
- Sjálfstæði og vönduð vinnubrögð.
- Jákvætt viðhorf og hæfni til að vinna í hópi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Matthías í síma 898-7976

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skila rafrænt á **matti@malbika.is**
Vinsamlegast endurnýjið eldri umsóknir.

Fagverk verktakar er verktakafyrirtæki sem býr yfir bæði tækjakost og mannafli til að leysa öll malbikunarverkefni stór og smá.

Fagverk verktakar
www.malbika.is - www.facebook.com/fagverk

# Vörubílstjórar / Verkamenn

**Urð og Grjót ehf** óskar eftir vönum Vörubílstjórum í vinnu, bæði til skammtíma og langtíma.
Óskum einnig eftir Verkamönnum, bæði til skammtíma og langtíma.
Áhugasamir hafið samband á urdoggrjot@urdoggrjot.is

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Grunnskólar**
» Almenn kennsla - Áslandsskóli
» Dönskukennari á miðstigi - Áslandsskóli
» Sérkennari - Áslandsskóli
» Skólaliði - Áslandsskóli
» Stuðningsfulltrúi - Áslandsskóli
» Stærðfræðikennari - Áslandsskóli
» Deildarstjóri tómstundamiðstöðvar í Skarðshlíð

**Leikskólar**
» Leikskólakennari - Hlíðarendi
» Sérkennslustjóri - Hlíðarendi
» Leikskólastjóri - Víðivellir

**Málefni fatlaðs fólks**
» Hlutastarf - heimili fatlaðs fólks Smárahvammi
» Stuðningsfulltrúi - Húsið
» Sumar- og framtíðarstarf á heimili fatlaðs fólks
» Sumarstarfsmaður - Blikaás

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

HEILSUGÆSLAN



# Deildarstjóri bókhalds
## Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf deildarstjóra bókhalds á sviði fjármála og rekstrar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. maí nk. eða eftir nánari samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl 2017**

Deildarstjóri bókhalds heyrir undir framkvæmdastjóra fjármála og rekstrar, ber ábyrgð á daglegum verkefnum bókhaldsdeildar og stuðlar að faglegum og vönduðum vinnubrögðum.

***Helstu verkefni og ábyrgð***
- Dagleg stjórnun og skipulag í bókhaldsdeild
- Afstemmingar, afskriftir og uppgjör
- Samantekt og framsetning á tölulegum upplýsingum
- Áætlanagerð og samanburður við fjárheimildir

***Nánari upplýsingar veitir***
Jónas Guðmundsson - 585-1339 / 820-5242
jonas.gudmundsson@heilsugaeslan.is

***Menntunar- og hæfnikröfur***
- Háskólagráða í viðskiptafræði eða öðrum skyldum greinum
- Yfirgripsmikil starfsreynsla og þekking á bókhaldi
- Þekking og færni í Oracle, fjárhagskerfi ríkisins
- Góð almenn tölvuþekking er nauðsynleg
- Færni í verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Hæfni til nákvæmra og sjálfstæðra vinnubragða
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Kjarafélags viðskipta-og hagfræðinga. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

REYKJANESBÆR
*reykjanesbaer.is*

# SÉRFRÆÐINGUR ÓSKAST Í LAUNADEILD BÆJARINS

Launadeild Reykjanesbæjar sér um launagreiðslur, greiningar, ráðgjöf við stjórnendur og starfsmenn, auk annarra verkefna tengdum kjaramálum sveitarfélagsins. Í deildinni starfa tveir sérfræðingar auk deildarstjóra. Aðsetur launadeildar er í Ráðhúsinu við Tjarnargötu.

**Helstu verkefni:**
- Launaútreikningur
- Skráning og yfirferð ráðningar- og launagagna
- Upplýsingagjöf til stjórnenda og starfsmanna vegna útborgunar launa
- Úteikningur á kjörum og réttindum starfsmanna skv. kjarasamningum
- Samskipti við starfsmenn, lífeyrissjóði, stéttarfélög og opinbera aðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af launavinnslu og launabókhaldi
- Þekking og reynsla á Navision launakerfi, á H3 launa- og mannauðskerfi og Vinnstund æskileg
- Þekking á kjarasamningum og lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna
- Góð tölvukunnátta, færni í excel áskilin
- Skipulagshæfni og samskiptahæfileikar

**Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl 2017.**

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru skv. kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Sækja skal um starfið á vef Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf.
Nánari upplýsingar veita Iðunn Kr. Grétarsdóttir deildarstjóri launadeilar, idunn.k.gretarsdottir@reykjanesbaer.is og Þórey I. Guðmundsdóttir sviðsstjóri Fjármálasviðs, thorey.i.gudmundsdottir@reykjanesbaer.is.

## Embassy of India requires a Chauffeur for Flag Car

The Embassy of India in Reykjavik (Iceland) immediately seek to employ a full time Chauffeur/Driver for the Flag-cum-Staff Car of this Embassy. The chauffeur should possess all relevant documents needed (as per local rules & regulations) for safe and secure driving in Iceland. He must possess a valid Driving License.

Basic understanding of the diplomatic protocol & fluency in English & local language is mandatory. The consolidated salary presently payable is Euro 3000/-per month with annual increment, as per Govt. of India rules.

Applications may kindly beset urgently at the following address before Friday, the 14th April 2017: hoc.reykjavik@mea.gov.in

Húseigendafélagið

## Húseigendafélagið vill ráða öflugan og fjölhæfan skrifstofumann.

Í starfinu fellst : Bókhald, gjaldkerastörf, umsjón með félagskrá og innheimtu, launauppgjör, samskipti við banka, vsk uppgjör, innkaup, bréfritun, umsjón með heimasíðu og húsfundaþjónustu, ritun fundargerða, upplýsingamiðlun, kynningastarf, samskipti við félagsmenn, öflun ganga og upplýsinga, símsvörun og móttaka o.fl. Mjög góð bókhaldskunnátta (TOK), Tölufærni og íslenskukunnátta ( í ræðu og riti ) eru áskildir kostir. Sömuleiðis dugnaður, frumkvæði, sjálfstæði, samviskusemi, háttvísi og mikil færni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Miðað er við ráðningu frá 1. maí eða skv. samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til 18. apríl n.k.**

**Húseigendafélagið, Síðumúla 29, 108 Reykjavík. - Netfang shg@huso.is**



## AÐSTOÐARVERSLUNARSTJÓRI NETTÓ ÍSAFIRÐI

**Nettó opnar nýja og glæsilega verslun á Ísafirði þann 19. maí næstkomandi. Af því tilefni leitum við nú að jákvæðum starfskröftum í eftirfarandi störf.**

**STARFSSVIÐ:**

- Ábyrgð á rekstri verslunar
- Samskipti við viðskiptavini og birgja
- Ábyrgð á vöruframsetningu og áfyllingum
- Ábyrgð á birgðahaldi í verslun sem og önnur tilfallandi störf.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Reynsla af stjórnun hjá verslunar- og/eða þjónustufyrirtækjum.
- Styrkleiki í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og reglusemi.

**Umsóknir sendist á isafjordur@netto.is Allar nánari upplýsingar veitir Ingólfur Hallgrímsson verslunarstjóri á staðnum og í síma 893-0456**

**Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

## ALMENN VERSLUNARSTÖRF

Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árvekni í hvívetna.

**Umsóknir sendist á isafjordur@netto.is Allar nánari upplýsingar veitir Ingólfur Hallgrímsson verslunarstjóri á staðnum og í síma 893-0456**

**Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk.**

nettó

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Hefurðu áhuga á alþjóðamálum?

Utanríkisráðuneytið auglýsir starfsnám ætlað þeim sem hafa lokið BA/BS-gráðu og eru í, stefna á, eða hafa nýlokið meistaranámi í grein sem tengist málefnasviði utanríkisþjónustunnar.
Markmiðið er að gefa ungu fólki sem er að hefja starfsferil sinn færi á að kynnast störfum utanríkisþjónustunnar.

Um er að ræða sex mánaða tímabil, frá júlí-desember 2017. Starfsnámið fer fram á aðalskrifstofu ráðuneytisins eða starfsstöð utanríkisþjónustunnar erlendis.

**Kröfur til umsækjenda:**

- BA / BS gráða eða sambærileg menntun í grein sem tengist málefnasviði utanríkisþjónustunnar
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli
- Kunnátta í frönsku, þýsku eða öðru tungumáli æskileg
- Góð aðlögunarhæfni
- Íslenskur ríkisborgararéttur

Starfsnám hjá utanríkisráðuneytinu er launað og þiggja starfsnemar laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl 2017.** Umsóknir ásamt einkunnum úr háskólanámi skulu berast á netfangið starfsnam@mfa.is, merkt ***"Starfsnám 2017"***. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Nánari upplýsingar veitir Anna Ósk Kolbeinsdóttir í síma 545-9900 (aok@mfa.is).**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Deildarstjóri unglingastarfs – Frístundamiðstöðin Gufunesbær

**Frístundamiðstöðin Gufunesbær í Grafarvogi auglýsir lausa til umsóknar stöðu deildarstjóra unglingastarfs.**

Frístundamiðstöðin býður upp á fjölbreytt og áhugavert frístundastarf fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 - 16 ára í Grafarvogi.

Helsta starfsvið deildarstjóra unglingastarfs er yfirumsjón með unglingastarfi frístundamiðstöðvarinnar og starfstöðum deildarinnar í borgarhlutanum. Markmið starfsins er að skipuleggja og móta frítímastarf fyrir börn og unglinga þar sem höfð eru að leiðarljósi uppeldis- og forvarnarmarkmið. Tilgangur starfsins er að stuðla að auknum félagsþroska barna og unglinga með áherslu á aukið sjálfstæði, ábyrgð og virkni þeirra í starfi ásamt mikilvægi heilbrigðs lífsstíls.

Undir deildarstjóra heyra fjórar félagsmiðstöðvar og ein sértæk félagsmiðstöð fyrir börn með fötlun. Deildarstjóri unglingastarfs vinnur náið með forstöðumönnum og öðru starfsfólki félagsmiðstöðvanna auk þess að vera í nánu samstarfi við starfsfólk grunnskólanna í hverfinu og þjónustumiðstöðina. Deildarstjóri er hluti af yfirstjórnendateymi frístundamiðstöðvarinnar og tekur þátt í heildarstefnumótun starfseminnar og mótun starfsmannastefnu.

Í Gufunesbæ starfa að jafnaði um 130 starfsmenn. Mikil áhersla er lögð á jákvæðan starfsanda og góða liðsheild.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Yfirumsjón með frístundastarfi fyrir börn í 5.-10. bekk í Grafarvogi, á vegum Gufunesbæjar.
- Umsjón með Ungmennaráði Grafarvogs.
- Skipulagning og útfærsla frístundastarfs í samráði við forstöðumenn félagsmiðstöðva.
- Þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn frístundamiðstöðvarinnar og fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs á vettvangi frístundamála.
- Umsjón með starfsmannamálum.
- Samskipti og samstarf við stjórnendur skóla og aðra sem koma að frístundastarfi barna og unglinga.

**Hæfnikröfur:**

- Háskólapróf á sviði uppeldismenntunar, s.s. tómstunda- og félagsmálafræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af stjórnun og rekstri.
- Færni til að leita nýrra leiða í frístundastarfi og leiða framsækið frístundastarf.
- Víðtæk reynsla af starfi með börnum og unglingum í frístundastarfi.
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð.
- Framtakssemi, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Færni í samskiptum og leiðtogahæfni.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð tölvukunnátta.

Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar. Launakjör eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. **Umsóknarfrestur er til 23.04.2017.**

**Sótt er um starfið á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.**

**Nánari upplýsingar um starfið v veitir Atli Steinn Árnason í s. 411 5600**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**



# Ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytis

Auglýst er laust til umsóknar embætti ráðuneytisstjóra í nýju dómsmálaráðuneyti. Ráðuneytið verður til við uppskiptingu innanríkisráðuneytis í dómsmálaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, sbr. forsetaúrskurð nr. 14/2017 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

- Gerð er krafa um embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Þekking á verkefnum hins nýja dómsmálaráðuneytis er kostur.
- Áhersla er lögð á farsæla starfsreynslu ásamt færni í mannlegum samskiptum.
- Gerð er krafa um góða tungumálakunnáttu og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi þekkingu eða reynslu á sviði opinberrar stjórnsýslu.
- Áhersla er lögð á styrkleika í samvinnu og samskiptum, sem og frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi.

Hið nýja ráðuneyti mun taka til starfa hinn 1. maí 2017. Gert er ráð fyrir að skipað verði í embættið hið fyrsta eftir að nefnd til að meta hæfni umsækjenda, sbr. 19. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands, hefur lokið störfum. Skipað er í embættið til fimm ára, sbr. ákvæði laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands og laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Laun og önnur starfskjör fara eftir ákvörðun kjararáðs.

Upplýsingar um starfið veitir Guðný Elísabet Ingadóttir mannauðsstjóri í síma 545 9000. **Umsóknir sendist á postur@irr.is**

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir hæfni viðkomandi til að gegna embættinu.

**Umsóknarfrestur rennur út hinn 24. apríl 2017. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.**

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
Sími 545 9000

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

---

SUZUKI

**STARFSMAÐUR ÓSKAST Í VARAHLUTADEILD SUZUKI!**

Leitum að vinnusömum, jákvæðum og metnaðarfullum einstakling í varahlutadeild Suzuki.

***Hæfniskröfur:*** Almennur áhugi og þekking á bílum eða reynsla sem nýtist í starfi. Um er að ræða fullt starf og óskað er eftir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá fyrir 19. apríl á netfangið *varahlutir@suzuki.is***

---

MÖRK
HJÚKRUNARHEIMILI

## Sjúkraliði og sjúkraliðar með sérnám í öldrunarhjúkrun

Mörk, hjúkrunarheimili óskar eftir að ráða sjúkraliða og sjúkraliða með sérnám í öldrunarhjúkrun. Starfshlutfall samkomulagsatriði. Unnið er að mestu á morgunvöktum og helgarvinna er eftir samkomulagi. Við leitum að jákvæðum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika.

Í Mörk er Eden hugmyndafræðin höfð að leiðarljósi og unnið er metnaðarfullt starf þar sem heimilismenn og starfsfólk vinna saman að því að skapa öruggt og heimilislegt umhverfi. Rík áhersla er lögð á sjálfsákvörðunarrétt heimilismanna og þátttöku þeirra.

**Nánari upplýsingar gefa;**
**Helga Karlsdóttir, starfsmannastjóri helga@grund.is**
**Ragnhildur Hjartardóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri ragnhildur.hjartardottir@morkin.is**

**Umsóknareyðublöð á http://www.morkhjukrunarheimili.is/**

---

# VEGNA AUKINNA UMSVIFA
# BÆTUM VIÐ Í HÓPINN





ENNEMM / SÍA / NM81224

## STARF Í MÓTTÖKU Í SÖLUDEILD NÝRRA BÍLA

Við óskum eftir að ráða til starfa móttökufulltrúa í söludeild nýrra bíla. Starfið felur m.a. í sér móttöku viðskiptavina og annarra gesta, símsvörun, umhirðu um kaffiaðstöðu og ráðgjöf til viðskiptavina. Í boði er björt og glæsileg vinnuaðstaða.

Vinnutími er mánudaga til föstudaga frá kl. 9.00-18.00.

**Hæfniskröfur:**

- Framúrskarandi þjónustulund
- Jákvæðni, heiðarleiki og fagleg framkoma
- Gott tölvulæsi
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð

BL leitast við að ráða starfsmenn sem hafa metnað til þess að skara fram úr og veita framúrskarandi og faglega þjónustu í samvinnu við samheldinn og sterkan starfsmannahóp. Öflug námskeiðs- og fræðsluáætlun viðheldur kunnáttu og eflir þekkingu starfsmanna á nýjustu tækni vörumerkjanna. Starfsmenn fá vottaðar staðfestingar eða gráður, skv. stöðlum vörumerkjanna. Hjá BL er mjög virkt starfsmannafélag og einstök fyrirtækjamenning sem við erum afar stolt af.

**Sótt er um störfin á heimasíðu BL, www.bl.is/atvinna**

**Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl. nk.**

Nánari upplýsingar veitir Anna Lára Guðfinnsdóttir, starfsmannastjóri, anna@bl.is

LAND ROVER · SUBARU · BMW · HYUNDAI · ISUZU D-MAX · RENAULT · NISSAN · DACIA

B|L

**BL ehf.** / Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík / 525 8000 / www.bl.is

---

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**

- Leikskólakennari í leikskólann Álfaheiði
- Deildarstjóri í leikskólann Álfaheiði
- Deildarstjóri í leikskólann Álftatún
- Deildarstjóri í leikskólann Kópahvol
- Leikskólakennari í leikskólann Marbakka
- Deildarstjóri í leikskólann Núp
- Leikskólakennari í leikskólann Efstahjalla

**Grunnskólar**

- Íþróttakennari í Kópavogsskóla
- Sérkennari í námsver í Kópavogsskóla
- Umsjónarkennarar í Kópavogsskóla
- Kennarar í Vatnsendaskóla
- Skólaliði í dægradvöl í Salaskóla
- Starfsmaður í mötuneyti í Salaskóla

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is




## REKSTRARSTJÓRI HUGBÚNAÐARÞRÓUNAR

Marel leitar að öflugum aðila í starf rekstrarstjóra Innova hugbúnaðar hjá Marel á Íslandi (Operations Manager Innova Development). Viðkomandi mun stýra þróunarteymi Innova í Garðabæ ásamt því að leiða skipulagningu þróunarferla á milli starfsstöðva. Innova er hugbúnaður fyrir framleiðslustýringu og ört vaxandi þáttur í starfsemi Marel sem skapar fyrirtækinu sérstöðu í þróun hátæknilausna fyrir matvælaiðnaðinn.

**Starfssvið:**
- Stýra þróunarteymi Innova hugbúnaðar á Íslandi
- Leiða skilgreiningu og skipulagningu þróunarferla
- Samræma þróunarferla milli starfsstöðva Innova á Íslandi, í Danmörku og í Hollandi
- Áætlanagerð, skýrslugerð, gæðamál og framsetning lykilmælikvarða
- Sjá um samskipti milli stjórnenda og þróunarteymis
- Þátttaka í vöruþróunarteymi Marel

## AFLEYSING Á FJÁRMÁLASVIÐI

Marel leitar að einstaklingi til að sinna afleysingu á fjármálasviði í eitt ár. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri skipulagshæfni og hafa metnað til að ná árangri í starfi. Fjármálasvið Marel á Íslandi er stoðsvið sem þjónustar aðrar deildir fyrirtækisins á Íslandi, ásamt því að vera þátttakandi í mörgum alþjóðlegum verkefnum.

**Starfssvið:**
- Greining tölulegra gagna
- Uppgjörsvinna og afstemmingar
- Áætlana- og skýrslugerð
- Aðstoð við innleiðingu á SAP
- Ýmis önnur tilfallandi störf

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Þrúður Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, sigridur.stefansdottir@marel.com eða í síma 563 8000.
**Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl 2017. Sækja þarf um rafrænt á marel.is/störf.**

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með hátt í 4700 starfsmenn, þar af 550 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaiðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugar konur og karla sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt, vinnutíminn er sveigjanlegur, félagslífið gott, lögð er áhersla á heilsueflingu starfsfólks m.a. með góðu mötuneyti og framúrskarandi íþróttaaðstöðu.

marel






## Mannvit leitar að grafískum hönnuði eða margmiðlara

Starfið felur í sér ýmis konar grafíska hönnun, 3D grafík, vefumsjón, umbrot og vinnu við stafræna miðla ásamt markaðs- og kynningarefni sem tengist vörumerki Mannvits og dótturfélaga.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Menntun á sviði grafískrar hönnunar
- Reynsla af notkun á Adobe forritum (Ps, Id, Ai)
- Reynsla af 3D grafík (3ds Max) er kostur

- Þekking af margmiðlun er kostur
- Reynsla af vefumsjón er kostur
- Skapandi hugsun, frumkvæði og sjálfstæði
- Góð íslenskukunnátta og hæfni í að setja upp texta

**Við bjóðum upp á:**
- Góða starfsaðstöðu og tækifæri til starfsþróunar
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Áhugaverð verkefni, jafnt innan lands sem utan

Mannvit er eitt stærsta ráðgjafarfyrirtæki landsins á sviði verkfræði og tækni og þar starfar öflugur hópur reyndra verkfræðinga og tæknimenntaðs starfsfólks með fjölþætta reynslu á flestum sviðum verkfræðiþjónustu. Viðhorfum til verkefna og viðskiptavina verður best lýst með gildum fyrirtækisins: **Traust, víðsýni, þekking og gleði.**

Sótt er um á **www.mannvit.is**. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að láta ferilskrá og kynningarbréf fylgja umsókn. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir **Sveinn Bjarnason**, hönnuður, í síma **842 3058** eða á **sb@mannvit.is.**

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

MANNVIT



## VANTAR ÞIG VINNU?

Við hjá **Prooptik** leitum að þjónustuglöðum einstaklingi í 100% sölustarf sem getur hafið störf sem fyrst.

Óskum einnig eftir einstaklingi í sumarafleysingar.

Umsókn ásamt ferilskrá skal send á netfangið: **matti@prooptik.is**

prooptik gleraugu



SECURITAS

## FORSTÖÐUMAÐUR UPPLÝSINGATÆKNIDEILDAR

Securitas hf. leitar að stjórnanda í starf forstöðumanns upplýsingatæknideildar. Starfið felur í sér umsjón með rekstri og stjórnun tölvu- og netkerfa Securitas hf. auk dótturfélaga. Einnig tekur forstöðumaður þátt í nýsköpun og þróun, stefnumótun, innleiðingu stefnu og verkefnastjórnun auk þess að bera ábyrgð á starfsmannamálum deildarinnar. Starfið er krefjandi og skemmtileg stjórnunarstaða hjá traustu fyrirtæki í mikilli sókn.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og skilningur á rekstri stórra tölvukerfa
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af hugbúnaðargerð er kostur
- Gott vald á talaðri og rituðri íslensku og ensku
- Leiðtogahæfileikar og góð samskiptafærni
- Vilji og geta til að vinna í hóp
- Frumkvæði, metnaður og skipulögð vinnubrögð
- Góð greiningar- og ályktunarhæfni

**Starfið hentar báðum kynjum.** Umsóknarfrestur er til 23. apríl 2017 og skulu umsóknir fylltar út á heimasíðu fyrirtækisins, **www.securitas.is**

Nánari upplýsingar um starfið veita Kristín Dögg Höskuldsdóttir starfsmannastjóri og Einar Páll Guðlaugsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar.
Securitas fer fram á að allir starfsmenn leggi fram hreint sakavottorð og þeir séu reiðubúnir að leggja fram upplýsingar úr málaskrá lögreglu.

**Í forystu frá árinu 1979**
Securitas hf. er stærsta fyrirtæki landsins á öryggismarkaði með um 450 starfsmenn sem leggja metnað sinn í að veita frábæra þjónustu. Securitas er með starfsstöðvar víða um land en höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Skeifunni 8 í Reykjavík. Hjá Securitas fá starfsmenn þjálfun og njóta góðs af kraftmiklu fræðslustarfi.

Gott mötuneyti er á staðnum ásamt virku starfsmannafélagi sem heldur uppi góðum og skemmtilegum starfsanda.

JAFNLAUNA VOTTUN VR · VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2015

Á VAKT SÍÐAN 1979

ÍSLENSKA/SIA.IS SEC 84097 04/17

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

## SÉRKENNSLUFULLTRÚI/ DEILDARSTJÓRI ÓSKAST

Reykjanesbær óskar eftir að ráða sérkennslufulltrúa/deildarstjóra við skólaþjónustu fræðslusviðs bæjarins. Skólaþjónustan gegnir veigamiklu hlutverki á fræðslusviði en þar starfa í þverfaglegu teymi kennsluráðgjafar, sálfræðingar og talmeinafræðingar. Áhersla er lögð á að þjónustan mótist af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda óháð því hver það er sem veitir þjónustuna. Þannig er velferð nemenda ávallt höfð að leiðarljósi.

**Starfssvið sérkennslufulltrúa/deildarstjóra:**
- Stýrir þverfaglegu teymi skólaþjónustunnar og hefur yfirumsjón með skipulagi á starfsemi hennar í samráði við yfirsálfræðing.
- Fer með faglega forystu í málefnum og skipulagi sérkennslu og hefur umsjón með framkvæmd hennar í grunnskólum þ.m.t. sérúrræðum sem rekin eru á vegum bæjarsins.
- Annast úthlutanir á fjármagni til sérkennslu í samræmi við stefnu og verklagsreglur fræðslusviðs og fjárúthlutanir hverju sinni.
- Hefur umsjón með skimunum á undirstöðuþáttum náms og veitir ráðgjöf um íhlutun.
- Veitir sérkennslufræðilega ráðgjöf við skólastjórnendur, kennara og foreldra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kennaramenntun og framhaldsnám í sérkennslufræðum.
- Reynsla á sviði almennrar kennslu og sérkennslu.
- Fagþekking á málefnum nemenda með sérþarfir og regluverki skólaþjónustu.
Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur falið Lútherska heimssambandinu, LWF, að samhæfa mannúðaraðstoð hjálparsamtaka og -stofnana í Moyohéraði í Norður-Úganda í nánu samstarfi við stjórnvöld á svæðinu. Meginmarkmið með aðstoðinni er að veita flóttafólkinu öryggi, skjól, aðgengi að hreinu vatni og hreinlæti, matarföng og stuðning til að hefja nýtt líf í friði og sátt við íbúana sem fyrir eru á svæðinu. LWF hefur fengið lof fyrir að bregðast bæði við neyð nýkomins flóttafólks til Úganda sem og þörfum þeirra sem nú þegar hafa fundið sér bústað í landinu með viðeigandi aðgerðum sem taka tillit til sjálfbærni og eins að tengja aðstoðina við uppbyggingarstarf á svæðum þar sem flóttafólk sest að.



*Flóttafólkið fær heita máltíð einu sinni á dag. Hér er skammtað baunasúpu með maísstöppu.*



*Ung stúlka situr hér með allt sitt hafurtask. Oft þurfa konur að flýja í ofboði. Mannréttindasamtök á svæðinu hafa skýrt frá því að stríðandi fylkingar nauðgi og myrði óbreytta borgara í Suður-Súdan.*

# Unglingar á Íslandi safna fyrir húsum fyrir munaðarlaus börn í Úganda

Á æskulýðsdegi þjóðkirkjunnar 5. mars síðastliðinn tóku börn og unglingar á Suðurnesjum, Kjalarnesi, Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi höndum saman og söfnuðu fyrir múrssteinshúsum fyrir munaðarlaus börn í Úganda. Þau stóðu m.a. fyrir kaffisölu, kaffihúsi, fjáröflunarbingói og einnig var safnað framlögum með samskotum við guðsþjónustur. Nokkrar kirkjur munu halda söfnuninni áfram út vorið, en nú hafa safnast 287.227 krónur en fyrir þá upphæð er hægt að byggja tvö múrsteinshús fyrir munaðarlaus börn.

Söfnunin fór fram með fjölbreyttum hætti. Í Keflavíkurkirkju voru unglingar með kaffihús eftir æskulýðsmessu, í Bessastaðakirkju seldi æskulýðsfélagið mat eftir síðdegismessu og í Ástjarnarkirkju héldu börn og unglingar fjáröflunarbingó og voru með kaffiveitingar. Í Útskálakirkju og safnaðarheimili Sandgerðis stóðu ungmenni fyrir kaffisölu eftir messu. Í Hafnarfjarðarkirkju föndruðu fermingarbörnin söfnunarbauk sem var látinn ganga um kirkjuna við guðsþjónustu dagsins og í Vídalíns-, Brautarholts- og Víðistaðakirkju var sagt frá verkefninu í æskulýðsmessu og tekið við samskotum.

Í Úganda hafa mörg börn misst foreldra sína úr alnæmi og þau búa við bág kjör í hrörlegum húsum með stráþaki. Hjálparstarf kirkjunnar hefur lagt á það áherslu að bæta aðstæður þessara barna með því að byggja múrsteinshús með bárujárnsþaki. Þau veita skjól fyrir vindi, vatni og nætursvalanum. Einnig er minni hætta á smiti og sjúkdómum og af bárujárnsþakinu er hægt að safna vatni sem dugar langt inn í þurrkatímabilið. Unglingar taka þátt í byggingu húsanna og læra um um leið handverkið sem mun nýtast þeim til framtíðar.

„Það er dýrmætt fyrir börn og unglinga að finna að þau geta lagt lið og með samstarfi og samhentu átaki er hægt að koma svo miklu í verk sem veitir von, bjartsýni og margfalda blessun," sagði Stefán Már Gunnlaugsson, settur héraðsprestur í Kjalarnessprófastsdæmi, við afhendingu söfnunarfjár.



*Steina Björk Ketilsdóttir og Urður Unnardóttir ánægðar með afraksturinn en í heild söfnuðust 287.227 krónur.*

*Sárafátæk og lúin amma og sjö barnabörn hennar sem áður bjuggu í kofaskrifli hafa fengið nýtt hús, vatnstank, kamar, geitur og hænur til þess að bæta lífsafkomuna en foreldrar barnanna eru látin af völdum alnæmis. Með styrk frá íslenskum unglingum fá nú tvær fjölskyldur þak yfir höfuðið.*















*Fjölmiðlafólk sem hlaut viðurkenningu frá Pepp Ísland fyrir málefnalega umfjöllun um fátækt á árinu 2016. Alda Lóa Leifsdóttir sem hlaut heiðursverðlaunin „Salt í grautinn" á hraunmola er önnur frá hægri.*

# Alda Lóa Leifsdóttir fyrst til að hljóta fjölmiðlaverðlaun götunnar

*Fjölmiðlaverðlaun götunnar* voru afhent í fyrsta sinn við formlega athöfn í Þjóðarbókhlöðunni þann 23. febrúar síðastliðinn en þá veitti Pepp Ísland, grasrótarhreyfing fólks með reynslu af fátækt, blaða- frétta- og dagskrárgerðarfólki, alls ellefu manns, viðurkenningu fyrir framlög sín til málefnalegrar umfjöllunar um fátækt á Íslandi á árinu 2016.

Alda Lóa Leifsdóttir hlaut heiðursverðlaunin fyrir ljósmyndir í umfjöllunum Fréttatímans um fátækt á árinu 2016 ásamt því að fá viðurkenningu fyrir greinina „Vildi að ég gæti boðið börnunum í mat", sem var að mati dómnefndar bæði jákvæð og uppbyggileg. Verðlaunagripir voru saltstaukar en dómnefnd fannst við hæfi að gefa verðlaunahöfum „salt í grautinn". Alda Lóa fékk saltstauk sem situr á listaverki úr hraunmola sem Sign í Hafnarfirði hannaði. Áslaug Karen Jónsdóttir, blaðamaður á Stundinni, hlaut verðlaun fyrir „Fátæku börnin", sem var að mati dómnefndar besta blaðagreinin. Kristjana Guðbrandsdóttir, blaðamaður á Fréttablaðinu, hlaut verðlaun fyrir bestu fyrirsögnina, „Fátækt deyr þegar draumar fá líf" og fjórði saltstaukurinn féll í hlut Gunnars Smára Egilssonar fyrir greinina „Efnahagslegt hrun ungs fólks" í Fréttatímanum.

Eftirfarandi fjölmiðlafólk fékk viðurkenningu fyrir tilnefndar umfjallanir: Lísa Pálsdóttir fyrir vandaða umfjöllun í útvarpi fyrir „Andstyggilegt að vera heimilislaus" (Rás 1), Þóra Kristín Ásgeirsdóttir fyrir tvær blaðagreinar: „Svikinn sem barn – 35 ár á stofnunum" og „Ég var bara óheppin" (Fréttatíminn) og Viktoría Hermannsdóttir fyrir vandaðan fréttaflutning í „Hundruð barna í Reykjavík alin upp við fátækt" (RÚV). Grein Erlu Sigurlaugar Sigurðardóttur „Stundar fjögur störf til að lifa" var einnig tilnefnd.Kristín Sigurðardóttir frá fréttastofu Ríkissjónvarpsins, Markús Þórhallsson frá Útvarpi Sögu og Þórhildur Guðrún Ólafsdóttir frá Rás 1 fengu að auki sérstaka viðurkenningu fyrir að sýna málstaðnum áhuga og virðingu.

Fjölmiðlaverðlaun götunnar eru unnin að fyrirmynd systursamtaka Pepp Ísland í Austurríki og eru samstarfsverkefni svipaðra hreyfinga í nokkrum Evrópuríkjum. Markmiðið er að efla faglega og metnaðarfulla fjölmiðlaumfjöllun um fátækt sem samtökin telja að skili sér í auknum skilningi samfélagsins á þeim aðstæðum sem efnaminna fólk býr við, enda sé aukinn skilningur eina leiðin til úrbóta. "Saman getum við, fólkið sem býr við fátækt og fjölmiðlafólk, þrýst á stjórnvöld að grípa til aðgerða", sagði Ásta Dís Guðjónsdóttir, talskona Pepp Ísland við verðlaunaafhendinguna.

# Breiðholtsbrúin er opin!

Fjölskyldumiðstöðin í Gerðubergi, Hjálparstarf kirkjunnar, Fella- og Hólakirkja og Pepp Ísland, grasrótarhreyfing fólks sem berst fyrir réttindum fólks og eflir fólk til sjálfshjálpar hafa opnað Breiðholtsbrúna til að sameina fólk úr ólíkum áttum og einnig til að ná til fólks sem býr á einhvern hátt við félagslega einangrun. Breiðholtsbrúin er opin í Fella- og Hólakirkju fyrsta og þriðja mánudag í mánuði klukkan 11:30 –14:00.

Breiðholtsbrúin er fyrir fólk á öllum aldri og án tillits til starfs, fjölskyldustöðu, þjóðernis eða annars. Brúin býður fólki sem finnst það vera félagslega einangrað eða ekki í miklum samskiptum við ættingja eða vini kjörið tækifæri til þess að blanda geði við aðra og til þess að kynnast nágrönnum sínum og samferðafólki.

Hildur Oddsdóttir er sjálfboðaliði á Breiðholtsbrúnni. Hún segir að þar sé boðið upp á hádegismat sem sjálfboðaliðar elda en fólki bjóðist að koma með sínar eigin mataruppskriftir, taka þátt í eldamennskunni og bjóða öðrum að bragða á rétti sínum. Það gefi fólki kost á að kynnast – ekki bara mismunandi matarmenningu, heldur og ekki síður hvert öðru.



*Hildur Oddsdóttir (önnur frá hægri) í góðum félagsskap á Breiðholtsbrúnni síðastliðinn mánudag.*

# Hugleiðingar í lok starfsnáms hjá Hjálparstarfi kirkjunnar

Fyrir rúmum tveimur mánuðum síðan hófst starfsnám mitt hér hjá Hjálparstarfi kirkjunnar en áður vissi ég lítið sem ekkert um það starf sem hér fer fram. Meistaranemum er úthlutað starfsnámsplássi og hafa þeir ekkert um valið að segja en eftir á að hyggja held að ég það sé gott fyrirkomulag. Með þeim hætti held ég að meiri líkur séu á því að nemar lendi á stöðum sem þeir hefðu ekki valið sér sjálfir og öðlist þannig nýja og öðruvísi sýn. Þannig hefur allavega reynsla mín verið síðastliðna mánuði.

Ég mætti hingað með þær væntingar að öðlast reynslu og bæta þekkingu ofan á það nám sem nú er að baki og undirbúa mig fyrir komandi ár í starfi. Ég gerði mér þó alls ekki grein fyrir því hversu fjölbreytt starfið hér er og hversu víðtæka þekkingu ég myndi öðlast sem nemi. Félagsráðgjafarnir tveir sem hér starfa sinna innanlandsstarfi og því hef ég að mestu leyti fengið innsýn í það á þessum tíma.

Í starfsnáminu hef ég orðið vitni að því að fátækt og félagsleg einangrun er raunveruleg í samfélaginu. Það er staðreynd að hér á landi búa einstaklingar og fjölskyldur þeirra við matarskort í hverjum einasta mánuði. Það er ekki tímabil hjá fólki heldur raunveruleikinn sem það sér ekki fyrir endann á. Að sama skapi býr hér fólk við félagslega einangrun til lengri tíma og þarf að glíma við afleiðingar hennar. Hjálparstarf kirkjunnar vinnur gott starf við að hlúa að einstaklingum í slíkum aðstæðum bæði með einstaklingsmiðaðri nálgun og í hópastarfi. Starfið felst í efnislegri aðstoð, ráðgjöf og valdeflandi verkefnum fyrir fólkið sem hingað leitar. Ég tel það vera forréttindi að hafa fengið að kynnast og taka þátt í slíku starfi og sjá hvernig það eflir einstaklinginn í sínu lífi. Það er gott að vita af Hjálparstarfi kirkjunnar og öllu því fólki sem lætur sig varða jöfnuð í samfélaginu og vellíðan einstaklingsins.



*Júlía Margrét Rúnarsdóttir, nemi á lokaönn í meistaranámi til starfsréttinda í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.*

# Frábær stuðningur Hallgrímssóknar við Hjálparstarf kirkjunnar

Í janúar síðastliðnum afhenti Irma Sjöfn Óskarsdóttir prestur í Hallgrímskirkju Bjarna Gíslasyni framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar rausnarlegan styrk til starfsins, samtals 3.761.159 krónur. Séra Irma Sjöfn sagði við afhendingu styrksins að hann kæmi frá fólkinu í Hallgrímssókn, meðal annars í samskotum við guðsþjónustu í Hallgrímskirkju.

Við móttöku styrksins þakkaði Bjarni Hallgrímssókn fyrir ómetanlegan stuðning í gegnum tíðina.

Á myndinni sem tekin var við styrkveitinguna eru sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Bjarni Gíslason frá Hjálparstarfinu og Hermann Bjarnason frá Kristniboðssambandinu sem fékk afhentan styrk við sama tækifæri.




## Gjöf fyrir minimalistann

Á gjafabréfasíðunni okkar **gjofsemgefur.is** eru hátt í fimmtíu gjafabréf sem eru tilvalin tækifærisgjöf fyrir fermingarbarnið, stúdentinn, þann fimmtuga, brúðhjónin....




www.gjofsemgefur.is Hjálparstarf kirkjunnar

# Þökkum stuðninginn!

**REYKJAVÍK**
12 og 12 ehf
A. Margeirsson ehf
A. Wendel ehf
Aðalblikk ehf
Aðalverkstæðið ehf
Aðalvík ehf
Alvin ehf
Analytica ehf
Arctica Finance hf
ARGOS ehf, Arkitektastofa
Grétars og Stefáns
Arkís arkitektar ehf
Auglýsingastofan ENNEMM
Á.K. Sjúkraþjálfun ehf
Áltak ehf
ÁM-ferðir ehf
Árbæjarapótek ehf
ÁTVR Vínbúðir
Barnatannlæknastofan ehf
BBA/Legal ehf
Bending 1 ehf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílasmiðurinn hf
Bjarnar ehf
BK eignir ehf
BK kjúklingar
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Bókabúðin Sjónarlind
Bókhaldsstofa Haraldar slf
Bókhaldsþjónusta Júlíönu ehf
Bónstöðin hjá Jobba ehf
Brauðhúsið ehf
Breiðan ehf
Brúskur hársnyrtistofa
BSRB
Couture, fataverslun
Danica sjávarafurðir ehf
Dokkan - þekkingar- og tengslanet
Dýralæknastofa Reykjavíkur ehf
Eðalflutningar ehf
Efling stéttarfélag
Efnalaugin Björg
Eignamiðlunin ehf
Einar og Viðar sf
Elding Trading Co ehf
Endurskoðun og reikningsskil hf
Ernst & Young ehf
Esju-Einingar ehf
Fasteignasalan Miklaborg
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Félag tanntækna og
aðstoðarfólks tannlækna
Fiskbúðin Sæbjörg ehf
Fjárhald ehf
Fossberg ehf
Garcia ehf
Garðasteinn ehf
Garðs Apótek ehf
GÁ húsgögn ehf
Gátun ehf, bókhaldsþjónusta
GB Tjónaviðgerðir ehf
Geiri ehf, umboðs- og heildverslun
Gilbert úrsmiður
Gjörvi ehf
GLÁMA-KÍM arkitektar
Glófi ehf / VARMA
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn
Gullsmiðurinn í Mjódd
Hagi ehf-Hilti
Hamborgarabúlla Tómasar
Hampiðjan hf
Handprjónasamband Íslands svf
Hársnyrtistofan Arnarbakka ehf
Háskólinn í Reykjavík
Helgason og Co ehf
Henson sports
Herrafataverslun Birgis ehf
Heyrnar og talmeinastöð Íslands
Hitastýring hf
Hjá GuðjónÓ ehf
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hljóðbók.is - hljóðvinnslan
Hópferðabílar Snælands
Grímssonar ehf
Hótel Frón ehf
Hótel Örkin, sjómannaheimili
Hreinsitækni ehf
Hreyfimyndasmiðjan ehf
Húsaklæðning ehf
Hússtjórnarskóli Reykjavíkur
Höfðahöllin bílasala
Höfðakaffi ehf
Höfði fasteignasala
Iceland in a day ehf
IG Ferðir ehf
Innlifun ehf
Intellecta ehf
Ísbúð Vesturbæjar ehf
Íslandsstofa
Íslensk endurskoðun ehf
Íslenski barinn ehf
Ísold ehf
Jarðafl ehf
K. Pétursson ehf
Kemi ehf
Kjöthöllin ehf
Klettur - sala og þjónusta ehf
KOM almannatengsl
Kopar & Zink ehf
Kopar Restaurant ehf
Kurt og Pí ehf
Kvika ehf Grafísk hönnun
Kvikna ehf
Lagnalagerinn ehf
Landsbréf hf
Landssamband lögreglumanna
Landssamtök lífeyrissjóða
Lásaþjónustan ehf
LC Ráðgjöf ehf, stjórnunar- og
rekstrarráðgjöf
Leiðir ehf
Leir og postulín ehf
Litróf ehf
Líf og sál sálfræðistofa ehf
LOG lögmannsstofa sf
Lyfis ehf
Lögfræðiþjónusta Sigurðar
Sigurjónssonar hrl
Lögmannafélag Íslands
Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf
Löndun ehf
Margt smátt ehf
MD vélar ehf
Merlo Seafood
Myndhraði ehf
N 32 ehf
Nasdaq Iceland
Nauthóll bistro
Neshamar ehf
Neytendasamtökin
Nýi tónlistarskólinn
Nýi ökuskólinn ehf
Nýtt Skil slf
Oddgeir Gylfason,
tannlæknir og læknir
Orka ehf
Orkuvirki ehf
Ottó B. Arnar ehf
Ó. Johnson & Kaaber ehf
Parket og gólf
Páll V Einarsson slf
Pfaff hf
Pixel ehf
Plast - miðar og tæki ehf
Plastco ehf
Pósturinn
Promennt ehf
Rafneisti ehf
Rafsvið sf
Raftíðni ehf
Rafþjónustan slf
RAMIS ehf
Rannsókna- og háskólanet
Íslands hf
Rarik ohf
Regla - netbókhaldskerfi
Reykjagarður hf
Reykjavik Residence Hotel
Reykjavíkurborg
Réttur - ráðgjöf & málflutningur
Rolf Johansen & Co ehf
Rúna ehf
S.B.S. innréttingar
S.G. þjónustan ehf
SALON VEH
Samiðn, samband iðnfélaga
Samskipti ehf
Samtök starfsmanna
fjármálafyrirtækja-SSF
Scanmar á Íslandi ehf
Securitas hf
Sendibílar Reykjavíkur ehf
SFR stéttarfélag í almannaþjónustu
Sigurraf ehf
Sjávargrillið ehf
Sjónlag hf
Skorri ehf
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
SM kvótaþing ehf
Smith og Norland hf
Sólbaðsstofan Smart ehf
Sólon Bistro
Spör ehf, auglýsingastofa
Stansverk ehf
Stál og stansar ehf
Stjörnuegg hf
Suzuki bílar hf
Sveinsbakarí
Söngskólinn í Reykjavík
Tandur hf
Tannálfur, tannlæknastofa
Tannlæknar Mjódd ehf
Tannlæknastofa Geirs A Zoega
Tannlæknastofa
Sigurjóns Arnlaugssonar ehf
Tannréttingar sf
Tannval Kristínar Gígju
Tapas Barinn
Tark - Arkitektar
TCM Innheimta ehf
Terra Export ehf
The Coocoo's Nest
THG Arkitektar ehf
Tónmenntaskóli Reykjavíkur
Trackwell hf
TREX-Hópferðamiðstöðin
Trésmiðja GKS ehf
Trésmiðja Magnúsar
F. Jónssonar ehf
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins
Tölvar ehf
Umslag ehf
Utanríkisráðuneytið
Útfararstofa Svafars
og Hermanns ehf
VA arkitektar ehf
Vagnar og þjónusta ehf
Vagnasmiðjan ehf
Varmi ehf
VDO ehf
Velmerkt ehf
Verkengi ehf
Verkfræðistofan VIK ehf
Verkfærasalan ehf
Verksýn ehf
Verslunin Álfheimar ehf
Verslunin Brynja ehf
Verslunin Rangá
Verslunin Stórar Stelpur
Vestur Indía Félagið ehf
Vélar og verkfæri ehf
Vélvík ehf
Vilhjálmsson sf, heildverslun
Vinnumálastofnun
Þorsteinn Bergmann ehf
Þór hf
Ökumennt ehf

**SELTJARNARNES**
Borgarblöð ehf
Pípulagnaþjónusta Reykjavík ehf

**VOGAR**
Loftræstihreinsun ehf

**KÓPAVOGUR**
ALARK arkitektar ehf
Alur blikksmiðja ehf
Atlantic Tank Storage ehf
Ásborg slf
Bifreiðasmiðja
Sigurbjörns Bjarnassonar ehf
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf
Bílamálunin Varmi ehf
Bílaverkstæði Kjartans
og Þorgeirs sf
Blikksmiðjan Vík ehf
BSA varahlutir ehf
Exton ehf
Fasteignamiðstöðin ehf
Fidesta ehf, viðskiptaráðgjöf
Fossar,tryggingar og ráðgjöf ehf
Fríkirkjan Kefas
G.T.Óskarsson ehf
GG Sport
Hafið - fiskverslun ehf
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki
Hjörtur Eiríksson sf
Húsfélagaþjónustan ehf
Húsver ehf
Iðnvélar ehf
Ingi hópferðir ehf
Ison ehf
Íspan ehf, gler og speglar
JS-hús ehf
Klukkan, úr og skartgripir
Línan ehf
Ljósvakinn ehf
Loft og raftæki ehf
Mannrækt og menntun ehf
Margmiðlun ehf
Merkúr húsgagnabólstrun slf
Nobex ehf
Pottagaldrar ehf
Rafmiðlun hf
Rafvirkni ehf
Rakarastofan Herramenn
Réttingaverkstæði Jóa ehf
Slökkvitækjaþjónustan ehf
Sports Direct
Tengi ehf
Vatn ehf
Vatnsborun ehf
Vatnsvirkinn
Vetrarsól ehf, verslun
Visitor, ferðabókunarþjónusta
Zenus sófar
Þrif ehf
Öreind sf

**GARÐABÆR**
Apótek Garðabæjar
Aþ-Þrif ehf
Bílasprautun Íslands ehf
Efnalaug og fatahreinsun Garðabæ
Engilbert ÓH Snorrason
tannlæknastofa sf
Fagval ehf
Garðabær
Garðaskóli
Geislatækni ehf - Laser-þjónustan
Hagráð ehf
Okkar bakarí ehf
Onno ehf
Optimar KAPP ehf
Rafboði
Samey ehf
Val - Ás ehf
Versus bílaréttingar og málun
Vörukaup ehf, heildverslun
Öryggisgirðingar ehf

**HAFNARFJÖRÐUR**
Alexander Ólafsson ehf
Allianz á Íslandi hf
Batteríð Arkitektar ehf
Blómabúðin Burkni ehf
Byggingafélagið Sandfell ehf
Domus ehf
Dverghamrar ehf
Efnamóttakan hf
Einar í Bjarnabæ ehf
Eldvarnarþjónustan ehf
Elmax ehf
EÓ-Tréverk sf
Essei ehf
Fjarðarkaup ehf
G.S. múrverk ehf
GT hreinsun ehf
H. Jacobsen
Hafnarfjarðarhöfn
Hagtak hf
Hallbertsson ehf
Harbourfront Guesthouse ehf
Heimir og Jens ehf
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð
Hvalur hf
Ican - Beykireykt þorsklifur ehf
Íshestar ehf
Kjartan Guðjónsson, tannlæknir
Krossborg ehf
Kvikmyndaverstöðin ehf
Kæling ehf
Lava Hostel
Ludviksson ehf / Ledlysing
Netorka hf
Rafgeymasalan ehf
SJ Tréverk ehf
Smíðaverk ehf
Snittvélin ehf
Snyrtistofa Rósu ehf
Spíral prentþjónusta ehf
Stálorka
Strendingur ehf
ThorShip
Umbúðamiðlun ehf
Veislulist - Skútan
Verkalýðsfélagið Hlíf
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði
Víðir og Alda ehf
Víking þjörgunarbúnaður
VSB verkfræðistofa ehf

**ÁLFTANES**
GO múrverk ehf

**REYKJANESBÆR**
ÁÁ verktakar ehf,
Áfangar ehf-hreinlætisvörur
Bókhalds og rekstrarþjónusta
Gunnars Þórarinssonar
Dacoda ehf
DMM Lausnir ehf
Georg V. Hannah sf
Húsagerðin ehf, trésmiðja
IGS ehf Keflavíkurflugvelli
Lyfta ehf
M² Fasteignasala & Leigumiðlun
Nesraf ehf
Plexigler ehf
Radíónaust
Reiknistofa fiskmarkaða hf
Reykjanesbær
Rörvirki sf
SB Trésmíði ehf
SBK ehf
Skólamatur ehf
Skólar ehf
Sporthúsið Reykjanesbæ
Suðurflug ehf
Toyota Reykjanesbæ
Útfararþjónusta Suðurnesja
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vísir, félag skipstjórnarmanna
á Suðurnesjum

**GRINDAVÍK**
Bókvit ehf
E.P.verk ehf
Hópsnes ehf
Northern Light Inn
Ó S fiskverkun ehf
Verkalýðsfélag Grindavíkur
Þorbjörn hf

**SANDGERÐI**
Verk- og tölvuþjónustan ehf
Vélsmiðja Sandgerðis ehf

**GARÐUR**
SI raflagnir ehf
Sveitarfélagið Garður

**MOSFELLSBÆR**
Bílamálunin Örninn ehf
Dalsbú ehf
Fagverk verktakar sf
Garðagróður ehf
Hlín Blómahús
Ísfugl ehf
Mosfellsbakarí
Múr og meira ehf
Nonni litli ehf
Reykjabúið ehf
Sjöund slf

**AKRANES**
Bílasala Akraness ehf - Bílás
Bjarmar ehf, vélaleiga
Brautin ehf
Fasteignasalan Hákot
Fasteignasalan Valfell, Kirkjubraut
og Borgartúni Reykjavík
Galito veitingastaður
Gámaþjónusta Vesturlands ehf
Gjafavöruverslunin @Home
Hvalfjarðarsveit
Snókur verktakar ehf
Tannlæknastofan 2 Gómar ehf

**BORGARNES**
B. Björnsson ehf
Borgarbyggð
Búvangur ehf
Dýralæknaþjónusta Vesturlands ehf
Eyja- og Miklaholtshreppur,
Snæfellsnesi
Kaupfélag Borgfirðinga
Skorradalshreppur
Sprautu- og bifreiðaverkstæði
Borgarness sf
Traktorsverk ehf
Trésmiðja Pálma ehf Hálsaskóg
Skorradal
Vélabær, bíla- og búvélaverkstæði

**STYKKISHÓLMUR**
Ásklif ehf
Marz sjávarafurðir ehf

**GRUNDARFJÖRÐUR**
Kvenfélagið Gleym-mér-ei
Þjónustustofan ehf

**ÓLAFSVÍK**
Rafn ehf
Steinprent ehf
Steinunn ehf

**HELLISSANDUR**
Breiðavík ehf
Esjar ehf
Skarðsvík ehf

**BÚÐARDALUR**
Dalabyggð

**REYKHÓLAHREPPUR**
Reykhólahreppur
Þörungaverksmiðjan hf

**ÍSAFJÖRÐUR**
Ferðaþjónustan í Heydal
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
GG málningarþjónusta ehf
Hamraborg ehf
Harðfiskverkun Finnboga
Massi þrif ehf
Orkubú Vestfjarða ohf
Samgöngufélagið
Sjúkraþjálfun Vestfjarða
Verkstjórafélag Vestfjarða
Vélsmiðja ÞM

**BOLUNGARVÍK**
Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða ehf
Flugrúta Bolungarvík - Ísafjörður
Páll Helgi ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf
Vélvirkinn sf

**SÚÐAVÍK**
Súðavíkurhreppur

**PATREKSFJÖRÐUR**
Eyfaraf ehf
Fiskmarkaður Patreksfjarðar ehf
Slaghamar ehf
Verslunin - bakaríið Albína
Vesturbyggð

**TÁLKNAFJÖRÐUR**
Bókhaldsstofan Tálknafirði
T.V. Verk ehf

**BÍLDUDALUR**
Íslenska kalkþörungafélagið ehf

**ÞINGEYRI**
Brautin sf

**HÓLMAVÍK**
Kaupfélag Steingrímsfjarðar

**HVAMMSTANGI**
Húnaþing vestra
Steypustöðin Hvammstanga ehf

**BLÖNDUÓS**
Blönduósbær
Húnavatnshreppur
Stéttarfélagið Samstaða
Vilko ehf

**SKAGASTRÖND**
Kvenfélagið Hekla
Marska ehf
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf
Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf
Sveitarfélagið Skagaströnd

**SAUÐÁRKRÓKUR**
Bókhaldsþjónusta KOM ehf
Dögun ehf
Héraðsbókasafn Skagfirðinga
Iðnsveinafélag Skagafjarðar
Skagafjarðarveitur

**VARMAHLÍÐ**
Akrahreppur Skagafirði

**AKUREYRI**
Almenna lögþjónustan ehf
Amaro heildverslun
Arctic Portal
Arctic Portal
Baldur Halldórsson ehf
Baugsbót ehf, bifreiðaverkstæði
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf
Bílapartasalan Austurhlíð
Blikkrás ehf
Brynja ehf
Byggingarfélagið Hyrna ehf
Farfuglaheimilið Stórholti
Félag verslunar- og skrifstofufólks
Fóðurverksmiðjan Laxá hf
Geimstofan ehf, auglýsingastofa
og skiltagerð
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf
Gróðrarstöðin Sólskógar ehf
Grófargil ehf
Hagvís ehf
Hlíð hf
HSH verktakar ehf
Höldur ehf, bílaleiga
Íslensk verðbréf hf
J M J Herradeild
Keahótel ehf
KG Sendibílar ehf
Ljósco ehf
Lostæti ehf
Norðurorka hf
Pípulagningaþjónusta
Bjarna F Jónassonar ehf
ProMat Akureyri ehf
Rafmenn ehf
Raftákn ehf - Verkfræðistofa
Rakara- og hárstofan Kaupangi
Samherji ehf
Samvirkni ehf
Sjúkrahúsið á Akureyri
Steypustöð Akureyrar ehf
Steypusögun Norðurlands ehf
Streymi heildverslun ehf
Veitingastaðurinn Krua Siam
Ösp sf, trésmiðja

**GRENIVÍK**
Grýtubakkahreppur

**GRÍMSEY**
Sigurbjörn ehf

**DALVÍK**
Híbýlamálun, málningarþjónusta ehf
Kussungur ehf
Vélvirki ehf, verkstæði

**ÓLAFSFJÖRÐUR**
Árni Helgason ehf, vélaverkstæði

**HRÍSEY**
Eyfar ehf

**HÚSAVÍK**
Fatahreinsun Húsavíkur sf
Heimabakarí Húsavík
Steinsteypir ehf
Víkurraf ehf

**FOSSHÓLL**
Fosshóll ehf

**LAUGAR**
Gistiheimilið Stóru-Laugar

**MÝVATN**
Mývatn Tours
Vogar, ferðaþjónusta

**RAUFARHÖFN**
Önundur ehf

**ÞÓRSHÖFN**
Geir ehf

**EGILSSTAÐIR**
Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf
Gistihúsið - Lake Hotel Egilsstadir
Héraðsprent ehf
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
Klassík ehf
Kúpp ehf
Miðás ehf
Myndsmiðjan ehf
PV-pípulagnir ehf
Rafey ehf

**SEYÐISFJÖRÐUR**
Seyðisfjarðarkaupstaður

**REYÐARFJÖRÐUR**
Fjarðabyggð
Tærgesen, veitinga- og gistihús

**ESKIFJÖRÐUR**
Egersund Ísland ehf
Eskja hf
H.S. Lækning ehf
Slökkvitækjaþjónusta
Austurlands ehf
Tanni ferðaþjónusta ehf

**NESKAUPSTAÐUR**
Síldarvinnslan hf
Tónspil ehf
Verkmenntaskóli Austurlands

**FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR**
Loðnuvinnslan hf

**STÖÐVARFJÖRÐUR**
Brekkan - Verslun og veitingastofa

**HÖFN Í HORNAFIRÐI**
Eystrahorn
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu
Króm og hvítt ehf
Skinney-Þinganes hf
Sveitafélagið Hornafjörður
Ögmund ehf

**SELFOSS**
Árvirkinn ehf
Baldvin og Þorvaldur ehf
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
Bíltak ehf
Flóahreppur
Fræðslunetið
- símenntun á Suðurlandi
Garðyrkjustöðin Engi
Garðyrkjustöðin Syðri Reykjum 4 ehf
Gesthús Selfossi,
gistihús og tjaldsvæði
Guðnabakarí ehf
Jötunn vélar ehf
Kvenfélag Gnúpverja
Kvenfélag Grímsneshrepps
Málarinn Selfossi ehf
Máttur sjúkraþjálfun ehf
Mjölnir, vörubílstjórafélag
Pylsuvagninn Selfossi
við brúarendann
Rafmagnsverkstæði Jens
og Róberts ehf
Reykhóll ehf
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Snyrtistofan Eva ehf
Súperbygg ehf
Svavar Sveinsson
Tannlæknaþjónustan.is
Útfararþjónustan Fylgd ehf

**HVERAGERÐI**
Jón Þórisson ehf

**ÞORLÁKSHÖFN**
Landsbanki Íslands
Sveitarfélagið Ölfus
Þorlákshafnarhöfn

**ÖLFUS**
Eldhestar ehf

**STOKKSEYRI**
Kvenfélag Stokkseyrar

**LAUGARVATN**
Menntaskólinn að Laugarvatni

**FLÚÐIR**
Ásgerði II ehf
Hrunamannahreppur
Íslenskt grænmeti ehf
Varmalækur ehf

**HELLA**
Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf
Hestvit ehf
Kvenfélagið Sigurvon

**HVOLSVÖLLUR**
Krappi ehf, byggingaverktakar
Rafverkstæði Ragnars ehf

**VÍK**
Mýrdalshreppur

**KIRKJUBÆJARKLAUSTUR**
Ferðaþjónustan Hunkubökkum
Hótel Laki
Skaftárhreppur

**VESTMANNAEYJAR**
Bergur-Huginn ehf
Bíla- og vélaverkstæðið
Nethamar ehf
Bílaverkstæði Sigurjóns
Gröfuþjónustan Brinks ehf
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Ós ehf
Rannsóknarþjónustan V.M.
Tannlæknastofan
Heimir Hallgrímsson
Teiknistofa Páls
Zóphóníassonar ehf
Vinnslustöðin hf



Mig langar til að gera við tölvur en ekki stela og lenda í fangelsi
DAÐI FREYR FROSTASON*
Ungt fólk í fátækrahverfum Kampala, höfuðborgar Úganda, leiðist unnvörpum út í vændi og glæpi til þess eins að lifa af. Með markvissri aðstoð og iðngreinanámskeiðum öðlast þau þekkingu og sjálfstæði til að sjá fyrir sér á annan hátt.
GEFUM ÞEIM SÉNS!
Hringdu í **907 2003** og gefðu **2500** kr. eða upphæð að eigin vali á **framlag.is**
Einnig er hægt að leggja inn á bankareikning 0334-26-50886, kt. 450670-0499 eða borga 2400 kr. valgreiðslu í heimabanka.
Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance
* Drengurinn á myndinni tekur þátt í verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Kampala. Nafnið er ekki hans rétta nafn en textinn lýsir raunveruleikanum sem hann og fjöldi annarra ungmenna býr þar við.

# GLAMOUR

## ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR





**Saga til næsta bæjar**

**Stefán Pálsson** skrifar um síðustu nýlenduna í Suður-Ameríku.



Úr því að Franska-Gvæjana var í huga Frakka orðin einhvers konar helvíti á jörðu, var óraunhæft að stofna þar hefðbundna nýlendu með fólki sem flyttist sjálfviljugt, en snemma kviknaði sú hugmynd að þangað mætti senda sakamenn.

# Strönd útlaganna

Árið 1969 kom út í Frakklandi bókin Papillon eða Fiðrildið eftir Henri Charrière. Verkið sló þegar í gegn og tróndi á toppi sölulista í marga mánuði. Sagan var þýdd á fjölda tungumála og kom út á íslensku árið 1976. Þremur árum fyrr var hún kvikmynduð með stórleikurunum Steve McQueen og Dustin Hoffman í aðalhlutverkum.

Vinsældir Papillion voru skiljanlegar enda Charrière afbragðssögumaður og fléttan æsileg. Sagan gerist á fjórtán ára tímabili, frá 1931 til 1945, og byggði að sögn höfundarins í öllum meginatriðum á ævi hans sjálfs, allt frá því að hann var handtekinn og ranglega dæmdur fyrir morð árið 1931 þar til hann slapp úr fangelsi fjórtán árum síðar eftir ótal flóttatilraunir, sem margar hverjar gengu upp en enduðu yfirleitt með nýrri handtöku innan skamms. Ævintýri þessi gerast öll í Frönsku-Gvæjana, fanganýlendu Frakka í Suður-Ameríku þar sem söguhetjan var vistuð í hverju fangelsinu öðru rammgerðara. Að lokum var honum komið fyrir á hinni alræmdu Djöflaey, sem útilokað var talið að flýja frá, en það tókst engu að síður.

Áhugafólk um æsilegar flóttabókmenntir verður ekki svikið af sögunni um Papillon, þótt fræðimenn dragi sannleiksgildi hennar í efa. Þannig lýstu frönsk stjórnvöld því yfir skömmu eftir útkomu bókarinnar að Charrière hefði aldrei verið vistaður á Djöflaey, sem þess utan var ekki nýtt til þrælkunarvinnu líkt og lýst er í bókinni heldur sem einangrunarfangelsi fyrir fanga sem taldir voru sérlega háskalegir eða þjáðust af geðsjúkdómum. Talið er að Charrière hafi í raun upplifað fæst þeirra ævintýra sem hann lýsir í sögunni, heldur safnað saman frásögnum samfanga sinna og spunnið úr þeim spennandi söguþráð. En þótt umgengni höfundarins við sannleikann kunni að hafa verið frjálsleg, átti bókin stóran þátt í að vekja athygli umheimsins á ljótum kafla í franskri sögu, fanganýlendunni í Frönsku-Gvæjana.

Franska-Gvæjana er rúmlega 80 þúsund ferkílómetra landsvæði með 250 þúsund íbúa á norðvesturhorni meginlands Suður-Ameríku. Hún liggur að Brasilíu til suðurs, en vestan hennar eru tvö smáríki, Súrínam og Gvæjana. Þau ríki eru bæði fjölmennari en Franska-Gvæjana og eru fullvalda, þótt tengslin við gömlu nýlenduveldin, Holland og Bretland, séu enn sterk. Franska-Gvæjana telst á hinn bóginn hluti franska ríkisins. Íbúarnir eru Frakkar, kjósa í frönsku þing- og forsetakosningunum, notast við evru í viðskiptum og landið er hluti af Evrópusambandinu.

**Prettir og plágur**

Saga Evrópumanna í þessu einangraða landi hófst þegar með fyrstu leiðöngrum Kristófers Kólumbusar til nýja heimsins, þegar menn hans sigldu að ströndum Suður-Ameríku og freistuðu landgöngu. Í refskák evrópsku nýlenduveldanna færðist landið milli áhrifasvæða ýmissa ríkja, en snemma fengu Frakkar þó augastað á því. Fyrstu tilraunir til að koma upp frönskum nýlendum á svæðinu voru gerðar á fyrri hluta sautjándu aldar, en fóru út um þúfur vegna árása innfæddra og árekstra við önnur stórveldi.

Sjö ára stríðinu (sem raunar stóð í níu ár) lauk árið 1763 með sigri Breta en fullum ósigri Frakka og Spánverja. Í friðarsamningunum misstu Frakkar mikil lönd í Vesturheimi og var Franska-Gvæjana meðal þess litla sem þeir héldu eftir. Í kjölfarið jókst því áhugi franskra stjórnmálamanna á að nýta þessar lendur sínar með einhverjum hætti. Stjórn Loðvíks fimmtánda freistaði þess að hefja stórfellt landnám og lokkaði þúsundir Frakka vestur um haf með gylliboðum um auðævi og líf í lystisemdum. Það reyndust orðin tóm. Landnemarnir kunnu ekkert á umhverfið, máttu þola árásir indíána og hrundu niður úr hitabeltissjúkdómum. Aðeins nokkur hundruð áttu afturkvæmt til Frakklands og lýstu þar illri vist sinni, með þeim afleiðingum að Franska-Gvæjana fékk á sig illt orð meðal almennings sem lifði áratugum saman.

Úr því að Franska-Gvæjana var í huga Frakka orðin einhvers konar helvíti á jörðu, var óraunhæft að stofna þar hefðbundna nýlendu með fólki sem flyttist sjálfviljugt, en snemma kviknaði sú hugmynd að þangað mætti senda sakamenn. Þannig var hópur fylgismanna byltingarforingjans Robespierres sendur þangað í útlegð eftir að leiðtogi þeirra var fundinn sekur um landráð og tekinn af lífi í hjaðningavígum frönsku byltingarinnar. Þá smástyrktist plantekrubúskapurinn

> FENGU FANGARNIR MAT AFHENTAN Í GEGNUM LÚGU OG VARÐMENN HIRTU Í STAÐINN LÍK ÞEIRRA SEM DÓU EFTIRLITSLAUSIR INNAN MÚRANNA.

í landinu, sem byggðist á svörtum þrælum. Ein helsta framleiðsluvaran var rauður pipar, sem nefnist cayenne-pipar á ýmsum tungumálum og er einmitt kenndur við Cayenne, höfuðstað og langfjölmennasta bæ Frönsku-Gvæjana.

Það var þó ekki fyrr en um miðja nítjándu öld að stórfelldir flutningar á föngum hófust frá Frakklandi til Frönsku-Gvæjana. Í fyrstu voru það einkum glæpamenn sem fengið höfðu þyngstu dómana sem hlutu þessi örlög, en árið 1885 voru sett lög þess efnis að þeir sem hlytu dóm fyrir sinn þriðja glæp skyldu sendir til fanganýlendunnar óháð því hversu smávægileg afbrotin kynnu að vera. Fólkið sem hlaut þessi örlög skyldi afplána refsingu sína í fangabúðum en að því loknu vera óheimilt að snúa aftur til Frakklands. Í þeirri von að fanganýlendan yrði með tímanum burðugt samfélag, voru dómstólar sérstaklega duglegir við að dæma konur í útlegðarvist í þeirri von að þær myndu giftast fyrrverandi föngum og eiga með þeim börn.

**Harðasti dómurinn**

Fyrirmyndir þessa kerfis voru ýmsar. Þannig höfðu Bretar um langt skeið létt af yfirfullum fangelsum sínum með því að senda heilu skipsfarmana af fólki til Ástralíu. Ólíku var þó saman að jafna varðandi möguleika fólks á að bjarga sér í hinum nýju heimkynnum. Í Frönsku-Gvæjana beið fæstra annað en örbirgð, þar sem betl og þjófnaður voru helstu bjargirnar og hvers kyns sjúkdómar herjuðu á mannskapinn. Útlegðardómur til fanganýlendunnar var því í ansi mörgum tilvikum í raun skjótvirkur dauðadómur.

Hörmulegastar eru þó lýsingarnar á þeim fangelsum sem vistuðu geðsjúka afbrotamenn eða fólk sem sturlast hafði meðan á dvölinni stóð. Það var læst inni í rammgerðum byggingum sem fangaverðirnir sjálfir hættu sér tæpast inn í og þar réði algjört stjórnleysi ríkjum. Fengu fangarnir mat afhentan í gegnum lúgu og varðmenn hirtu í staðinn lík þeirra sem dóu eftirlitslausir innan múranna. Þrátt fyrir harðneskjuleg viðhorf þessara ára á sviði refsinga, hefði aðbúnaður af þessu tagi aldrei verið liðinn í Evrópu en fékk að viðgangast athugasemdalaust í hinu fjarlæga landi.

Dreyfuss-málið sem skók franskt samfélag um aldamótin 1900 beindi athyglinni að aðstæðum á Djöflaey og í öðrum fangabúðum Frönsku-Gvæjana. Alfred Dreyfuss, gyðingur og yfirmaður í franska hernum, var þar ranglega sakfelldur fyrir að selja Þjóðverjum hernaðarleyndarmál. Dreyfuss eignaðist fjölmarga málsvara úr röðum frjálslyndra Frakka. Honum var haldið föngnum á Djöflaey og varð það til þess að ýmsir blaðamenn tóku að kynna sér ástandið þar.

Árið 1906 var Dreyfuss sýknaður eftir gríðarlega harðar deilur og í kjölfarið ákvað franska ríkisstjórnin að stefna að lokun fangelsanna í áföngum. Það tók þó lengri tíma en ætlað var, meðal annars vegna tveggja heimsstyrjalda og heimskreppunnar. Formlega voru fangabúðirnar starfræktar til ársins 1951 og í raun nokkuð lengur, þar sem geðsjúkum föngum var haldið áfram innilokuðum. Þá hirti franska stjórnin ekki um að flytja heim þá fanga sem látnir voru lausir. Því var fjöldi fólks sem ekki gat greitt fargjaldið til Frakklands strandaglópar í landinu og bjó við sára fátækt.

Franska-Gvæjana fékk árið 1946 stjórnskipulega stöðu sína sem hluti franska ríkisins. Tveimur áratugum síðar fluttu Frakkar miðstöð geimferðaáætlunar sinnar þangað frá Alsír, en nálægðin við miðbaug gerir landið heppilegt til geimskota. Eru flest geimskot Evrópsku geimferðastofnunarinnar því framkvæmd í Frönsku-Gvæjana og skapar þjónusta í tengslum við það allnokkrar tekjur fyrir heimamenn.

Þjóðarframleiðsla á mann er nokkru hærri í landinu en gerist og gengur í Suður-Ameríku, en lífskjör eru þó miklu lakari en í Frakklandi sjálfu. Fátækt er útbreidd, um fjórðungur landsmanna er án atvinnu og stór hluti landsmanna hefur ekki tryggan aðgang að rafmagni og heilsusamlegu neysluvatni. Þótt franska ríkisfangið tryggi íbúum Frönsku-Gvæjana ýmis réttindi, svo sem fría grunnmenntun og heilbrigðisþjónustu, má segja að sambandið við Frakkland sé einnig fjötur um fót og komi í veg fyrir að þjóðfélagið og atvinnulífið geti þróast á eigin forsendum. Framleiðsla er lítil og samfélagið algjörlega komið upp á innflutning og opinberan stuðning.

Íbúarnir eru ósáttir við kjör sín og afskiptaleysi franskra stjórnmálamanna sem sýna landinu engan áhuga nema rétt í aðdraganda kosninga. Á liðnum vikum hafa kröftug mótmæli og allsherjarverkföll riðið yfir Frönsku-Gvæjana, þar sem efnahagslegra úrbóta er krafist og stjórnmálamönnum sagt til syndanna. Það var því eins og olía á eld þegar Emmanuel Macron, sem talinn er sigurstranglegastur í forsetakosningunum, tjáði sig um málefni Frönsku-Gvæjana og reyndist svo fáfróður um landið að hann hélt að það væri eyja! Íbúar þessarar snauðu gömlu fanganýlendu eygja því litlar breytingar þótt nýr maður flytji í forsetahöllina í París.

ego dekor

# NÝ SENDING AF LEÐURSÓFUM



MODESTO LEÐURHORNSÓFI
Stærð: 300X210cm
Verð: 399.900,-



OSCAR LEÐURHORNSÓFI
Stærð: 265X218cm
Verð: 385.000,-



DICE 4RA SÆTA LEÐURSÓFI
Breidd: 303cm
Verð: 285.000,-



DENTON LEÐURSÓFASETT
3ja sæta - Breidd: 198cm - Verð: 185.000,-
2ja sæta - Breidd: 146cm - Verð: 159.000,-
Stóll - Breidd: 89cm - Verð: 93.000,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun:13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
**www.egodekor.is**



Elsku litli drengurinn okkar,
bróðir og barnabarn,

**Mikael Rúnar Jónsson**
Kambahrauni 58,

verður jarðsunginn frá
Hveragerðiskirkju miðvikudaginn
12. apríl kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Áfalla- og styrktarsjóð Félags sjúkraflutningamanna á Suðurlandi, kt. 500806-1090, bankanr. 0586-26-61090.

**Elva Óskarsdóttir** **Jón Gísli Guðlaugsson**
**Aníta Ísey Einarsdóttir**
**Karen Elva Jónsdóttir**
**Hrefna Ósk Jónsdóttir**
**Elín Hrönn Jónsdóttir**
**Guðlaugur Bragi Gíslason** **Elín Hrönn Jónsdóttir**
**Óskar Hjaltason**




Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararstofa kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar
ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn
Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Ísak Óli með eina Tinnamynd sem hann málaði í febrúar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tinni, komdu upp í Mosó

**Listamaðurinn Ísak Óli Sævarsson er með myndir sem hann málar upp úr Tinnabókunum á sýningunni Tinni í túninu heima sem hann opnar í Listasal Mosfellsbæjar í dag.**

Tinni og hundurinn hans Tobbi, prófessor Vandráður, Kolbeinn kapteinn, leynilögreglumennirnir Skapti og Skafti og fleiri söguhetjur Tinnabókanna raða sér nú á veggi Listasalar Mosfellsbæjar að Þverholti 2. Þar er myndlistarmaðurinn Ísak Óli Sævarsson að verki.

Einkasýning sem hann opnar klukkan 14 í dag ber yfirskriftina Tinni í túninu heima.

Fáir munu fróðari um Tinna og persónur í bókunum um hann en Ísak Óli. Hann lifir sig inn í sögurnar. Það upplifir blaðamaður þegar hann heimsækir Ísak Óla í vinnustofuna. Hann situr þar undir súð umkringdur listaverkum og býr til samtöl milli persóna á myndunum af mikilli list. Þar eru ekki bara Tinnamyndir heldur líka myndir af Gutta sem er alltaf óþekkur, Strumpunum, Múmínálfunum og fleiri þekktum fígúrum úr bókum. Því Ísak Óli er afkastamikill myndlistarmaður.



**Ein af glænýju myndunum á sýningunni.**

Ísak Óli er 28 ára gamall og hefur haldið fjölda sýninga gegnum árin. Hann útskrifaðist af starfsbraut fyrir fatlaða frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ árið 2009. Síðan hefur hann sótt fjölda námskeiða í Myndlistaskólanum í Reykjavík og í vor mun hann verða í hópi fyrstu nemenda sem útskrifast af diplómabraut Myndlistaskólans í Reykjavík fyrir fólk með þroskahömlun.

Sýningin Tinni í túninu heima er liður í listahátíðinni List án landamæra sem er með áherslu á fjölbreytileika mannlífsins. Hún verður opin til 13. maí.

**gun@frettabladid.is**



Elsku mamma okkar,

**Kristine Eide Kristjánsson**
Aðalstræti 8, Reykjavík,

lést þann 6. apríl. Útför fer fram
frá Dómkirkjunni miðvikudaginn
19. apríl kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hans Kristján Árnason**
**Ingunn Árnadóttir**
**Guðrún Árnadóttir**
**Einar Árnason**



Hjartans þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð, vináttu og hlýju vegna
andláts og útfarar ástkærrar
móður okkar, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

**Oddnýjar Kristínar Þorkelsdóttur**
Skúlagötu 15, Borgarnesi.

**Trausti Jónsson**
**Oddný Sólveig Jónsdóttir** **Guðmundur Hallgrímsson**
**Júlíana Jónsdóttir** **Eiríkur Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Faðir okkar og bróðir,

**Sævar Sigurvaldason**
varð bráðkvaddur í Noregi þann
24. mars síðastliðinn.
Útför mun fara fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sævar Berg Sævarsson**
**Sindri Berg Sævarsson**
**Magnús Guðjónsson**
**Sveinbjörg Guðjónsdóttir**
**Anna Guðrún Guðjónsdóttir**
**Helga Óladóttir**
**Hjálmar Hrafn Sigurvaldason**



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Bruno M. Hjaltested**
til heimilis að Borgartúni 30a
í Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi
fimmtudaginn 6. apríl. Útför fer fram
frá Bústaðakirkju, þriðjudaginn 18. apríl 2017 kl. 13.00.

**Jóhanna E. Sveinsdóttir**
**Þórður Árni Hjaltested** **Kristín Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Fílar ræktun fjár og lands

**Oddný Steina Valsdóttir, bóndi á Butru í Fljótshlíð, er nýr formaður Landssamtaka sauðfjárbænda. Hún er fyrsta konan í því embætti og fékk 44 af 46 greiddum atkvæðum.**

Oddný Steina er nýbúin að gefa morgungjöfina í fjárhúsunum þegar ég slæ á þráðinn til hennar. Hún var kjörin formaður í samtökum fjárbænda um síðustu helgi, fyrst kvenna. Er sjálf með 500 fjár á fóðrum, ásamt með manni sínum Ágústi Jenssyni. Engin lömb eru komin enn þetta vorið en það styttist óðum í þau því 40 ær eiga að bera um og upp úr miðjum þessum mánuði. „Við ákváðum að prófa það í fyrsta skipti að láta nokkrar bera svona snemma, til að létta á aðalsauðburðinum sem fer svo í gang um mánaðamótin, eins og venjulegt er,“ upplýsir hún og er vongóð um að vel vori þetta árið.

Oddný Steina er frá Úthlíð í Skaftártungu en Ágúst frá Teigi í Fljótshlíð. Þau eiga þrjú börn, tíu, sjö og sex ára. Hjónin tóku jörðina á Butru á leigu árið 2004 og hafa stækkað túnin og endurunnið önnur. Spurð um skemmtilegustu verkin í búskapnum svarar hún: „Öll ræktun yfirleitt bæði á landi og fé og allt sem snýr að henni. Vorið er uppáhaldstími og haustið reyndar líka þegar uppskeran er.“

Oddný Steina kveðst meðvituð um að formennskunni fylgi vinna. „Formaður þarf að fylgja eftir stefnunni eins og við bændur viljum sjá hana. Við teljum til dæmis mikilvægt fyrir okkar famleiðslu að neytendur fái réttar og góðar upplýsingar á umbúðum. Þar þurfa bæði afurðastöðvar og verslanirnar að vera með okkur í liði.“ gun@frettabladid.is




**„Formaðurinn þarf að fylgjast með því að kúrsinn sé réttur, miðað við stefnumál samtakanna,“ segir Oddný Steina.**

---



Elsku yndislegi sonur okkar og faðir,
**Bjarni Guðmundsson**
Langagerði 28,
lést laugardaginn 1. apríl. Hann verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju, miðvikudaginn 19. apríl kl. 15.00.

**Elín Pálsdóttir, Ásbjörn Þorleifsson**
**Mikael Hrafn Bjarnason**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
**Óskar G. Baldursson**
Ársölum 3,
lést þann 31. mars. Útför hans fer fram frá Lindakirkju, miðvikudaginn 12. apríl kl. 14.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Óskars er bent á krabbameinsdeild 11E eða líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Sigþrúður B. Stefánsdóttir**
**Guðmundur Óskarsson**
**Hildur Óskarsdóttir — Viðar Blöndal**
**Regína Ósk Óskarsdóttir — Sigursveinn Þór Árnason**
**Trausti Óskarsson**
**og afabörn.**

---



Við þökkum vináttu og hlýhug sem við nutum vegna andláts okkar ástkæra
**Gísla Ísleifs Aðalsteinssonar**
Austurbrún 2.

**Kristín Gísladóttir — Aðalsteinn Hallgrímsson**
**Ásdís Aðalsteinsdóttir — Bergþór Jóhannsson**
**Kristín Björg Bergþórsdóttir**
**Jóhanna Guðrún Bergþórsdóttir**
**Steinunn María Bergþórsdóttir**
**Jóhann Gunnar Bergþórsson**
**Aðalsteinn Gunnar Bergþórsson**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Friðrik Jón Sigurðsson**
(Bóbó)
frá Neskaupstað,
andaðist á Landspítalanum Fossvogi 10. mars sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks öldrunardeildar B4 fyrir yndislegt viðmót og umönnun.

**Arndís Lára Óskarsdóttir**
**Ósk Friðriksdóttir — Markús Guðjónsson**
**Lína D. Friðriksdóttir — Sigðurður G. Sigurðsson**
**Árni Óli Friðriksson — Rósa D. Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Sigmundur Grétar Magnússon**
fyrrverandi yfirlæknir,
áður að Steinavör 4, Seltjarnarnesi,
sem lést á hjúkrunarheimilinu Grund 26. mars sl., verður jarðsunginn frá Langholtskirkju í Reykjavík, þriðjudaginn 11. apríl klukkan 13.00.

**Guðlaug Sigurgeirsdóttir**
**Sigurgeir Sigmundsson — Hildur Ásta Viggósdóttir**
**Sigríður Sigmundsdóttir — Hermann Ársælsson**
**Guðrún Sigmundsdóttir — Gylfi Óskarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir og fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,
**Jón Páll Þorbergsson**
flugvélstjóri,
lést á Landspítalanum miðvikudaginn 29. mars 2017. Hann verður jarðsunginn í Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði, þriðjudaginn 11. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Sigurbjörg Lárusdóttir og fjölskylda.**

---



Hjartfólgin mamma, tengdamamma og amma,
**Berglind Bragadóttir**
Skeljatanga 3, Mosfellsbæ,
lést 5. apríl. Jarðarför auglýst síðar.

**Steinunn Egilsdóttir — Tryggvi Sch. Thorsteinsson**
**Hulda Egilsdóttir — Hafsteinn Óskarsson**
**Kristján Friðrik Karlsson — Hulda Kristín Jónsdóttir**
**Berglind Erna, Vésteinn, Karl Friðrik, Kristófer Matthías, Hugi, Húni, Halldór Kossi Ange, Kolfinna Elizabet**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Ingveldur Guðlaugsdóttir**
Ljósheimum 22, Reykjavík,
lést á Minni-Grund miðvikudaginn 5. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Jóhanna Geirsdóttir**
**Gígja G. Guttridge**
**Edda Geirsdóttir**
**Sigríður Dögg Geirsdóttir — Guðjón Árnason**
**Ingibjörg Dís Geirsdóttir — Maggnús Víkingur Grímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæri eiginmaður, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,
**Vigfús Aðalsteinsson**
viðskiptafræðingur,
Arnartanga 80, Mosfellsbæ,
lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum 2. apríl. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 11. apríl kl. 15.00. Ástvinir afþakka blóm og kransa, en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarkort Rótarýklúbbanna eða líknarfélög. (Minningakort Rótarý má finna á /www.rotary.is/umrotary/kort/minningarkort.)

**Svala Árnadóttir**
**Guðbjörg Vigfúsdóttir**
**Heiða G. Vigfúsdóttir — Leifur Eiríksson**
**Hafdís G. Vigfúsdóttir**
**Árni Gunnar Vigfússon**
**Aðalheiður Vigfúsdóttir — Vigfús Þór Sveinbjörnsson**
**og afabörn.**

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför
**Soffíu Ingimarsdóttur**
Skólagötu 8, Ísafirði,
sem lést þann 26. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ingimar Baldursson — Guðrún Ásgeirsdóttir**
**Sigurlaugur Baldursson — Margrét Rakel Hauksdóttir**
**Anna Baldursdóttir — Ólafur Prebensson**
**Ólafur Baldursson — Ragnhildur Ágústsdóttir**
**Þóra Baldursdóttir — Halldór Holt**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og stuðning við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, sonar, bróður, mágs og tengdasonar,
**Kristins Ólafssonar**
doktorsnema í stofnerfðafræði,
Breiðvangi 67, Hafnarfirði.

**Margrét Arnheiður Jónsdóttir**
**Sigríður Anna Kristinsdóttir**
**Inga Guðrún Kristinsdóttir**
**Ólafur Kristinsson — Inga Þórarinsdóttir**
**Helga Ólafsdóttir**
**Lilja Ólafsdóttir — Gunnar Sigurðsson**
**Guðlaugur Ólafsson — Kristín Sigurðardóttir**
**Hildur Ólafsdóttir — Greg Dixon**
**Jón Þorsteinsson — Sigríður Anna Þórðardóttir**

---



Hjartans þakkir, ættingjar, vinir og vandamenn, fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts elskaðs eiginmanns, föður og afa,
**Sigurðar Guðmundssonar**
löggilts endurskoðanda,
Dalalandi 10.

Sérstakar þakkir fá Heimahlynning og líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Gleðilegt sumar!

**Áslaug Benediktsdóttir — Margrét Sigurðardóttir**
**Eyþór Sigurðsson — Birgitta Sveinbjörnsdóttir**
**Benedikt Sigurðsson — Dagný Baldvinsdóttir**
**Guðmundur Sigurðsson — Hrafnhildur Proppé**
**og afabörn.**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

**LÁRÉTT**

**1** Skeifa er ekki rán þótt snúrur hafi (9)
**11** Sú eina með vinkil er ævintýraleg skepna (12)
**12** Risaskóli, hjúpaður glitvefnaði, veldur uppþoti (9)
**13** Klíf Esjuna með spjótið á lofti (7)
**14** Semur við rómverska tvíburann sem bróðir hans myrti (5)
**15** Sláum með slám svo undan svíður (6)
**16** Keyri söngkonu í Öxarfjörð að hitta hugfangna aðdáendur (7)
**17** Þessi tíra er helst upplýsandi (9)
**18** Bráðræðisdúó rífur og tætir (6)
**22** Er þetta fatapressun eða textíllist? (8)
**26** Finn ég Ásenni ekki í Múlafrekar en Rimahverfi? Eða bara Tálknafirði? (8)
**30** Af andrænum boðskap í bannvísum (9)
**31** Þessi latexlitur passar vel í eldhúsið (12)
**32** Beinið setur búimann á viðeigandi hanabjálka (9)
**33** Smávinir Ronju taka botnsund eftir brottför (12)
**34** Pípurumur þjáist af leiðaþrota (7)
**37** Kíktu extra vel pápi, hvort þeir séu snillingar (14)
**42** Meika ég svo fornt og myglað viðbit? (10)
**44** Áður en þú greiðir rúnt um Reykjavík eina (11)
**47** Man öll stríð en ekki friðsælli tíð (10)
**48** Gríma við grunninn gefur gallaðan liminn (11)
**49** Kvöldgreiðsla hentar þeim sem er hæstur um hnakkann (8)

**LÓÐRÉTT**

**1** Segir prívatnurlið sitt (19)
**2** Stóðum í MR með bjöguðum söng (9)
**3** Gleymum þó aldrei hvötunum (9)
**4** Gögn þessa fants enda fyrir dómi (9)
**5** Steinkar telst ekki með, enda tómt rugl (8)
**6** Ráku í hann hné og höfðu sigur (8)
**7** Sætur bíll, en ég vil nettara ílát (8)
**8** Drep mál við lokalínu (8)
**9** Klípa greindar leiðir til meðvitundarleysis (7)
**10** Einhver gleyma ekki niðurstöðunni (7)
**19** Gæta hagsmuna Akkeumanna (8)
**20** Enginn er stilltari en óruglaður túrspaði (8)
**21** Fæ lof fyrir stefnu en last fyrir ruslið (6)
**23** Engiferdrykkurinn góði og dýrið (6)
**24** Fundur friðar og friðhelgi (9)
**25** Er 40 of stórt á meðal-Rómverja? (9)
**27** Íslaust! Það eru langverstu tíðindin (7)
**28** Hyggst tortíma flokki sem þið lýsið (7)
**29** Girnast nokkuð giska háar (9)
**35** Sterkbyggði kassinn heitir ekki neitt (7)
**36** Vika á slóðum Steinunnar og Bjarna (7)
**38** Falleg ósk, en munum við uppfylla hana? (6)
**39** Gott er að eiga vitlausan granna (6)
**40** Greint frá gripdeildum manna og rándýra (6)
**41** Samskiptaleið Össa og fleiri frumkvöðla á Netinu (6)
**43** Illa við þá sem stama og stauta (5)
**45** Óþarflega stórt belti er ég át yfir mig (4)
**46** Sá Egil afskræmda hlaupa í skarð (4)



| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| N | Æ | R | U | M | H | V | E | R | F | I | | A | | T | | H | | E | |
| Á | | Ó | | E | | A | | U | | N | I | Ð | U | R | F | A | L | L | S |
| M | A | T | A | R | F | R | E | K | A | N | | G | | E | | U | | D | |
| S | | L | | K | | A | | K | | Æ | | A | U | K | A | S | Ó | L | A |
| F | R | E | K | J | U | S | K | A | R | Ð | | N | | A | | T | | A | |
| L | | Y | | A | | E | | R | | A | F | G | A | N | G | S | A | U | R |
| O | F | S | A | M | A | N | N | A | | R | | A | | T | | Ó | | S | |
| K | | I | | Á | | D | | N | Ú | N | I | N | G | S | F | L | E | T | I |
| K | A | Ð | A | L | L | I | N | N | | A | | | I | | O | | I | | |
| A | | | Ð | | Æ | | J | A | Ð | R | A | S | K | O | R | I | N | N | A |
| R | Ö | K | K | U | R | R | Ó | | | | S | | K | | S | | H | | N |
| | R | | A | | D | | S | Ó | L | S | T | Ö | F | U | M | | E | | D |
| V | Æ | L | U | T | Ó | N | N | | Ó | | R | | I | | Á | O | R | K | A |
| | F | | P | | M | | A | U | Ð | M | A | G | N | I | Ð | | J | | N |
| R | A | N | A | N | S | | S | | L | | K | | G | | A | R | A | N | A |
| | J | | | | R | I | T | S | Í | M | A | N | U | M | | É | | Ý | |
| B | Ö | G | G | L | I | | Ö | | N | | N | | R | | S | T | E | F | I |
| | K | | Ó | | T | A | Ð | G | A | T | I | | I | | | T | | Æ | |
| H | U | G | A | Ð | I | | V | | | | N | | N | Ý | L | U | N | D | A |
| | L | | N | | N | | A | F | L | A | U | S | N | | | R | | D | |

**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem mætti ganga mun hraðar hér á landi. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 13. apríl næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „8. apríl“.

Lausnarorð síðustu viku var

**GRÆNMETISFÆÐI**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | | | | | 3 |
| | | 6 | | | 9 | 2 | | |
| 1 | | 8 | | | | | | 9 |
| | 2 | 9 | | 1 | | 7 | 3 | |
| 3 | | | 7 | | 6 | | 9 | |
| 5 | 6 | | | 3 | | 1 | | 4 |
| | | 1 | | 5 | | | | 7 |
| | 8 | | 3 | 4 | | | | |
| 6 | | | 2 | | | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 9 | 4 | | | 5 |
| | | 1 | | | 8 | 4 | 9 | |
| | | 6 | | 2 | | 7 | 3 | |
| | | 4 | 2 | | 6 | | | |
| 5 | 6 | 2 | | 8 | | | 4 | |
| 1 | | | | | | | | 9 |
| 4 | | | | | | 9 | | |
| | | | | | | 5 | 7 | 2 |
| | | 5 | 9 | 3 | | 1 | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 3 | | | |
| 2 | | | | 5 | 6 | | 1 | |
| 3 | | | 7 | | | | 8 | 4 |
| 7 | | 2 | | | 4 | | | 5 |
| 9 | | | 3 | 7 | | | | |
| | | | 9 | | | 4 | 6 | |
| | | 3 | | | 8 | 5 | | |
| 4 | | | 1 | | | 6 | | |
| | | 9 | | | 2 | | | 8 |




**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Sykurpúðar í morgunverð eftir Dorothy Koomson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ása Guðmundsdóttir, Reykjavík.**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 6 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 6 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 7 |
| 4 | 1 | 6 | 8 | 2 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 2 | 3 | 7 | 4 | 9 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 5 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 |
| 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 5 | 2 | 9 | 1 | 4 |
| 9 | 7 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 1 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 3 | 8 | 5 | 2 | 9 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 | 9 | 2 |
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 5 | 4 | 6 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák

Gunnar Björnsson

Guðmundur Gíslason (2.314) átti leik gegn Tómasi Björnssyni (2.179) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák.

**Hvítur á leik**

**39. Dc3! 1-0.** Guðmundur Gíslaon var efstur með fullt hús eftir sex umferðir. Jóhann Ingvason annar með 4½ vinning og Dagur Ragnarsson og Kristján Eðvarðsson í 3.-4. sæti með 4 vinninga. Mótinu lýkur á sunnudag.

**www.skak.is:** Páskaeggjasyrpa TR á sunnudag.



## Bridge

Ísak Örn Sigurðsson

### ÖRLAGARÍK SLEMMA

Sveitum í undankeppni Íslandsmóts var styrkleikaraðað í 4 riðla. Styrkleikaflokkarnir voru frá A til J. Undanúrslitin voru spiluð um liðna helgi og í ár var lítið um óvænt úrslit. Sveitir af styrkleikaflokki A-C komust áfram í úrslitakeppnina, en 3 efstu sveitirnar af 10 sveitum úr hverjum riðli fóru í úrslit. Úr A-riðli komust Grant Thornton, Logoflex og Unaós áfram. Úr B-riðli komust Tryggingamiðstöðin, Jón Baldursson og Vestri áfram. Í C-riðli komust Lögfræðistofa Íslands, Garðs apótek og Málning áfram. Í D-riðli komust J.E. Skjanni, Kollgáta og Vopnabræður áfram. B-riðillinn var talinn erfiðastur og voru margar sterkar sveitir sem öttu kappi þar. Í leik Vestra við sveit SFG í B-riðli kom þetta spil fyrir. Norður var gjafari og NS á hættu:

**Norður**
♠ G7
♥ 105
♦ KD105
♣ DG1065

**Vestur**
♠ K1053
♥ Á942
♦ 32
♣ Á98

**Austur**
♠ ÁD862
♥ KG86
♦ Á97
♣ 2

**Suður**
♠ 94
♥ D73
♦ G864
♣ K743

Liðsmenn Vestra fetuðu sig upp í 6 spaða á AV hendurnar. Þar sem það var öruggur 1 tapslagur á tígul, varð hjartaliturinn að vera tapslagalaus. Legan er ekki þannig að hægt sé að taka slag á ás og svína hjartagosa. Karl G. Karlsson í sveit Vestra var sagnhafi. Hann leysti íferð hjartalitarins með því að spila hjartagosa frá austurhendinni og þegar ekki var lagt á hann, var gosanum hleypt. Þar með var slemman í húsi og það hefði munað 6 stigum á innbyrðis viðureign þessara sveita ef slemman hefði farið niður. Í lokastöðunni munaði aðeins rúmum 2 stigum (112,87 – 110,55). Sveit Vestra komst því áfram í úrslitakeppnina en sveit SFG sat eftir með sárt ennið.

# TRAUSTI fasteignasala

**Trausti fasteignasala**
Vegmúla 4 • 108 Reykjavík
trausti@trausti.is
s.546-5050



## Dvergaborgir 8, 112 Reykjavík




**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN**
**10. APRÍL KL.17:15 - 17:45**

Opin og björt 2ja herb. 61,7 fm íbúð á annarri hæð í fjölbýli í Grafarvogi. Sérinngangur af svölum, stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla
Tilvalin fyrsta eign.
**Verð: 29,9 millj.**

## Klettás 10, 210 Garðabær




**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN**
**10. APRÍL KL. 18:00 – 18:30**

Nýlegt endaraðhús við Klettás 10 í Garðabæ. Eignin er alls 148,7fm., þar af er 33,3fm. flísalagður bílskúr sem hefur verið breytt í hjónasvítu. Í húsinu eru 3 önnur herbergi. Rúmgóð stofa með útgengt út í góðan garð. Hellulagt bílaplan með snjóbræðslukerfi. Húsið er steinað að utan.
**Verð: 69,9 millj**



## Lyngás 1A, Garðabæ.

Glæsileg 170 fm. 4 herb. penthouse íbúð á efstu hæð með ótrúlegu útsýni í allar áttir af tveimur svölum. Íbúðin er tilbúin til afhendingar án gólfefna við kaupsamning.
Hægt er að skoða íbúðina alla daga nema um helgar.
**Verð: 79 millj.**

## Birkimelur 8, 107 Reykjavík.




**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN**
**11. APRÍL KL 17:30 – 18:00**

Glæsileg, rúmgóð og björt 4ra herbergja íbúð á frábærum stað. Um er að ræða eign sem er skráð 99,6 fm. Íbúðin skiptist í hol með fataskáp, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi og samliggjandi stofu og borðstofu. Risherbergi á efstu hæð.
**Verð: 49.9 millj.**



## Sævargarðar 6, 170 Seltjarnanesi.

Glæsilegt einbýlishús tæplega 400 fermetrar á einni hæð en er skráð 244fm. Stofur í húsinu eru mjög stórar með glerskálum. Svefnherbergin eru 4 í dag og hægt að fjölga þeim. Bílskúrinn er um 73fm. með geymslu. Garðurinn hefur nýlega verið endurhannaður og er viðhalds lítill.
**Verð: 139 milllj..**



## Garðhús 10, 112 Reykjavík

Glæsileg 66,4 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérverönd frá stofu. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð og sameign er snyrtileg. Frábær staðsetning. Göngufæri við alla helstu þjónustu og skóla.
**Verð: 32,9 millj.**

# VIÐ ERUM TRAUSTI



**Kristján Baldursson**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040



**Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir**
Lögfræðingur - löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 779-1929



**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949



**Hákon Guðmundsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala.
Sími: 861-9240



**Einar P. Pálsson**
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
S: 857-8392



**Guðbjörg Matthíasdóttir.**
hdl. Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 899-3984



**Sólveig Regína Biard**
Aðstoðarmaður fasteignasala
Sími: 869-4879



**Bryndís Bára Eyjólfsdóttir**
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 616-8985



**Bára Daníelsdóttir**
Skrifstofustjóri
693-1837



**Gylfi Jens Gylfason**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
Sími: 822-5124



**Garðar Kjartansson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
Sími: 853-9779

Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík



Fjölbreytt
Barnaefni
MEÐ AFA
RIBBIT
steve jobs
THE ANGRY BIRDS MOVIE
THE SON
TVÖFALDUR FYRSTI ÞÁTTUR
Nýir þættir með
Pierce Brosnan í aðalhlutverki
HAIL, CAESAR!
FLÓTTINN HELDUR ÁFRAM
PRISON BREAK
MESSIAH
LADDI 7 TUGUR
MARGFALT SKEMMTILEGRI
BÍÓ
Krakkar
MARAÞON NOW
Tónlist
Vild



GÓÐIR PÁSKAMOLAR
ÍSKEMMTIPAKKANUM
MILDRED PIERCE
Kate Winslet
Guy Pearce
Evan Rachel Wood
STARTS MARCH 27 SUNDAYS 9PM
HBO
SUMARLAND
djúpið
GRIMMD
APPLE TV4 Á
0 KR.
með 12 mánaða áskrift
TSUNAMI
THE AFTERMATH
"SUPERB"
OLIVE KITTERIDGE
FRANCES McDORMAND
RICHARD JENKINS
BILL MURRAY
Coraline
Hrúturinn Hreinn MYNDIN
TARZAN
ALLTAF
EITTHVAÐ NÝTT
Á MARAÞON NOW
Ameríski Draumurinn
LANDNEMARNIR
Blíða og Blær
STEYPUSTÖÐIN
Óbyggðirnar Kalla
Evrópski Draumurinn
APPLE TREE YARD
SKEMMTIPAKKINN
Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is
AÐEINS
333 KR.*
Á DAG.
365.is
365

## Konráð og félagar á ferð og flugi 244

Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana,“ bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi,“ sagði hann. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „Allt í lagi,“ sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | | 4 | 5 | |
| 4 | | | | | 7 | 8 | | 6 |
| | 3 | | | 4 | 1 | | 2 | |
| | 8 | | | | | 1 | | 2 |
| 1 | | | | 7 | | 3 | | 5 |
| | 2 | | 9 | | 3 | | 4 | |
| 8 | | 7 | 1 | | 9 | | | |
| | | 3 | 7 | | 4 | | | |
| 2 | 1 | | | 3 | | 9 | | |



## Gátur

Þrír fuglar sátu á trjágrein. Tveir þeirra voru skotnir. Hvað voru þá margir eftir?

Hvaða hljóðfæri er þrjóskast?

Hvaða ávöxtur er maður sem hefur klætt sig úr öllum fötunum?

Hvaða dýr geta hoppað hærra en hús?

Það heyrir allt en segir ekkert. Hvað er það.

Hver hefur auga en ekkert höfuð?

**Svör:** Enginn. Sá þriðji varð hræddur og flaug burt. Trommurnar. Það þarf að lemja þær til að þær láti í sér heyra. Ber. Öll dýr. Hús geta ekki hoppað. Eyra. Nálin.


OKKAR SÉRSVIÐ ER
Háræðaslitsmeðferðir
HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA




PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098
Snyrtistofan Hafblik
Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com




Það skiptir mestu máli fyrir krakka að vera þau sjálf þegar þau mæta í prufur að sögn Óla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Leikarar þurfa að hafa þolinmæði

**Ólafur S.K. Þorvaldz** leikari var nýlega með námskeið fyrir níu til tólf ára börn um hvernig best væri að undirbúa sig fyrir hlutverk í kvikmyndum. Tuttugu og sjö krakkar mættu.

**Hvaða atriði þurfa krakkar að hafa í huga þegar þau sækjast eftir þátttöku í kvikmyndum?** Prufur fyrir myndir eða leikrit eru alltaf auglýstar með góðum fyrirvara. Því er nauðsynlegt að vera vakandi fyrir þeim og skrá sig. Einnig er gott að vera skráður hjá umboðsskrifstofum eins og Snyrtilegur klæðnaður eða Eskimo.

**Er nauðsynlegt fyrir krakka að hafa leikið áður?** Nei, en öll slík reynsla nýtist að sjálfsögðu og gerir þau öruggari.

**Hvaða hæfileikar eru mikilvægastir?** Leikstjórar eru oftast að leita að krökkum sem eru hressir og jákvæðir. Mestu skiptir fyrir þau að vera þau sjálf.

**Hvað er neikvæðast við að taka þátt í bíómynd?** Að taka þátt í bíómynd er skemmtilegt. Hins vegar er einn kostur sem allir leikarar þurfa að hafa og sá er þolinmæði. Oft þarf að bíða lengi eftir því að röðin komi að manni að leika.

**En jákvæðast?** Að kynnast nýju og áhugaverðu fólki.

**Hefur þú leikið í bíómynd?** Já, nokkrum sinnum. Ég er lærður leikari en leikstýri líka og skrifa fyrir sjónvarp og bíó. Ég var til dæmis handritshöfundur að seríu 3 og 4 af Latabæ.

**Varst þú barnastjarna?** Nei, ég fékk í raun ekki áhuga á leiklist fyrr en ég var kominn í menntaskóla.

**Hvernig gekk á námskeiðinu sem þú varst með?** Það mættu 27 krakkar og það var mjög gaman.

## Listaverkið



**Hilmir Örn Snorrason** 10 ára sendi okkur þessa mynd

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÓNUS PÁSKAEGGIN*
# ÓDÝRUSTU
# PÁSKAEGGIN Í BÓNUS




**1kg**

**RISAEGG**

**2.598**
kr. 1 kg




| Nr. 3 | Nr. 4 | Nr. 5 | Nr. 6 |
|---|---|---|---|
| **598** kr. 170 g | **998** kr. 315 g | **1.298** kr. 420 g | **1.598** kr. 520 g |

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

*Bónus páskaeggin eru framleidd í Sælgætisgerð Góu - Verð gildir til og með **9. apríl** eða meðan birgðir endast

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Norðanstrekkingur eða hvassviðri og él um landið norðanvert, en styttir smám saman upp sunnanlands. Kólnandi veður.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 10° | Oslo 16° | Stokkhólmur 8° | Gautaborg 11° | Helsinki 7° | Þórshöfn 8° | Nuuk -7° |
| London 17° | Amsterdam 12° | Paris 17° | Berlin 14° | Madrid 21° | Brussel 14° | Róm 22° |
| Boston 4° | New York 4° | Orlando 12° | Moskva 6° | Singapúr 27° | Tókýó 16° | Sydney 19° |


# KOMDU Í KOLAPORTIÐ

– dásamleg deild samfélagsins



OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11–17

KVIKA



## Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

GUM eru hágæða tannvörur

tannlæknar mæla með GUM tannvörum



... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

allar upplýsingar á www.icecare.is


## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 0° ↓5 | 3° ↖8 | 4° ↓5 | 1° ↘3 | 3° ↖9 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -6° ↙1 | -0° ↗11 | -3° ↙8 | -4° ↗8 | 0° ↑10 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -5° ↘8 | -0° ↗3 | -1° ↓6 | -5° ↑3 | 0° ↗3 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -4° ↘14 | -3° ↑5 | 1° ↘8 | -3° ↘7 | 2° ↖1 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -0° ↓14 | -1° ↙6 | 5° →4 | 2° ↑1 | 3° ←3 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FERMINGARGJAFIR




**Þrívíddarlampar**
**VILDARVERÐ: 11.249.-**
Verð: 14.999.-



**Heyrnartól Spectrum**
Verð: 4.999.-




**501 Must-See Natural Wonders**
**VILDARVERÐ: 2.099.-**
Verð: 2.999.-




**Fyrirboðar og tákn**
**VILDARVERÐ: 5.999.-**
Verð: 6.999.-




**PINWORLD landakort með merkipinnum (lítið / stórt)**
**VILDARVERÐ: 4.339.- / 6.299.-**
Verð: 6.199.- / 8.999.-




**Íslenskur fuglavísir**
**VILDARVERÐ: 4.699.-**
Verð: 5.699.-




**Íslensk úrvalsljóð**
**VILDARVERÐ: 2.499.-**
Verð: 2.999.-




**Where to Go When**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.999.-




**Nýja tilvitnanabókin**
**VILDARVERÐ: 2.299.-**
Verð: 5.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 9. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Daniel Blake er rödd allra þeirra sem ganga á vegg

**I, Daniel Blake, nýjasta mynd leikstjórans Kens Loach, hlaut bæði Gullpálma og BAFTA-verðlaun. Rebecca O'Brien, framleiðandi myndarinnar, segir að ástæðan sé sú að myndin eigi áríðandi erindi við samfélagið.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Stundum koma kvikmyndir sem virðast eiga greiða leið að hjörtum fólks og eiga í sterkri samræðu við samtíma sinn og samfélag. Kvikmyndir breska leikstjórans Kens Loach eru einmitt oftar en ekki þannig myndir og þá ekki síst hans nýjasta mynd, I, Daniel Blake, sem var tekin til sýningar í Bíói Paradís í gærkvöldi. Á meðal nánustu samstarfsmanna Kens Loach til margra ára er framleiðandinn Rebecca O'Brien sem hefur unnið að mörgum verkefnum Loach í gegnum tíðina og þekkir því vel til eiginleika þessa merka leikstjóra.

„Þetta er einmitt mynd sem virðist tala beint inn í samfélagið. Hún hefur nú þegar haft mikil áhrif hérna í Bretlandi, fengið umtal og ekki síður skapað umræðu, og reyndar einnig í mörgum öðrum löndum. Það gleður okkur mikið."



Atriði úr mynd Kens Loach, I, Daniel Blake, sem Rebecca O'Brien framleiddi eins og aðrar myndir leikstjórans síðustu þrjátíu árin.

## Áríðandi mynd

Rebecca O'Brien segir að hún hafi unnið með Ken Loach í bráðum þrjátíu ár og Paul Laverty handritshöfundi ekki mikið skemur en það. „Upphafið að þessari mynd má rekja til þess að Paul og Ken fóru saman í ferðalag veturinn 2015 þar sem þeir keyrðu um Bretland vegna þess að þeir höfðu verið að lesa sögur af fólki sem hefur lent í hremmingum í velferðarkerfinu. Þeir ákváðu því að fara og fá þessar sögur frá fyrstu hendi og fá að vita hvort þetta væri í raun jafn slæmt og sögurnar gáfu til kynna. Þeir heimsóttu vinnumiðlanir, matarúthlutanir og einstaklinga og höfðu augun opin fyrir hvernig ástandið væri í raun og veru. Á þessum tíma var ég sjálf að vinna að annarri mynd, City of Tiny Lights, sem er reyndar verið að frumsýna hér í London í kvöld (föstudagskvöld).

Ég átti alls ekki von á því að það kæmi handrit frá þeim þarna um vorið þegar ég var enn við tökur á hinni myndinni en það gerðist nú samt. Paul sendi mér handritið og sagði mér að lesa bara þegar ég væri búin í tökum en auðvitað gat ég ekki beðið eftir því. Las handritið þá um kvöldið og hringdi strax í þá og sagði að við yrðum að gera þessa mynd strax á þessu ári – vegna þess að þetta er áríðandi og mikilvæg mynd. Við tókum myndina upp um haustið þarna þetta sama ár, 2015, og hlutirnir gerast nú ekki mikið hraðar en þetta í þessum bransa."

## Vísvitandi veggur

Eins og Rebecca bendir á er víða mikil umræða um misskiptingu auðs og lífsgæða í vestrænum samfélögum og mikilvægt fyrir kvikmyndalistina að taka þátt í þeirri umræðu. „En þetta snýst fyrst og fremst um að fólk er blekkt og það er farið að gera sér grein fyrir því. Málið er að þetta er meðvituð grimmd. Stjórnvöld vita vel hvað þau eru að gera, eru fyllilega meðvituð um það hvernig farið er með fólk í þessu samfélagi því það er ekki hægt að fela sig á bak við eitthvert þekkingarleysi á þessum tímum.

Fólk sem kerfið er að fara illa með hefur átt erfitt með að finna sína rödd og láta hana hljóma í samfélagsumræðunni. Ég held að Daniel Blake hafi gefið þessu fólki rödd og í raun tekið utan um reiði fólks og hugsanir og beint þeim í ákveðinn farveg. Hleypt þeim inn í umræðuna, ef svo má segja, en það er bara fyrsta skrefið.



Rebecca O'Brien á skrifstofu sinni í London. Hún segist hafa verið aðdáandi Loach frá því hún var tíu ára gömul.

Vandinn er nefnilega fólginn í því að þetta kerfi er þannig hannað að það lætur fólki finnast það einskis virði. Hér er það einkum gert með því að leggja fyrir fólk kerfislægar þrautir, á borð við útfyllingu endalausra eyðublaða, sem eru í raun og veru mjög erfiðar fyrir hvern sem er. Og það sem þessi kvikmynd segir við fólk er þetta: Þú ert ekki eina manneskjan í þessari stöðu. Það er eðlilegt að þú gangir þarna á vegg því að það er búið að setja hann þarna fyrir þig og öll þekkjum við mann eins og Daniel Blake. Hann er líka ég og þú og hann talar fyrir alla sem ganga á veggi kerfisins."

Á opnunarsýningu myndarinnar í Bíói Paradís buðu Pepp Ísland, Samtök fólks í fátækt, öllum þingmönnum í bíó og í framhaldinu var efnt til umræðna. Rebecca segir að það sé gleðilegt að fólk nýti myndina til sem sína rödd. „Ég kom með myndina á Stockfish og við sýndum hana tvisvar þar. Í mínum huga þá er Ísland land jafnræðis og velferðar og því stuðaði það mig talsvert hvað myndin hreyfði hraustlega við mörgum og hversu margir þekktu þessar upplifanir."

## Engar stjörnur

Þrátt fyrir að hafa unnið með Ken Loach í tæp þrjátíu ár hefur Rebecca fylgst með ferli leikstjórans lengur en það. „Ég er búin að vera aðdáandi hans frá því ég var barn. Ég sá Cathy Come Home í sjónvarpinu þegar ég var tíu ára og hún hafði gríðarleg áhrif á mig. Eftir það sá ég alltaf allt sem hann gerði og hugsaði að bara það að fá að hitta hann væri æðislegt þannig að ég hef verið afar lánsöm að fá að vinna með honum," segir Rebecca og skellihlær og bætir við það sé líka alltaf sérstakt að vinna að myndum Loach.

„Þetta eru myndir sem eiga erindi og tala inn í samfélagið hverju sinni. Þeim áhrifum er m.a. náð með því að við höldum okkur við að vinna fyrir lítið fjármagn og höfum þannig fókus á verkefninu. Annað er að við notum ekki fræga leikara vegna þess að þeir hægja á ferlinu og svo leiðir það líka til þess að fólk fer að horfa á viðkomandi stjörnu en ekki endilega persónuna og myndina í heild sinni.

Að auki þá skjótum við allt á staðnum, förum aldrei í stúdíó, heldur veljum staði sem okkur finnst þjóna sögunni. Það er líka mikilvægt vegna þess að þannig náum við ákveðnum tengslum við það samfélag sem við erum að vinna með hverju sinni. Svona getum við líka unnið tiltölulega hratt miðað við kvikmyndagerð og þannig haldið í þessa tilfinningu að okkur liggi á að segja sögu og vonandi er það saga sem á erindi við fólk. I, Daniel Blake er einmitt þannig mynd og þannig saga sem lá á að koma til fólksins og það hefur líka tekið henni vel."

AUGLÝSING UM NÝTT DEILISKIPULAG
Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar auglýsir hér með, í samræmi við 1. mgr. 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagi á flugþjónustusvæði Keflavíkurflugvallar. „Keflavíkurflugvöllur – NA-svæði Keflavíkurflugvallar".**

Deiliskipulagið tekur til svæðis milli flugstöðvarsvæðis og Háaleitishlaðs og liggur með austur- og norðausturmörkum Keflavíkurflugvallar. Skipulagssvæðið er um 142 ha að stærð. Innan skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir tengivegi milli þjónustusvæða, svæðum fyrir búnað tengdum flugvallarrekstri og geymslusvæði.

Deiliskipulagstillaga þessi verður til sýnis á skrifstofu skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og á heimasíðu Keflavíkurflugvallar frá og með 10. apríl 2017.

**www.kefairport.is/Um-felagid/THroun/Deiliskipulag/**

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefst kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að gera athugasemdir rennur út 24. maí 2017. Skila skal skriflegum athugasemdum til: **Skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurflugvelli** eða **sveinn.valdimarsson@isavia.is**.

**Keflavíkurflugvelli, 5. apríl 2017**
F.h. Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar
**Sveinn Valdimarsson**, skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar.

isavia

# Kiljur fyrir þig




## „Ógleymanleg.“

MIAMI HERALD

*Systrunum Effiu og Esi auðnaðist aldrei að hittast í lifanda lífi. Báðar fæddust þær í Afríku á átjándu öld þegar þrælasalan á Gullströndinni stóð sem hæst. Önnur varð eiginkona þrælakaupmanns í heimalandinu; hin var seld til Ameríku. Við fylgjum þeim og afkomendum þeirra, sjö kynslóðum, í blíðu og stríðu allt til dagsins í dag.*




★★★★

## „Elegant óhugnaður.“

EKSTRA BLADET

*„... hressileg lesning, blátt áfram, létt og skemmtileg ...“*

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ (UM VEF LÚSÍFERS)




*„Hrikalega spennandi, óvænt og vel fléttuð bók sem var lesin í einum rykk, annað var ekki hægt.“*

STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR
VIKAN (UM VEF LÚSÍFERS)




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–15 | **www.forlagid.is**

# Undrabarnið og mömmudrengurinn sem hlaut Pulitzer löngu eftir sinn dag

**Bandaríski rithöfundurinn John Kennedy Toole á sér magnaða en sorglega sögu. Nýverið kom út í íslenskri þýðingu Ugga Jónssonar bókin Neonbiblían sem Toole skrifaði aðeins sextán ára gamall.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Nýverið kom út hjá bókaútgáfunni Sæmundi sagan Neonbiblían eftir bandaríska rithöfundinn John Kennedy Toole og því er ekki úr vegi að forvitnast aðeins hjá þýðandanum, Ugga Jónssyni, um höfundinn og verk hans sem komu ekki út fyrr en eftir að hann var allur.

Uggi segir að John Kennedy Toole hafi ekki lifað langa ævi en að hún sé þó forvitnileg. „Hann fæddist 1937 í New Orleans í Louisiana-ríki og féll fyrir eigin hendi rétt rúmlega 31 ári síðar, árið 1969. Hann var síðbúið



Götumynd frá New Orleans frá þeim tíma þegar John Kennedy Toole var að vaxa úr grasi. NORDICPHOTOS/GETTY

einkabarn og ólst upp við dálæti og mikla athygli, hvers konar listir og bókmenntir sem Thelma móðir hans hélt óspart að honum. Raunar gerði hún gott betur en það, því henni varð fljótlega mjög umhugað um það að sonur hennar skaraði fram úr á sem flestum sviðum og kæmist bókstaflega í sviðsljósið, reyndi að gera úr honum barnastjörnu og varð talsvert ágengt við það. Sjálf var hún menntuð í leiklist og tónlist og kenndi hvort tveggja, en að auki hafði hún aðstöðu og sambönd til að koma á laggirnar barnaleikhóp sem sýndi leikrit þar sem sonur hennar var í aðalhlutverki og svo kom hann fram í útvarpsþáttum og auglýsingum á barnsaldri. Hann var að segja má hennar stóra verkefni allt til æviloka hennar sjálfrar, og út yfir gröf og dauða í hans tilfelli.“

## Mamma og Pulitzer

Uggi tekur ekki fyrir að móðir rithöfundarins virðist hafa verið nokkuð stjórnsöm og efalítið hafi hún haft mikil áhrif á það hvað úr honum varð eftir að hann óx úr grasi. „Þótt hún hafi trúlega ekki beinlínis hlutast til um það sem hann skrifaði, þá hefur hún efalítið sett mark sitt á vissar sögupersónur Tooles. Þeim mæðginum var raunar ekki alltaf sérstaklega vel til vina, en ofurtrú hennar á að sonur hennar væri snillingur var óbilandi. Og þetta gat raunar orðið pínlegt fyrir hann á stundum, því hún var langt í frá spör á háværar yfirlýsingar um framúrskarandi hæfileika hans. Og það er engan veginn ofsagt að hann hafði ótvíræða hæfileika sem rithöfundur, og eflaust hefði verið afar forvitnilegt að sjá þriðju bókina, sem hefði kannski orðið jafn ólík hinum tveimur og þær eru ólíkar hvor annarri.“

Uggi bætir við að það hafi í raun verið þessi trú Thelmu á snilligáfuna sem varð til þess um síðir að bækur hans komu út. „Móðir hans tók fram handritið að frægari bók Tooles, Aulabandalaginu (A Confederacy of Dunces), snemma á áttunda áratugnum og heldur áfram með tilraunir til að fá söguna gefna út, sem höfundurinn sjálfur gafst upp á fáum árum fyrir andlátið, og



Bandaríski rithöfundurinn John Kennedy Toole sem stytti sér aldur aðeins rúmlega þrítugur að aldri.

**OG ÞAÐ ER ENGAN VEGINN OFSAGT AÐ HANN HAFÐI ÓTVÍRÆÐA HÆFILEIKA SEM RITHÖFUNDUR, OG EFLAUST HEFÐI VERIÐ AFAR FORVITNILEGT AÐ SJÁ ÞRIÐJU BÓKINA, SEM HEFÐI KANNSKI ORÐIÐ JAFN ÓLÍK HINUM TVEIMUR OG ÞÆR ERU ÓLÍKAR HVOR ANNARRI.**

eftir hátt í áratug og allmörg afsvör útgefenda, kemur bókin loks út og slær í gegn og Toole hlýtur Pulitzerverðlaunin þótt hann sé kominn í gröfina.

Mönnum þótti sem hann hefði öðrum betur náð að fanga kaótískan anda New Orleans þar sem ansi mörgu ægir saman, auk þess að skapa svo spaugilega aðalpersónu, Ignatíus J. Reilly, að hvað eftir annað í meira en þrjátíu ár hefur verið í bígerð að gera eftir sögunni kvikmynd, en einhverra hluta vegna lukkast það aldrei. Mögulega eru þar að verki svipuð álög og virðast hafa hvílt á sögunni á sjöunda og áttunda áratugnum.“

## Litfögur neonljós

Neonbiblían beið þó enn lengur útgefin en Aulabandalagið eftir að hafa farið í gegnum ýmsar hremmingar. „Rétt er það, hún kom út 1989 og er engu síður en Aulabandalagið til marks um það hvílíkt undrabarn bókmenntanna Toole var, alveg frá ungum aldri, því hann er ekki nema sextán ára þegar hann skrifar hana.

Í þessari sögu lýsir hann á mjög blátt áfram og látlausan en afar sannfærandi hátt litlum heimi sem var gerólíkur hans eigin umhverfi í New Orleans og hafði hann þó ekki haft mikil kynni af litlum bæjarfélögum þar sem þröngsýni, trúarofstæki og harðneskjuleg stéttaskipting setur mark sitt á mannlífið; hann ólst upp við allt annars konar aðstæður í borginni. Höfuðpersónan og sögumaðurinn er drengurinn og síðar unglingurinn David og það er með augum hans sem við fáum sýn á lífið í þessum verksmiðjubæ. Þar saumar kreppan að fólki á borð við foreldra hans, svo fjölskyldan verður að flytja út fyrir bæinn og inn í hús sem er hálfvegis að hruni komið, en þarna bætir líka „blessuð“ heimsstyrjöldin dálítið úr skák í efnalegu tilliti eins og víðar, þótt auðvitað hafi það verið smámunir einir miðað við það sem til dæmis Íslendingar kynntust á stríðsárunum.

Yfir mannlífinu er þó alltaf vomandi ofurvald óskráðs regluverks og þótt upp dúkki sjarmerandi vakningarpredikari og flestir í héraðinu freistist til að mæta á samkomu og vitna jafnvel, þá fer brátt allt í sama farið – enda er það presturinn sem „á“ sóknarbörnin og stjórnar hinu meinta andlega og sómakæra lífi þegar upp er staðið. Og það er reyndar eins konar skúlptúr eða mynd af Biblíunni, gerð úr litfögrum neonljósum, sem er eitt helsta kennileiti bæjarins þar sem hún trónir lýsandi og líkust áminningu á þaki kirkjunnar – það er sú flúrbók sem sagan heitir eftir.“


## Kórstjóri

Ertu glaðlyndur og geðþekkur söngstjóri með reynslu af kórstjórn?

Þekktur, starfandi og reynslumikill karlakór á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða söngstjóra.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til box@frett.is fyrir 1. maí nk. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.





365.is | Sími 1817
365

# NÝR LESTUR, NÝTT LÍF




**Sonur Lúsífers**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-




**Heimför**
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.899.-




**Ævinlega fyrirgefið**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-




**Undur Mývatns**
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.999.-




**Elsku Drauma mín**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.899.-




**Kafteinn Ofurbrók & árás kokhraustu klósettanna**
VILDARVERÐ: 2.399.-
Verð: 2.999.-




**Öll serían um Berlínaraspirnar**
VILDARVERÐ: 7.999.-
Verð: 9.999.-




**Garðrækt í sátt við umhverfið**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




**Sofðu ást mín**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-




**Allt fer**
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.899.-




**Dalalíf 5 - Logn að kvöldi**
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.899.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 10. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.







# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 8. APRÍL 2017

### Tónlist

**Hvað?** Chris Foster
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Þjóðlagasöngvarinn Chris Foster er með útgáfutónleika þar sem hann flytur efni af sinni nýjustu breiðskífu, Hadelin, sem er sjöunda plata þessa vinsæla tónlistarmanns og hefur þegar fengið frábæra dóma. Hadelin hefur að geyma ellefu ballöður, þar af átta sem sóttar eru í enskan þjóðlagabrunn, þrjár frumsamdar. Textarnir hverfast um sígild yrkisefni á borð við ást og dauða, manninn í náttúrunni og heiminum öllum. Á tónleikum í Mengi mun hópur tónlistarmanna koma fram með Chris Foster.

**Hvað?** Purpendicular
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Valaskjálf, Egilsstöðum
Purpendicular er eitt vinsælasta Deep Purple tribute bandið í dag. Stutt af meðlimum Deep Purple Ian Paice og Roger Glover sem hafa einnig komið fram með bandinu og hlaðið það lofi fyrir frábæra tónleika/sýningu. Hljómsveitin hélt hér gríðarlega vel heppnaða tónleika 2016 og endurtekur nú leikinn.

**Hvað?** Reykjavík Deathfest Warmup #3 - Defeated Sanity + Support
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gauknum, Tryggvagötu
Defeated Sanity kemur fram á #3 warmup giggi Reykjavík Deathfest á Gauknum í kvöld. Þeim til halds og trausts verða Misþyrming, Grave Superior og Cult of Lilith. Miðasala byrjar klukkan 20.30 stundvíslega. Aðgangseyrir 2.500. kr.

**Hvað?** Leonard Cohen: A Memorial Tribute
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Edinborgarhúsinu, Ísafirði
Leonard Cohen: A Memorial Tribute fer fram í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í kvöld.


Mikið verður að gerast í Hörpu um helgina, meðal annars mun þar hljóma djass á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Skálmöld – útgáfutónleikar
**Hvað:** Vögguvísur Yggdrasils
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háskólabíói
Skálmöld gaf út sína fjórðu breiðskífu seint á síðasta ári. Nú skal útgáfunni fagnað með veglegum tónleikum. Hefð hefur skapast fyrir því að halda sitjandi útgáfutónleika eftir hverja útgáfu Skálmaldar og engin breyting skal á því gerð nú. Vögguvísur Yggdrasils er metnaðarfullt tónverk eins og Skálmeldinga er von og vísa, myndræn saga í mörgum köflum og vel fallin til frásagnar á stóru sviði. Fyrri sögur sveitarinnar hafa þannig verið sagðar í máli og myndum, sögumenn og leikarar hafa stigið á svið, textasmíðum varpað upp á tjald og allt sett í hátíðarbúning og þá aðeins á þessum sértilgreindu útgáfutónleikum. Þetta eru þungarokkstónleikar fyrir alla aldurshópa, unga sem aldna, í svolítið aðgengilegra andrúmslofti en gengur og gerist með slíka tónlist.

**Hvað?** AK X
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Sjallanum, Akureyri
Alexander Jarl, Aron Can, Gísli Pálmi og Úlfur Úlfur verma í kolunum í gamla góða Sjallanum.

### Viðburðir

**Hvað?** Tiltekt í Friðlandinu í Vatnsmýri
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Í dag standa Hollvinir Tjarnarinnar fyrir árvissri tiltekt í friðlandinu í Vatnsmýrinni við Norræna húsið. Hittingur er við Norræna húsið kl. 11. Helstu verkefni eru ruslatínsla, hanskar og pokar verða á staðnum. Norræna húsið og Aalto bistro bjóða upp á hádegishressingu, súpu og kaffi. Sjálfboðaliðar eru vinsamlegast beðnir um að skrá sig, til að áætla fjölda.

**Hvað?** Páskaeggjaleit í Viðey
**Hvenær?** 13.30
**Hvar?** Viðey
Í dag býður Elding upp á páskaeggjaleit fyrir börn í samstarfi við Viðeyjarstofu og Borgarsögusafn Reykjavíkur. Páskaeggjaleitin er frískandi leikur í fallegri náttúru fyrir alla fjölskylduna. Leikurinn gengur út á það að finna lítil páskaegg, en einnig verða nokkrir stærri vinningar fyrir þá sem finna sérstaklega merkt egg. Ekkert þátttökugjald er í páskaeggjaleitinni en gestir greiða ferjutoll.

**Hvað?** Tinni í túninu heima
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Listasal Mosfellsbæjar
Myndlistarmaðurinn Ísak Óli Sævarsson opnar sýninguna Tinni í túninu heima á vegum Listar án landamæra þar sem hann mun sýna nokkra tugi af Tinnamyndum sem hann hefur unnið undanfarin ár. Sýningin er opin til 13. maí nk.

**Hvað?** Norsk sögustund
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Við lesum, syngjum saman og leikum okkur á norsku. Hópurinn passar best fyrir börn á aldrinum 4-9 ára, en öll börn sem skilja norsku eru velkomin. Matja Steen stjórnar.












Aron Can, Alexander Jarl, Gísli Pálmi og Úlfur Úlfur spila á griðastað djammara á Akureyri, Sjallanum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað? Hvenær? Hvar?**
**Sunnudagur**

hvar@frettabladid.is

## Tónlist

**Hvað?** Djass og Passíusálmar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hörpu
Velkomin heim kynnir Önnu Grétu Sigurðardóttur djasspíanista og tónskáld sem stundar nám við Konunglega tónlistarháskólann í Stokkhólmi. Með henni kemur fram sönghópurinn Fjárlaganefnd.

## Viðburðir

**Hvað?** Hátíðarmessa
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Neskirkju
Í tilefni 60 ára vígsluafmælis Neskirkju verður frumflutt ný messa eftir Steingrím Þórhallsson. Kór Neskirkju, Drengjakór Reykjavíkur og Barnakór Neskirkju syngja. Stjórnendur Steingrímur Þórhallsson og Jóhanna Halldórsdóttir. Sr. Skúli S. Ólafsson predikar og sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir þjónar fyrir altari með þátttöku fermingarbarna, bæði frá 1957 og 2017, fyrrverandi Neskirkjupresta, prófasts Reykjavíkurprófastsdæmis vestra og biskups Íslands. Afmæliskaffi.

**Hvað?** Keflvískt kvennakakó – fyrirgefning
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Om setrinu, Keflavík
Það verður kvennakakó sunnudaginn 9. apríl í Om setrinu í Keflavík, Hafnargötu 57. Það verður drukkið 100% hreint kakó, hugleitt, farið í tónferðalag, hjörtu opnuð fyrir enn meiri elsku og sjálfsást og tengingar dýpkaðar. Kakóið sem er drukkið kemur frá regnskógum Gvatemala. Það inniheldur meira magn magnesíums og andoxunarefna en nokkurt annað kakó í heiminum; króm, theobromine, mangan, sink, kopar, járn, C-vítamín, ómega-6 fitusýrur, tryptophan, serótónin og fleira. Miðaverð 5.700 krónur.

# Dætur Adams Sandler þola ekki myndirnar hans

Adam Sandler var gestur Ellenar í síðasta þætti hennar og sagði frá því að hann hefði ávallt lagt sig fram við að velja myndir við hæfi dætra sinna, en þær eru 10 og 8 ára.

Hann hefur því ekki viljað sýna þeim myndirnar sínar. En nokkrum sinnum hefur hann þó látið tilleiðast eftir að þær hafa grátbeðið hann um að fá að sjá þær, enda vilja þær að sjálfsögðu vita hvers vegna faðir þeirra er frægur.

„Eftir svona tuttugu mínútur sé ég að þær eru alveg dottnar út og yfirleitt biðja þær mig um að skipta og setja eitthvað annað á. Ég segi alltaf nei,“ sagði Adam Sandler og bætti við: „En ég verð alls ekki móðgaður.“

Hann sagðist þvert á móti verða ansi stoltur, „þær eru gríðarlega stilltar stelpur. Ég elska þær meira en nokkuð annað.“

